

BRÚDKAUP

Kóngurinn hvergi nærri

Brúðkaup í Las Vegas  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



birta

JÓEL OG BERGPÓRA  
Í útrás með ullina

fólk tíska hönnun  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HELGA ARNARDÓTTIR FRÉTTAKONA

Spænsk stemning í eldhúsinu

Matur Tilboð  
allt í MIÐJU BLAÐSINS



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júní 2006 – 159. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Stuðmenn hefja tónleikaferð um landið**

Hljómsveitin verður með ögn breyttu sniði en bæði Birgitta Haukdal og Stefán Karl Stefánsson verða með í för. Valgeir Guðjónsson snýr einnig aftur eftir langt hlé.

**FÓLK 54**



**1993** Birgir Guðmundsson rifjar upp hvaða þingmenn Framsóknarflokksins snerust gegn formanni sínum árið 1993 og setur í samhengi við stöðu þeirra innan flokksins í dag og möguleg áhrif.

**Í DAG 30**

**Pegar ég verð 64 ára**

Paul McCartney söng um 64 ára afmælisdaginn og á sunnudaginn rennur þessi dagur upp hjá bitlinum en mikið hefur gengið á í lífi hans að undanförunu.

**FÓLK 42**




**Kekic á förum frá Grindavík**

Einn besti leikmaður Íslandsmótsins síðustu ár, Sinisa Valdimar Kekic, er á förum frá Grindavík en hann segist ekki geta starfað með þjálfara liðsins, Sigurði Jónssyni. Grindavík er til í að selja.


**ÍÞRÓTTIR 46**

VEÐRIÐ Í DAG



**BJART AUSTAN TIL** - í dag verður yfirlétt nokkuð stíf suðvestanátt. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til en yfirlétt bjart allra austast. Hiti 7-15 stig, hlýjast eystra.

**VEÐUR 4**



GEIR H. HAARDE, NÝR FORSÆTISRÁÐHERRA, OG HALLDÓR ÁSGRÍMSSON, FRÁFARANDI FORSÆTISRÁÐHERRA Þeir félagar Geir og Halldór voru kátir í fasi þegar þeir sá fyrrnefndi tók við lykklunum að Stjórnarráðinu.

## Halldór Ásgrímsson sat sinn síðasta ríkisráðsfund og þrír nýir ráðherrar tóku við: Ríkisstjórn Geirs hefur störf

**STJÓRN MÁL** Halldór Ásgrímsson sagðist ánægður og þakklátur þegar hann ávarpaði fjölmiðla á Bessastöðum í gær eftir að hafa setið sinn síðasta ríkisráðsfund og kvatt forsætisráðherraembættið. Hann sagðist hafa haft gaman af að sjá breytingarnar á landinu á þeim tíma sem hann hefur setið á þingi og nefndi hann meðal annars menntakerfið og sjávarútvegs-málin. Halldór hættir á þingi eftir flokksþing í ágúst.

Tveir ríkisráðsfundir voru haldnir á Bessastöðum í gær, sá fyrri með fráfarandi ríkisstjórn, en á þeim seinni höfðu nýir ráðherrar tekið stóla þeirra sem viku. Magnús Stefánsson tók sæti Jóns Kristjánssonar sem félagsmálaráðherra, Jónína Bjartmarz tók við af Sigríði Önnu Þórðardóttur í umhverfisráðuneytinu, Valgerður Sverrisdóttir flutti sig yfir í utanríkisráðuneytið og Jón Sigurðsson seðlabankastjóri tók hennar sess í

viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu. Loks kvaddi Geir H. Haarde utanríkisráðuneytið og tók við af Halldóri í forsætisráðuneytinu. Hátféleg lykklaskipti áttu sér stað í hverju ráðuneyti fyrir sig. Í kjaramálum kveður við nýjan hljóð hjá ríkisstjórninni, en sátt virðist nánast í höfn í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins um meðgöngueitrunar, yfirvofandi fyrirburafæðinga og annarra sjúkdóma sem stefna móður í hættu eða barninu sem hún gengur með. Guðlaug segir að konurnar séu lagðar inn til að njóta rólegheita og hvíldar en einnig til rannsóknna og eftirlits. Slíkt næði fái þær ekki verði þeim gert að liggja fimm saman á einni stofu á sængurkvennadeildinni í sumar. Ljósmeðrafélagið hefur einnig lýst áhyggjum sínum vegna kvenna á Suðurnesjum sem munu þurfa að sækja þjónustu til Reykjavíkur vegna lokunar fæðingardeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 9. júlí til 7. ágúst. Félagið telur að lokunin á Suðurnesjum hafi í för með sér stóraukið álag á ljósmeður LSH, sem munu þurfa að sinna þeim konum sem annars myndu fæða í sinni heimabyggð.

## Íslensk útrás í matsölu: Kaupa finnska Pizza Hut

**VIÐSKIPTI** Pizza Hut á Íslandi, sem er í eigu Péturs Jónssonar og Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur, gekk í gær frá samningum um kaup á Pizza Hut-vörumerkinu í Finnlandi af fjölmiðlafyrirtækinu Rautakirja. Kaupverð fékkst ekki uppgæfið. Rautakirja rak átta veitingastaði í Finnlandi undir merkjum Pizza Hut; sjö í höfuðborginni Helsinki og einn til viðbótar í Tampere, um tvö hundruð kílómetra frá Helsinki. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir segir ætlunina að byggja ofan á það sem fyrir er fremur en að fjölga stöðum. „Þetta er ágætur rekstur og Pizza Hut-vörumerkið er mjög þekkt hér í Finnlandi. Við ætlum að leggja áherslu á að byggja upp fjölskylduvæna veitingastaði, rétt eins og við höfum gert á Íslandi.“



KISI Köttur var eftirlitslaus í íbúð án matar í nokkrar vikur.

## Vond meðferð á heimilisketti: Köttur sveltur í nokkrar vikur

**DÓMSMÁL** Maður á fertugsaldri var í gær dæmdur í Héraðsdómi Vesturlands fyrir brot á dýravæðingarlögum í febrúar á síðasta ári. Maðurinn skildi eftir kött, án nokkurs eftirlits, í íbúð sinni svo vikum skipti án þess að tryggja dýrinu fóður né aðgang að vatni. Lögreglan fann köttinn í íbúðinni og var hann þá beinhoraður og í mjög slæmu ástandi, eins og segir í lögregluskýrslunni. Manninum var gert að greiða fjórutíu þúsund krónur í sekt ella sæta fjögurra daga gæsluvarðhaldi.

# Óléttar konur sagðar í hættu vegna lokana

Ljósmeðrafélag Íslands telur að lokanir eða sameiningar fæðingardeilda geti ógnað öryggi þungaðra kvenna og vill að Landspítalinn hætti við áformin.

**HEILBRIGÐISMÁL** Meðgöngudeild og sængurkvennadeild Landspítala - Háskólasjúkrahúss voru sameinaðar 1. júní síðastliðinn og var það liður í árlegum samdrætti sjúkrahússins vegna sumarleyfa starfsfólks. Sameining deildanna átti að standa til 27. júní en aðeins tveimur dögum seinna var starfsemi þeirra aftur skilin að vegna álags á starfsfólki. Fyrirhugað er að sameina deildirnar frá 21. júlí til 24. ágúst næstkomandi en Hildur Harðardóttir, yfirlæknir sængurkvenna- og meðgöngudeilda, segir að unnið sé að því að koma í veg fyrir það. Stjórn Ljósmeðrafélags Íslands hefur lýst yfir áhyggjum vegna þessara fyrirætlana og telur að aðgerðir sem þessar geti valdið barnshafandi konum miklum óþægindum og jafnvel hættu.

Meðgöngudeild þjónar konum með vandamál á meðgöngu. Þar er rekin bæði göngudeildarþjónusta og þjónusta við konur sem þurfa innlagn vegna vandamála sem upp koma á meðgöngu. Á sængurkvennadeild eru konur sem hafa tekist á við erfiðar fæðingar eða átt



KVENNAEILD LSH Ljósmeður hafa þungar áhyggjur af því að lokanir og sameiningar fæðingardeilda hafi í för með sér mikil óþægindi og jafnvel hættu fyrir þungaðar konur.

fyrirbura. Auk þess liggja þar konur eftir keisaraskurði. Á deildinni eru tuttugu rúm og er þetta eina sængurkvennadeildin á höfuðborgarsvæðinu. Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmeðrafélagsins, segir að þessar deildir séu yfirfullar flesta daga og þá sérstaklega sængurkvenna-

**Kringlu 20-50% kast**

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM 14.-19. júní

**OPIÐ TIL 19**

Kringlan



## SPURNING DAGSINS

Guðni, verður Eiður notaður til þess að fylla upp í eyður?

„Nei, því það er aðeins einn Eiður Smári Guðjohnsen.“

Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði í knattspyrnu, gekk nýlega til liðs við Spánar- og Evrópumeistarar Barcelona frá liði sínu Chelsea. Guðni lék með Eiði Smára hjá Bolton og í landsliðinu.

Stefán Hjaltsted Ófeigsson var í gær dæmdur fyrir kynferðisbrot gagnvart stúlku:

## Tveggja og hálfis árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri, Stefán Hjaltsted Ófeigsson, var í gær dæmdur í Hæstarétti í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stúlku. Staðfestir Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

Stefán var fundinn sekur um að hafa þrögvað stúlkunni til samræðis og annarra kynferðismaka.

Stúlkun lagði fram kæru á hendur Stefáni 23. mars síðastliðinn Stefán framdi brot sitt gagnvart stúlkunni 27. nóvember 2004.

Um klukkan sex að morgni bauð Stefán tveimur stúlkum heim í íbúð sína en hann hafði hitt þær á skemmtistað í miðbænum. Hann



**HÆSTIRÉTTUR** Hæstiréttur staðfesti tveggja og hálfis árs fangelsisdóm yfir Stefáni Hjaltsted Ófeiggssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bauð þeim upp á hvítvín á meðan þau spiluðu í stofunni hjá Stefáni.

Vinkona stúlkunnar sem Stefán braut á yfirgaf heimili Stefáns skömmu eftir að þær höfðu farið heim til hans.

Eftir þetta sagðist stúlkun muna gloppótt eftir atvikum. Hún sagðist þó hafa fundið fyrir sljól-eika og grunað þá að Stefán hefði sett eitthvað út í hvítvínsglasið sem hún var að drekka úr.

Hún ætlaði þá að yfirgefa heimili Stefáns en hann greip þá í hana og kom fram vilja sínum.

Stefán neitaði staðfestlega sök í málinu en dómurinn mat það svo að það væri hafið yfir vafa að hann hefði gerst sekur um ófyrirleitið kynferðisbrot gagnvart stúlkunni. Líkamlegir áverkar stúlkunnar og trúverðugur framburður þóttu sýna að fram á sekt Stefáns.

- mh

Bandalag stríðsherra:

## Múslimar hertaka aðra borg

**SÓMALÍA, AP** Múslimar hafa hertekið Jowhar, síðustu hernaðarlega mikilvægu borgina sem var á valdi bandalags nokkurra stríðsherra sem eru styrktir af Bandaríkja-stjórn.

Múslimar og bandalagið berjast nú um völdin í landinu en forseti landsins, Abdullahi Yusuf, hefur setið hjá á meðan og er bráðabirgðastjórn hans máttlaus.

Múslimar eru nú með allan suðurhluta landsins undir sinni stjórn en stríðsherrarnir flýja í norðausturhlutann, sem hingað til hefur verið laus við stóráttök. Bandaríkja-stjórn hefur ásakað múslimana um að hýsa hryðjuverkamenn. - kóp

## Halldór Ásgrímsson fer á fjöll: Fer ekki í Seðlabankann

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson ætlar ekki að feta í fótspor fyrirrennara síns sem forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, og verða Seðlabankastjóri. Þetta gaf hann upp eftir sinn síðasta ríkisráðs-fund í gær. „Nú ætla ég í hálfan mánuð burt til fjalla, að skoða fjöll sem ég hef ekki séð áður.“

Halldór spáir öllu góðu um framtíð Framsóknarflokksins. „Hann á mikið erindi við þjóðina,“ sagði hann við viðstadda. „Það er mikið af ungu og efnilegu fólki þar. Þegar ég fer af vettvangi skapast svigrúm fyrir þetta fólk, eins og þegar ég kom inn í stjórnmálin.“ - sgi

Þjóðhátíðarveðrið í borginni:

## Köflótt rigning og hægviðri

**VEÐUR** Helga Jónsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir að höfuðborgarbúar megi búast við „týpísku íslensku“ þjóðhátíðarveðri á 17. júní.

Vindur verður tiltölulega hægur að suðvestan og búast má við rigningu á köflum. „Ætli það fari ekki einmitt að rigna þegar fólk mætir niður í bæ“, segir Helga og hlær.

Á Norður- og Austurlandi er líklegast að hátíðarhöldin haldist þurr og jafnvel sjáist til sólar, en mest verður rigningin, að sögn Helgu, á Vesturlandi. - æpe

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílaþjófnaður** Fjórir unglingar í Vestmannaeyjum stálu bíl í fyrradag og keyrðu um bæinn. Ökumaður var án ökuréttinga, en málið telst upplýst.

## SJÁVARÚTVEGUR

**Kolmunnaveiðar hafnar** Kolmunnaveiðar eru hafnar á ný eftir það hlé sem varð á veiðunum vegna sjómanna dagsins. Tilkynnt hefur verið um landanir tveggja skipa á Vopnafirði og Fáskrúðfirði og eru þau með samtals tæplega 2.000 tonna kolmunnaafa.

# Ríkisstjórnin vill hækka barnabætur

Ríkisstjórnin hefur fallist á tillögur verkalyðshreyfingarinnar um hækkan barnabóta og breyta á vaxtabótakerfinu í samræmi við fasteignamarkaðinn. Fráfarandi forsætisráðherra segir að skattleysismörkin verði hækkuð verulega.

**EFNAHAGSMÁLIN** Halldór Ásgrímsson, fráfarandi forsætisráðherra, gerði grein fyrir stöðu mála við endurskoðun kjarasamninga á sínum síðasta ríkisstjórnarfund í gærmorgun. Hann sagði að ríkisstjórnin væri tilbúin að koma að jöfnun lífskjara með öðrum hætti en ætlunin hefði verið.

„Það er sjálfsagt að taka tillit til þess sem er verið að gera og þeirrar aðferðar sem höfð er við launabreytingar,“ sagði hann eftir ríkisráðsfund á Bessastöðum og bætti við að gerðar yrðu ýmsar breytingar í skattamálunum.

„Við leggjum ekki jafnmikla áherslu á prósentulækkun að því er varðar tekjuskattinn og tókum meira tillit til persónuafsláttar. Við höfum lýst því yfir við verkalyðshreyfinguna að við föllumst á tillögur varðandi barnabætur og vaxtabætur. Við teljum að hækka eigi skattleysismörkin verulega í núverandi kerfi en óskynsamlegt sé að skipta um tekjuskattskerfi.“

Halldór kvaðst hafa vonast til þess að viðræðunum yrði lokið þegar hann léti af embætti forsætisráðherra en það hefði ekki tekist og það myndi taka allt að viku að ljúka samkomulagi. Útlitið sé þó gott.

Hvað varðar kröfu um breytingar á lífeyrismálum ráðherra og þingmanna sagði hann frumvarp liggja fyrir í forsætisráðuneytinu og fyrir forsætisnefnd Alþingis en ekki væru allir tilbúnir að fallast á þær. „Þær breytingar sem verða gerðar þurfa líka að hafa stuðning allra flokka. Það þýðir ekki fyrir



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Ríkisstjórnin er reiðubúin að hækka barnabætur, breyta vaxtabótakerfinu og hækka skattleysismörkin verulega. Halldór Ásgrímsson, fráfarandi forsætisráðherra, lýsti þessu yfir í gær.

einstaka flokka að hlaupast undan ábyrgð,“ sagði hann.

Geir Haarde forsætisráðherra sagði að eitt af sínum fyrstu verkum yrði að fá botn í viðræðurnar við aðila vinnumarkaðarins og reyna að greiða úr því og berja niður verðbólgu þannig að „viðunandi verði fyrir alla. Þó að þetta sé tímabundið ástand þá þarf að gripa í taumana.“

Vilhjálmur Egilsson, fram-

kvæmdastjóri SA, segir að fundað hafi verið með formönnum landsambanda ASÍ. Á næstunni verði gengið frá tæknilegum atriðum. „Það getur haft alvarlegar afleiðingar ef þessi atriði eru ekki í lagi. Skilningur verður að vera nákvæmlega sá sami þannig að það er rétt að eyða hugsanlegum misskilningi sem getur komið upp. Síðan er vinna í gangi varðandi vinnumarkaðsmálin.“ - ghs/gsj

## Fyrst kvenna utanríkisráðherra: Eitt karlavígi á eftir að falla

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sværissdóttir tók við utanríkisráðuneytinu í gær af Geir H. Haarde og er því fyrsta konan til að gegna embættinu.

Hún lét þau orð falla að nú væri forsætisráðuneytið eina ósigrada karlavígið. „Ég er náttúrulega stolt yfir að vera fyrsta konan sem er utanríkisráðherra og auðvitað er það ánægjulegur atburður, að mati okkar kvenna allavega. Konur eru að fikra sig áfram og það eins í pólitíkinni.“

Valgerður býst ekki við áherslubreyingum í ráðuneytinu. „Í utanríkismálum er það yfirleitt þannig að formenn beggja stjórnarflokka taka sameiginlegar ákvarðanir,“ sagði nýi utanríkisráðherrann. - sgi

## Jón Sigurðsson, nýr ráðherra: Stóriðjustefnan heldur áfram

**STJÓRNMÁL** Nýr iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, segir komu sína í ráðuneytið ekki marka stefnubreytingu í málefnum stóriðju. „Það er unnið af mikilli varúð. Það má ekki dæma stóriðjustefnuna eftir mestu og stærstu framkvæmdum Íslandssögunnar, sem standa nú yfir. Við þurfum að horfa á þetta yfir lengri tíma.“

Aðspurður um verðbólgu og aukna þenslu sagði Jón að tíma-setja þyrfti framkvæmdirnar rétt. „Það þarf að vinna í því af alefli að efla stöðugleika og lækka hitann í hagkerfinu.“ -sgj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fíkniefnamál** Tvö minniháttar fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á Akureyri í fyrradag. Hlutaðeigandi voru yfirheyrd og þeim sleppt, en upp komst um brotin við almennt eftirlit.

Mál Litháa, sem tekinn var með tvo lítra af amfetamínbase, var þingfest í gær:

## Segist vera saklaus af smygli

**DÓMSMÁL** Þrítugur litháiskur karlmaður sagðist fyrir dómi í gær saklaus af því að flytja inn rúma tvo lítra af amfetamínbase auk tæplega 700 millilítra af brennisteinsýru, til söluþreifingar hér á landi. Mál Ríkissaksóknara gegn honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Litháinn var stöðvaður við hefðbundni eftirlittollvarðáá Keflavíkurflugvelli 26. febrúar á þessu ári en hann var þá að koma til landsins frá Litháen í gegnum London. Í farangri hans fundust flöskur með sérkennilegum vökva. Vökvinn var rannsakaður og kom þá í ljós að í flöskunum var amfetamín í vökvaformi. Talið er að unnt sé að framleiða tæplega 2,4 kíló af amfetamín-súlfati, sem er algengasta neysluform efnisins hjá fíkniefnaneytendum, úr efnunum sem Litháinn flutti til landsins.



**LITHÁINN Í HÉRAÐSDÓMI** Fíkniefnamál er tengjast ferðum Litháa til landsins rata inn á borð dómstóla. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tveir Litháar hafa þegar verið dæmdir í þriggja ára fangelsi fyrir innflutning á tæplega fjórum kílóum af metaamfetamíni, sem geymt var í sérstaklega útbúnu hólfri neðan í undirvagni bifreiðar sem flutt var til landsins með skipinu Norrænu. Litháarnir voru báðir dæmdir í þriggja ára fangelsi í Héraðsdómi Austurlands.

Jakob L. Kristinsson, dósent í lyfjafræði við Háskóla Íslands,

sagði í viðtali við Fréttablaðið skömmu eftir að fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hóf rannsókn á hugsanlegri amfetamínframleiðslu, að með tiltölulega lítilli fyrirhöfn væri auðvelt að framleiða fíkniefni. Aðeins „lágmarksþekking í efnafræði, auk réttra vinnubrögða við tilraunavinnu“, ætti að vera nóg til þess að búa til söluvæn fíkniefni, ef hræfni er til staðar.

Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir engin mál hafa komið upp vegna fíkniefnainnflutnings Litháa til landsins að undanfögnu. „Við verðum að meta það sem svo að það hafi verið mikið áfall fyrir þá sem stöðu að innflutningnum á þessum efnum að hann hafi komist upp. Við höfðum ávinning af því að innflutningur á fíkniefnum með þessum hætti væri að aukast.“

magnush@frettabladid.is



# Sumarið er hér!



**350,-**

SOMMAR lukt fyrir sprittkerti  
H11 cm ýmsir litir



**190,-**

PARANT sprittkertastjappar  
4 stk. H3,5 cm



KONFEKTYR loftskraut  
galvanísierað Ø24 cm 1.490,-



ODLA bakki og þrjár blómapottar,  
galvanísierað 30x10x7 cm 290,-



SOMMAR karfa  
ýmsir litir Ø32 cm 790,-



GLASKLAR diskur Ø33xH7 cm 690,-



SMYCKA gerviblóm  
gerbera 150,-



SOMMAR blómapottur  
Ø18 cm 490,-



TINDRA ilmsprittkerti,  
ýmsir litir 390,-



**595,-**

MÄKTA kertastjappar  
Ø9 cm ýmsir litir



HUSÖN blómapottur, galvanísieraður  
Ø44 x H41 cm 2.990,-



**75,-**

SKÄMT vasi  
H21 cm ýmsir litir



AGEN baststóll 2.790,-  
AGEN stólsessa 1.490,-



Kryddbakaður lax  
með graslaukssósu, kartöflum  
og grænmeti

**490,-**

IKEA Restaurant



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 15.6.2006

## KAUP SALA

|                 |        |        |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 75,07  | 75,43  |
| Sterlingspund   | 138,67 | 139,35 |
| Evra            | 94,69  | 95,21  |
| Dönsk króna     | 12,701 | 12,775 |
| Norsk króna     | 12,062 | 12,134 |
| Sænsk króna     | 10,203 | 10,263 |
| Japanskt jen    | 0,6529 | 0,6567 |

SDR 110,76 111,42

Gengisvísitala krónunnar

131,4563

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**SVIPIR FORTÍÐAR** Vaxmyndasafn Þjóðminjasafnsins verður til sýnis í sumar en fá tækifæri hafa gefist til að líta þessa skemmtilegu safngripi augum.

MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Þjóðminjasafn Íslands:

## Vaxmynda-safnið til sýnis

**SÖFN** Vaxmyndasafn Þjóðminjasafnsins verður til sýnis í sumar en það hefur löngum verið sveipað ævintýraljóma. Margir gestir safnsins hafa því hvatt til þess að vaxmyndirnar verði settar fram til að þjóðin fái að berja þær augum.

Auk grunnsýningarinnar Þjóð verður til er í Þjóðminjasafni Íslands jafnan boðið upp á fjölbreyttar sérsýningar og á þriðju hæð safnsins getur nú að líta nokkrar forvitnilegar vaxmyndir úr safninu. Þar er til dæmis Ólafur Thors (1892-1964), einn áhrifamesti maður á Íslandi á sinni tíð.

- shá

Norrænu lýðheilsuverðlaunin:

## Bætt þekking er lykilatriði

**VERÐLAUN** Sænski lýðheilsuprófessorinn Stig Wall við Háskólann í Umeå hlaut norrænu lýðheilsuverðlaunin þetta árið.

Prófessorinn hlaut verðlaunin fyrir framlag sitt til lýðheilsu og bættis heilsufars í heimalandi sínu. Hann hefur jafnframt bent á þá samfélagslegu þætti sem áhrif hafa á heilsufar einstaklinga, hópa og þjóða og telur fræðslu almennings gegna lykilhlutverki í bættri lýðheilsu.

Sylvia Brustad, heilbrigðisráðherra Noregs, afhenti verðlaunin á ráðherrafundi í Norður-Noregi.

- æpe

Hvarf tveggja telpna heldur Belgum í helgreipum óttans á meðan málinu er ólokið:

# Barnaníðingurinn ákærður

**BELGÍA, AP** Lögreglan í Belgíu hefur ákært dæmdan barnaníðing vegna hvarfs tveggja telpna, sjö og tíu ára, en stúlkurnar hurfu á laugardag. Abdallah Ait Oud gaf sig sjálfur fram til lögreglu eftir að lýst var eftir honum í fjölmiðlum. Hann neitar allri aðild að málinu og belgíska lögreglan er vonlítill um að hann játi nokkuð á sig, nema sönnunargögn finnist.

Telpurnar, sem eru stjúpustur, voru í veislu á götu í Liege í austurhluta Belgíu, þegar þær hurfu um klukkan hálf tvö að morgni laugardags.

Oud, sem er 39 ára gamall,



**TÝNDAR SYSTUR** Stacy Lemmens, 7 ára, og Nathalie Mahy, 10 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sást í nágrenni stúlkanna skömmu áður en hvarf þeirra varð uppvíst, en hann er sagður vera unnusti þjónustustúlku á

veitingastað nokkrum í nágrenninu. Hann hefur tvisvar áður verið dæmdur fyrir nauðgun og mannrán á ungum telpum, en var leystur úr haldi í desember, því sérfræðingar sögðu hann vera „læknaðan“.

Belgar eru margir hverjir miður sín vegna fréttanna af hvarfi telpnanna og óttast að það endurspegli mál barnaníðingsins og morðingjans Marc Dutroux á tíunda áratugnum.

Tugir manna með sporhunda leita nú telpnanna ákaft, en enn vonast fólk til þess að finna þær á lífi, var haft eftir yfirmanni lögreglunnar í gær.

- smk



**HUNDABÚRÍÐ** Hér sjást hræin liggja hálfvæn á víð og dreif um búr hundanna. Eigandi hundanna segir ekkert óeðlilegt við það að fóðra hundana á þessum hræjum. Fyrirverandi yfirdýralæknir segir ekki beint hægt að kalla þetta illa meðferð á dýrum en hún sé óeðlileg.

# Fóðrar hunda sína á hauslausum hestum

Hundar í Flekkudal við Meðalfellsvatn eru fóðraðir á hesthræjum sem látin eru liggja undir berum himni dögum saman. Mjög óvenjulegt, segir dýralæknir.

**DÝRAHALD** Dýraverndunarsamtökum Íslands barst á dögnum ábending um það að hundar í Flekkudal við Meðalfellsvatn væru fóðraðir á afhöfðum hesthræjum sem væru látin liggja undir berum himni dögum saman. Samtökin komu málinu áfram til Umhverfisstofnunar, sem skoðar nú málið.

Þetta er mjög óvenjulegt,“ segir Halldór Runólfsson, fyrirverandi yfirdýralæknir. „Það er ekki beint hægt að kalla þetta illa meðferð á því leyti að hundarnir hafa greinilega nóg að éta en okkur finnst það mjög óeðlileg meðferð að fóðra hundana með þessum hætti.“

Halldór segir þetta ekki brot á neinum reglugerðum. „Þetta er

svo óvanalegt að það hefur engum manni dottið í hug að setja nokkur reglugerðarákvæði gegn þessu. Okkur finnst þetta hins vegar ekki ganga upp og það stendur til að héraðsdýralæknir Reykjavíkur ræði við eigendurna og fái þá til að hætta þessu.“

Halldór segir ólíklegt að hætta skapist af því að láta hratt kjötið liggja úti. „Auðvitað er það ókræsilegt en það er tæpast hægt að segja að það sé hundunum hættulegt. Hundar eru ýmsu vanir og þola ýmislegt. Það er frekar að það skapist af þessu vond lykt og að flugur gætu sótt í þetta. Það eðlilega væri að skera kjötið af beininum og gefa hundunum það.“

Jóhannes Björnsson, ábúandi á

jörðinni og eigandi hundanna, segir málið á misskilningi byggt. „Það sem er gert er að hrossum er slátrað og þau úrbeinuð og síðan eru hryggur og læri sett inn til hundanna og þeir látnir naga af beininum í fjóra fimm daga. Það eru margir á Íslandi sem fóðra hunda á hrossakjöti og þetta var gert hér í samráði við dýralækni á sínum tíma. Það er búið að gera þetta í mörg ár og hundunum farnast vel.“

Jóhannes segist urða hræin eftir að hundarnir gæða sér á þeim en Halldór Runólfsson segir slíka urðun mjög óæskilega. Jóhannes segist eingöngu reyna að hugsa vel um hundana sína og þetta sé liður í því.

stigur@frettabladid.is

Félagsmálaráðuneytið:

## Jafnréttislög endurskoðuð

**JAFNRÉTTISMÁL** Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd um endurskoðun efnis laga um jafna stöðu og rétt kvenna og karla. Guðrún Erlendsdóttir, fyrirverandi hæstaréttardómari, er formaður nefndarinnar. Endurskoðun laganna fer fram í tilefni þess að þrjátíu ár eru síðan fyrstu lög in um jafna stöðu og rétt kvenna og karla voru samþykkt á Alþingi.

Einnig var skipaður starfshópur sem ætlað er að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að jafna hlut kynjanna við næstu alþingiskosningar vorið 2007. Dagný Jónsdóttir alþingiskona er formaður starfshópsins.

- sdg

Stjórnarandstaða um aldraða:

## Formlegt samráð sjálfsagt

**BORGARMÁL** Stjórnarandstaða borgarstjórnar telur sjálfsagt að efna til formlegs samráðs við samtök eldri borgara í kjölfar þeirra viðræðna sem átt hefur verið við þau á undanförunum vikum. Ekki sé ástæða til að takmarka samráðið við neina ákveðna þætti enda hafi eldri borgarar lagt áherslu á að geta tekið við hvaða málum sem er sem snúast að hagsmunum þeirra. Þetta kemur fram í bókun stjórnarandstöðunnar úr borgarráði í gær.

Landssamband eldri borgara eru regnhlífarsamtök fyrir öll félög eldri borgara á Íslandi en í samtökunum eru 15 þúsund félagsmenn í 52 félögum.

- sps



**PALESTÍNSK STÚLKA** Von er á vopnahlé milli Ísraela og Palestínunanna.

NORDICPHOTOS/AFP

Minni spennan í Palestínu:

## Hamas vill vopnahlé

**PALESTÍNA, AP** Hamas-hreyfingin hefur boðist til að koma aftur á vopnahlé, nokkrum dögum eftir að því var slitið í mótmælaskyni við blóðuga sprengingu í Gaza-svæðinu sem varð átta Palestínumönnum að bana.

Ísraelsmenn tóku sáttumleituninni vinsamlega og virðist sem báðar fylkingar séu tilbúnar að lægja ófriðaröldur síðustu daga. Ísraelskir embættismenn sögðu tilboðið þó líklega vera einhvers konar „herbragð“ Hamas-hreyfingarinnar.

- kóp

# afrit.is


- ✓ Afritun á hvers konar gögnum
- ✓ Einfalt viðmót og uppsetning
- ✓ Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- ✓ Ókeypis aðgangur í 30 daga
- ✓ Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- ✓ Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- ✓ Vöktun allan sólarhringinn
- ✓ Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- ✓ Örugg dulkóðun og samskipti

**afrit**  
skýrr

afrit.is

## VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »

|               |                |                 |                 |
|---------------|----------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 20°C heiðskirt | London          | 18°C heiðskirt  |
| Árósir        | 23°C heiðskirt | Paris           | 22°C alskýjað   |
| Oslo          | 22°C skúrir    | Frankfurt       | 22°C heiðskirt  |
| Stokkhólmur   | 19°C heiðskirt | Friedrichshafen | 22°C léttskýjað |
| Gautaborg     | 20°C heiðskirt | Berlin          | 23°C hálfskýjað |

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



5-8 m/s

» sunnudagur



Hæg, breytileg átt. Hætt við vætu vestan til.

|            |                 |
|------------|-----------------|
| Alicante   | 22°C hálfskýjað |
| Mallorca   | 21°C skúrir     |
| Algarve    | 24°C hálfskýjað |
| Krit       | 24°C heiðskirt  |
| Las Palmas | 23°C heiðskirt  |

# LATI BAER

## Opið

í öllum verslunum  
á morgun 17. júní



Regn-  
vettlingar  
bleikir, bláir  
st. 2-6  
**1.299** kr

Regnjakki  
bleikur, blár  
st. 80-130  
**2.499** kr

Regnbuxur  
bleikar, bláar  
st. 80-130  
**1.999** kr

# Latabæjargallarnir komnir!

## Ný og endurbætt framleiðsla



Öklaskór  
með rennilás á hlið  
st. 21-35

**2.499** kr



Sportskór  
hvítir, bleikir, bláir  
st. 22-35

**3.499** kr



Sportskór m/ljósum  
bleikir, bláir  
st. 22-35

**3.499** kr



Stígvél m/bakpoka  
bleik, blá  
st. 21-33

**3.499** kr

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

Viltu að Íslendingar hefji hvalveiðar á ný?

|     |       |
|-----|-------|
| Já  | 45,5% |
| Nei | 54,5% |

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að gera gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar mislæg?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Flutningar Varnarliðsins frá Miðnesheiði eru í fullum gangi og verður lokið í haust:

# Áætlanir sagðar hafa staðist

**VARNARLIÐIÐ** Samdráttur í þjónustu og lokun þjónustustofnana Varnarliðsins á Miðnesheiði gengur samkvæmt áætlun, að sögn Friðþórs Eydal, upplýsingafulltrúa Varnarliðsins. Lokanir stofnana hófust í byrjun maí og hefur meðal annars háskólaútibúi, sérverslunum og miðbylgjuútvarpi verið lokað.

Skólalok voru hinn 9. júní síðastliðinn og flutningur fjölskyldna er því að hefjast fyrir alvöru. „Nú er byrjað að ganga frá búslóðum varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra. Stærsti hlutinn af þessum flutningum verður í júní og júlí,“ segir Friðþór. Í byrjun janúar voru



FRÁ MIÐNESHEIÐI Flutningar varnarliðsmanna ganga samkvæmt áætlun. Samdráttur í þjónustu verður mikill á næstunni og þar á meðal verður verslunum lokað.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

2.840 manns á Miðnesheiði en um 500 þeirra voru farin um síðustu

mánaðamót. Friðþór segir að varnarliðsmönnum fari nú hratt fækkaði og 1.000 af þeim 2.200 varnarliðsmönnum sem hér eru í dag verði horfnir af landi brott eftir mánuð.

Frá og með næstu mánaðamótum tekinn í stórum skrefum. Aðalverslun ásamt fleiri smærri verslunum verður lokað 30. júní og þá verður einnig lokað fyrir langlínu-símtöl í einkasíma. Fimmtán dögum seinna verður leikskóla, ferðaskrifstofu og tómsundaheimili lokað auk þess að lokað verður fyrir útsendingar FM-útvarps.

- shá

Bandaríkjamenn í Írak:

## Á þriðja þúsund fallnir

**WASHINGTON, AP** 2.500 Bandaríkjamenn hafa nú látið lífið í Írak. Umræður í Bandaríkjunum um stríðið í Írak hafa þótt á jákvæðari nótunum síðustu daga, en víst er að andstæðingar stríðsrekstursins eiga eftir að vekja mikla athygli í fjölmiðlum á nýrri tölu látinna.

Einnig þykir þetta „óheppilegt“ fyrir George W. Bush, en hann heimsótti Írak nýverið og hefur í kjölfarið talað um batnandi ástand þar eystra. Að minnsta kosti 30.000 almennir Íraskir borgarar hafa látist í stríðinu og um 4.800 Íraskir her- og lögreglumenn.

Enn eru 127.000 bandarískir hermenn í Írak.

- kóp

Ný könnun Alþjóðahúss:

## Mikil jákvæðni í garð hússins

**INNFLYTJENDUR** Í nýrri könnun sem Alþjóðahúsið lét vinna fyrir sig kemur fram að tæplega 88 prósent aðspurðra eru jákvæð í garð hússins. Þá telja riflega níutíu prósent aðspurðra að mikil þörf sé á upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, segir niðurstöðurnar viðurkenningu og hvatning til áframhaldandi starfs.

- æþe

### BANDARÍKIN

**Sláttuvélin ekki til** Kvíðdómur í Bandaríkjunum hefur dæmt fyrirtæki til að reida tvær milljónir dollara af hendi til fjölskyldu drengs sem lést í sláttuvélslysi. Fyrirtækinu var fundið til vansa að hafa ekki framleitt sláttuvél sem dræpi á sér við að fara afturábak. Engin slík sláttuvél er til í heiminum að sögn verjenda fyrirtækisins.

Hreinsunarmál borgarinnar:

## Vilja heildarendurskoðun

**HREINSUNARMÁL** Stjórnarandstöðuflokkarnir í Reykjavík vilja heildarendurskoðun á hreinsunar- og fegrunarmálum borgarinnar svo að hægt sé að tryggja jafna hreinsun á borginni allt árið um kring. Þetta kemur fram í bókun stjórnarandstöðunnar úr borgarráði í gær.

Um fjögur þúsund grunnskólakennar vinna nú hörðum höndum við að koma borginni í fallett ástand fyrir þjóðhátíðardaginn, en lenging skólaársins hefur gert það að verkum að þessi árlega hreinsun hefst of seint að mati stjórnarandstöðunnar.

Meirihlutinn í borgarstjórn hefur sagt að hans fyrsta verk verði að efna til hreinsunarátaks. Margir borgarþátttakendur hafi kvartað yfir sóðaskap fyrir kosningar.

- sps

# Lyfsalar buðu ekki upp á ódýrari lyf

Aðeins fjögur apótek buðu í verðkönnun ASÍ upp á ódýrara samheitalyf eins og reglur kveða á um. Munur á frumlyfi og samheitalyfi með sömu verkun er allt að 69 prósent. Lyfsalar standa sig ekki nógu vel segir aðstoðarlæknir.

**LYFJAVEÐ** Aðeins fjögur apótek af ellefu buðu upp á ódýrara samheitalyf bólgueyðandi verkjalyfs þegar verðlagseftirlit Alþjóðasambands Íslands gerði verðkönnun í lyfjabúðum á höfuðborgarsvæðinu í vikunni.

Í könnuninni kom fram að verðmunur á frumlyfi og samheitalyfi með sömu verkun var allt að 69 prósent. Frumlyf eru lyf sem lúta vernd einkaleyfa tiltekinn tíma eftir að þau eru þróuð og framleidd. Eftir að einkaleyfið rennur út getur hver sem er framleitt samheitalyf sem hefur sömu virkni og tiltekið frumlyf.

Þegar sjúklingur framvísar lyfseðli með frumlyfi er lyfsölum skylt, samkvæmt reglugerð um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja, að benda viðkomandi á ódýrara samheitalyf sé það til ef það munar fimm prósentum eða meira í verði.

Aðeins fjögur apótek buðu upp á ódýrara samheitalyf bólgueyðandi verkjalyfs sem var meðal þeirra lyfja sem könnunin náði til. Við eftirgrenslnan blaðamanns kom í ljós að öll apótekin höfðu þó samheitalyf bólgueyðandi verkjalyfsins til sölu hjá sér og alls staðar var verðmunur meiri en fimm prósent milli samheitalyfsins og frumlyfsins. Minnstur var verðmunurinn 27 prósent og mestur 51 prósent. Apótekin sem buðu samheitalyfið eru Árbæjarapótek, Garðsapótek, Laugarnesapótek og Lyfjaver.

Matthías Halldórsson aðstoðarlæknir segir lyfsala bera



LYFJAKAUP Allt að 68 prósentu verðmunur er á lyfseðilsskyldum lyfjum milli apóteka samkvæmt verðkönnun ASÍ.

ábyrgð á að benda á ódýrari samheitalyf en Lyfjastofnun hafi eftirlit með lyfsölum. „Landlæknisembættið gerir ráð fyrir að Lyfjastofnun gripri til sinna ráða þar sem lyfsalar virðast ekki vera að standa sig að þessu leyti.“

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segir að þetta tiltekna mál verði rætt innan stofnunarinnar. „Við höfum rætt um að það þurfi að skerpa á vinnureglum lyfsala og þetta er enn frekari vísbending um að eitthvað

þarf að gera.“ Við alvarleg eða endurtekin brot á reglugerðum getur Lyfjastofnun veitt lyfsölum áminningu. Sé ekki brugðist við henni getur stofnunin lagt til við heilbrigðisráðuneytið að viðkomandi lyfsali verði sviptur leyfi.

Í verðkönnuninni sem um ræðir voru sett dæmi af tveimur sjúklingum. Í fyrra dæminu var um migrenilyf, bólgueyðandi verkjalyf og ofnæmislyf fyrir 51 árs konu að ræða. Heildarverði á þessum þremur lyfjum var lægst í Garðsapóteki eða 6.655 krónur og hæsta verðið í Skipholts apóteki eða 10.279 krónur. Verðmunur var því 54 prósent á milli lyfjabúða.

Í seinna dæminu var um blóðþrýstingslyf og sýklalyf fyrir 76 árs elliðfeyrisþega að ræða. Lægsta heildarverð lyfjanna var í Garðsapóteki eða 2.189 krónur og hæsta verðið var í Skipholtsapóteki og Lyf og heilsu þar sem lyfin kostuðu 4.061 krónur. Verðmunur milli lyfjabúða var 86 prósent.

sdg@frettabladid.is

### Hafnarfjörður

AO

Takk fyrir okkur.

69%



15%

9%

7%

Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar í mars 2006.

Flestir Hafnarfirðingar kjósa að Atlantsóla fái að reisa mannláusa bensinstöð í nágrenni sínu. Við þökkum traustið. Nánari upplýsingar um könnunina eru á [www.atlantsolia.is](http://www.atlantsolia.is).

### BÍLL DAGSINS

## LAND ROVER RANGE ROVER

Nýskr 10.98 - Sjálfskiptur - Ekinn 142 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 1.780.000,-  
Tilboð: 1.380.000,-

50.000 kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

Skipslæknir sendi saursýni úr tveimur skipverjum til farsóttarannsóknar:

## Niðurgangsspest á skipum

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættinu hafa verið að berast fregnir af svokölluðum nóróveirusýkingum um borð í skemmtiferðaskipum í Norður-Atlantshafi á undanfögnu. Í júníbyrjun þessa árs geisaði magakveisa um borð í skemmtiferðaskipi sem kom til hafnar á Akureyri. Skipslæknirinn sendi saursýni úr tveimur sjúklingum um borð við komu til hafnar.

Rannsókn á veirufræðideild

Landspítala - háskólasjúkrahúss leiddi í ljós sýkingu af völdum nóróveiru. Skipið hélt sama dag og það kom til Bretlands þar sem heimahöfn þess er. Ensku sóttvarnastofnuninni var gert viðvart um rannsóknarniðurstöðuna. Ekki er vitað til þess að sýkingin hafi breiðst út fyrir norðan.

Nóróveirusýkingar hafa verið mikið vandamál á skemmtiferðaskipum sem meðal annars sigla til Íslands. Einnig hafa nóróveirusýk-

ingar færst talsvert í vöxt hér á landi á undanfögnu árum, einkum yfir sumarmánuðina. Ferðabjónustan hefur orðið fyrir þarðinu á þessum sýkingum því að hópsýkingar hafa tengst veitinga- og hótellækstri. Þá hafa nóróveirur valdið hópsýkingum á öldrunarheimilum og sjúkrahúsum undanfögnu árum. Algengustu einkenni eru niðurgangur, uppköst sem fylgt geta kvíðverkir, beinverkir, höfuðverkur og stundum vægur hiti.

- jss



#### Á [ils.is](http://ils.is) getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

#### Önnur þjónusta á Netinu:

- Bráðamat
- Útreikningur greiðslubyrði
- Reiknivélar
- Upplýsingar frá ráðgjafa í Netsamtali

## Beint samband á nýrri heimasíðu – ný og endurbætt heimasíða Íbúðalánasjóðs

### Netsamtal

Nú er hægt að komast í beint samband við ráðgjafa Íbúðalánasjóðs með því að smella á **Netsamtal á [ils.is](http://ils.is)** alla virka daga milli kl. 8 og 17.

### Lenging og stytting lána

Á heimasíðu Íbúðalánasjóðs er hægt að sækja um að lengja eða stytta lánstímann á láninu þínu. Þú getur valið um 20 til 40 ár og allt þar á milli.

Eyðublöð er að finna á [ils.is](http://ils.is)

[www.ils.is](http://www.ils.is)

Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

  
Íbúðalánasjóður



### VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað á að veiða margar hrefnur í vísindaskyni í sumar?
- 2 Hvað heitir heimavöllur Barcelona?
- 3 Hver leikur Robert Langdon í kvikmyndinni Da Vinci lykkillinn?

SVÖR Á BLS. 54

## Sjávarútvegsráðherra vísar því á bug að hrefnuveiðar hafi lítið vísindalegt gildi: Veiðarnar skipta miklu máli

**HVALVEIÐAR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra vísar því alfarið á bug að hrefnuveiðarnar sem stundaðar hafa verið í kringum Ísland síðan árið 2003 hafi lítið vísindalegt gildi.

Dr. Hilmar Malmquist sagðist í viðtali við Fréttablaðið í gær efast um að vísindaveiðarnar hefðu mikið vísindalegt gildi. Hilmar heldur því fram að skynsamlegra væri að rannsaka betur stofnstærð hvalastofna í kringum landið en að veiða nokkur dýr á ári.

Einar segir sjónarmið Hilmars ekki hafa komið mikið á óvart en dregur í efa að ályktanir hans standist. „Það er einfaldlega rangt

að segja veiðarnar ekki hafa neitt vísindalegt gildi. Rannsóknirnar hafa leitt fram mikilvægar niðurstöður sem kunna að hafa áhrif á það hvernig fiskveiðistjórnun er háttað,“ sagði Einar.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, segir einkennilegt að gagnrýna niðurstöðu rannsókna áður en þær liggja fyrir. „Það er fullsnemma að spyrja hvað geri eigi við niðurstöður rannsókna áður en þær liggja fyrir. Rannsóknir á fæðuvistfræði hrefnu eru mikilvægar og nauðsynlegar svo varpað verði nánara ljósi á þátt hrefnu í lífkeðjunni,“ sagði Jóhann.



EINAR K. GUÐFINNSSON Vísar því á bug að vísindaveiðar á hrefnu hafi lítið vísindalegt gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sáttahugur Serba:

## Viðurkenna Svartfjallaland

**SERBÍA, AP** Ríkisstjórn Serbíu viðurkendi í gær sjálfstæði Svartfjallalands og tilkynnti að komið yrði á stjórnmalasambandi ríkjanna á milli. Svartfjallaland lýsti yfir sjálfstæði og sambandsslitum frá Serbíu hinn 3. júní eftir þjóðar- atkvæðagreiðslu.

Svartfellingar fögnuðu tilkynningunni og sagðist utanríkisráðherrann Miodrag Vlahovic vera staðráðinn í að koma á „vinsamlegum og góðum nágrannatengslum“ milli bræðrabjóðanna. Tilkynning Serba var einnig á vinsamlegum nótum, þrátt fyrir að ríkisstjórn þeirra sé andsnúin sambandsslitunum. - kóp



SKIP GRÆNFRÍÐUNGA Skipið Arctic Sunrise verður fjarni góðu gamni á St. Kitts-fundinum. NORDICPHOTOS/AFP

Grænfríðungar illa séðir:

## Mega ekki koma að landi

**ST. KITTS, AP** Ráðherra þjóðaröryggismála á karabísku eyjunni St. Kitts tilkynnti að ríkisstjórnin hefði ákveðið að banna skipi Grænfríðunga að koma að landi. Hann neitaði að tjá sig um tilefni hafnbannsins en ákvörðunin var líklega tekin í tilefni fundar Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem nú stendur yfir á eyjunni.

Grænfríðungar segjast gera ráð fyrir því að ríkisstjórn Japans hafi sannfært yfirvöld á eyjunni um að banna nærveru Grænfríðunga og harma að fá ekki að gagnrýna hvalveiðar þar. - kóp

### ÞÝSKALAND

**Vélmenni keppa** Í Þýskalandi eru tvær heimsmeistarakeppnir þessa dagana. Í Robocup-keppninni taka vélar gæddar gervigreind þátt. Markmið keppenda mun vera að skapa fótballalið véla til að sigra á HM í fótballa árið 2050.

## Stjórnarskrárdeilu slegið á frest

Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna 25, sem sitja nú á rökstólum á hálfárslegum fundi sínum í Brussel, ætla að gefa sér minnst eitt ár til viðbótar til að íhuga hvað gera skuli við stjórnarskrársáttmálann strandaða. Borgaranánd og stækkunarstefna ESB eru þess í stað meðal helstu áherslumála leiðtogafundarins.

**BRUSSEL** Á tveggja daga leiðtogafundi Evrópusambandsins, sem hófst í Brussel í gær, liggur fyrir að ákveðið verði að framlengja um eitt ár til viðbótar „íhugunarhlé“ það sem leiðtogarnir gáfu sér fyrir ári til að ræða hvað gera skyldi eftir að fullgilding stjórnarskrársáttmála sambandsins strandaði í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi.

Með því að slá því þannig frekar á frest að ákveða hvað gera skuli í málinu er Frökkum og Hollendingum gefið færi á að fjalla um það upp á nýtt, enda fara fram þingkosningar í báðum löndum að ári og forsetakosningar að auki í Frakklandi.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagðist í gær óttast að eitt viðbótarár „íhugunar“ kynni að verða tólf mánuðir skotgrafakarps um mál sem skipti sköpum fyrir framtíð sambandsins.

Hann hvatti ESB-leiðtogana þess í stað til að nota næstu tólf mánuði til að beita sér með virkum hætti fyrir því að finna lausn á vandanum og sýna með því borgurum að Evrópusambandið skipti þá máli og þeir skirtust ekki við að finna svör við áhyggjuefnum þeirra. Barroso hvatti „öll



WOLFGANG SCHÜSSEL, KANSLARI AUSTURRÍKIS, OG JACQUES CHIRAC, FORSETI FRAKKLANDS Þjóðarleiðtogarnir heilsast hér við upphaf leiðtogafundarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

stjórnsmálaöfl í Evrópu til að vinna saman að því að komast út úr þessari núverandi „Evrópusvartsýni“.

Wolfgang Schäussel, kanslari

Austurríkis sem nú er að ljúka ESB-formennskumissari sínu, sagði við upphaf fundarins að hann vonaðist til að niðurstaða fengist í stjórnarskrármálið „í síð-

asta lagi á síðari helmingi ársins 2008“. Hann gaf til kynna að hann vænti tillagna um málið frá Frökkum og Hollendingum á næstu mánuðum.

Þar sem samkomulagi um stjórnarskrársáttmálann verður slegið á frest munu leiðtogarnir einbeita sér að öðrum málum, ekki síst því hvernig hægt sé að efla samstarf á tilteknum sviðum óháð því hvort nýi sáttmálinn taki gildi, og málefnum tengdum frekari stækkun sambandsins. Þar er fókussinn ekki síst á hæfni ESB til að taka fleiri ríki inn í sínar raðir. Óánægja meðal kjósenda í eldri aðildarríkjunum, ekki síst Frakklandi, með afleiðingar þess að taka fátæk og tiltölulega vanþróuð ríki inn í sambandið - ótti við straum ódýrs vinnuafis frá þessum löndum er dæmigerður fyrir slíka óánægju - hefur kallað á að leiðtogar ESB sýni að þeir taki þessi áhyggjuefni borgaranna alvarlega.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði við komu sína til Brussel að hann væri ánægður með að „borgaranán“ mál á borð við gegnsæi í ákvarðanatöku og orkumál yrðu ofarlega á dagskrá leiðtoganna að þessu sinni. audunn@frettabladid.is

**Á að grilla?**  
Ekki gleyma Grill Mates!

McCormick Grill Mates: Montreal Steak, Mesquite, Montreal Chicken, Hamburger, and others.



BIÐA AF SÉR BRÆLUNA Hvalveiðimenn hafa gert klárt og biða færiss. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hrefnuveiðar ekki hafnar:

## Allir bátarnir enn í höfn

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalveiðitímabilið þetta árið hófst í fyrradag en vegna talsverðrar brælu á miðunum, hélt enginn hvalveiðibátanna út til veiða á miðin.

„Það þýðir ekkert að fara á sjó í svona veðri,“ segir Gunnlaugur Konráðsson, hrefnuveiðimaður á hvalveiðibátnum Trausta sem gerður er út frá Reykjavík. „Við verðum bara að biða af okkur þessa brælu.“ Veðurhorfur fyrir næstu daga gefa ekki ástæðu til bjartsýni á að veiðarnar geti hafist í bráð, en Gunnlaugur segir að veður verði að vera gott svo unnt sé að stunda veiðarnar. „Við þurfum að fara djúpt út og þá verður að vera gott veður svo að veiðin geti gengið, í gamla daga snerist þetta um að nýta þennan eina logndag sem var í hverri viku,“ segir Gunnlaugur.

Í ár hefur verið gefið út leyfi til veiða á um fimmtíu dýrum og býst Sverrir Daníel Halldórsson, lífræðingur við hvaladeild Hafrannsóknastofnunar, við því að kvótinn verði tæmdur í lok júlí. - æpe





# VIÐ SELJUM ÞÉR EKKI NOTAÐAN BÍL EF HANN STENST EKKI KRÖFUR OKKAR!

## BNB sölugreining

Flest treystum við á leiðsögn annarra þegar kemur að kaupum á notuðum bíl. Við hjá Betri notuðum bílum boðum því nýja siði til að gera bílakaupin öruggari og einfaldari: BNB sölugreiningu.

Fagmenn okkar framkvæma ítarlega greiningu á öllum bílum sem koma til greina í sölu. Þeir þurfa að ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur m.a. mið af aldri, akstri og viðhalds sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

### ■ Úrvalsbíll

Er í verksmiðjuábyrgð. **12 mánaða viðbótarábyrgð\***:


- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánnum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

### ■ Gæðabíll

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. **3 mánaða viðbótarábyrgð\***:

- Vélbúnaðar
- Hamlakerfis
- Rafbúnaðar
- Fjöðrunarbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur. Þú mátt treysta því.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

\*Ábyrgðarskilmála má nálgast hjá BNB Nýbýlavegi og umboðsmönnum Toyota



**FJÖR Í RÚSSLANDI** Þau skemmtu sér vel, ungmennin í Pétursborg í Rússlandi, í sumarhitunum sem þar ríktu í þessari viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samfylkingin keypti 36 heilsíður í dagblöðum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar:

## Frjálslyndir auglýstu oftast

**KOSNINGAR** Frjálslyndi flokkurinn birti flestar dagblaðauglýsingar fyrir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar, eða 124, en næst á eftir kemur Sjálfstæðisflokkurinn með 113 auglýsingar. Aðrir flokkar eru með mun færri auglýsingar; á milli fimmtíu og sextíu.

Samfylkingin var hins vegar með stærstu auglýsingarnar sem birtust í dagblöðum sé miðað við stærð og fjölda dálksentimetra, eða sem samsvarar tæpum 36 heilsíðum. Sjálfstæðisflokkur og Frjálslyndi flokkurinn koma svo fast á eftir með rúmar 34 heilsíður hvor flokkur. Þetta kemur fram í skýrslu Fjölmíðlavaktarinnar en

hún mældi auglýsingar og umfjöllun fyrir kosningarnar í vor.

Samfylkingin birti flestar sínar auglýsingar í Fréttablaðinu, fimmtíu talsins, en aðeins níu í Morgunblaðinu. Sjálfstæðisflokkurinn birti aftur á móti 76 auglýsingar í Morgunblaðinu og þrjátíu í Fréttablaðinu.

Fyrir utan Reykjavík birtu framboð í Kópavogi flestar dagblaðauglýsingar, eða 56, og þar af voru flestar frá Sjálfstæðisflokknum.

- spg

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn auglýsti mest í Morgunblaðinu en Samfylkingin í Fréttablaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



Finnar enn í sigurvímu:

## Rokka upp Evrópulagið

**BRUSSEL, AP** Finniskir embættismenn mættu með bunka af dreifimiðum á leiðtogafund Evrópusambandsins og réttu hverjum sem vildi.

Á dreifimiðana var prentuð auglýsing fyrir væntanlega tónleika finnsku hljómsveitarinnar Apocalyptica, en þeir verða hinn 1. júlí, sama dag og Finnland tekur við formennsku Evrópusambandsins.

Til stendur að að rokka upp „evrópska þjóðsönginn“, Óðinn til gleðinnar eftir Beethoven, og flytja hann í þungarokksútgáfu á tónleikum í Brussel. Bíða margir spenntir eftir viðburðinum.

- kóp



**CHARLES TAYLOR** Fyrirverandi forseti Líberíu.

NORDICPHOTOS/AFP

Breska ríkisstjórnin:

## Lofar að fangelsa Taylor

**BRETLAND, AP** Breska ríkisstjórnin sagði í gær að hún væri tilbúin til að útvega fyrirverandi forseta Líberíu, Charles Taylor, vist í fangelsum Bretlands verði hann fundinn sekur um stríðsglæpi.

Réttarhöldin hafa ekki enn hafist, því hingað til hefur ekkert land verið tilbúið að fangelsa Taylor, verði hann sakfelldur.

Taylor var handtekinn á flótta í Nígeríu í mars og fluttur til Sierra Leóne, þar sem stríðsglæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna starfar. Réttáð verður nú yfir honum í Hollandi, því vera hans í Afríku er talin ógna viðkvæmu pólitísku ástandi álfunnar.

- smk

## ÚTVISTUNARSTEFNA

**Ríkisstjórnin** Samkvæmt tillögu Fjármálaráðherra hefur Ríkisstjórnin samþykkt stefnu um kaup ríkisins og stofnana þess, á þjónustu og útvistun á ýmsum rekstrarþáttum sem ríkið hefur með höndum.

# Flóttamenn vegna bágrar stöðu sjónskertra á Íslandi

Móðir flúði land til Svíþjóðar vegna bágrar stöðu í skólamálu sjónskertra á Íslandi. Hún segir ótrúlegan mun á stöðu sjónskertra hér og í Svíþjóð og að Íslendinga vanti helst af öllu þekkingarmiðstöð.

**SKÓLAMÁL** Rut Sverrisdóttir býr í Svíþjóð ásamt tveimur börnum sínum, Sverri sem er eins og hálfárs og Helgu sem verður sex ára í ágúst og er mikið sjónskert. Þau fluttust til Svíþjóðar fyrir tveimur árum vegna þess að Rut gat ekki hugsað sér að láta sjónskerta dóttur sína ganga í skóla á Íslandi.

Rut er sjálf mikið sjónskert og var í skóla á Íslandi. Hún segir sláandi hversu mikill munur sé á aðhaldi blindra barna á Íslandi og í Svíþjóð. „Ég sá fram á það að þetta yrði bæði mikil vinna fyrir mig og stelpuna. Þess vegna fluttum við út. Ég man það að þegar ég var í skóla sjálf á Íslandi þurfti mamma að hafa fyrir öllu. Kerfið heima hefur bara farið versnandi síðan ég var í skóla.“

Helga byrjar í skóla í haust og Rut segir hana hafa fengið ótrúlegan stuðning í aðdraganda skólagöngunnar. Hún hafi fengið að fara í heimsókn í skólann til að læra á umhverfið, henni hafi verið kennt að ganga í skólann, hún hafi farið og borðað með tilvonandi bekkjarfélögum sínum sem hafa verið

hálfu ári lengur en hún í skóla til að læra á matsalinn og fengið þjálfun í íþróttasalnum. Helga þurfi ekki að lesa blindraletur en notist þess í stað við lessjónvarpskjá. Henni hafi verið útvegaður einn slíkur fyrir heimilið og annar fyrir leikskólann, sem svo muni fylgja henni upp í skólann. Þá fái hún spilara fyrir hljóðbækur þegar að flóknari textum kemur, auk þess sem stuðningsfulltrúi hennar úr leikskólanum fylgir henni upp í grunnskólann.

„Þegar hún byrjar í skólanum þá á hún að þekkja umhverfið eins og öll önnur börn,“ segir Rut. „Sveitarfélagið er með mann í vinnu hjá sér sem sér um að allt sé til staðar sem hún þarf.“ Allt er þetta greitt af sjónstöðinni þarlendis.

Rut segir að þar til þekkingarmiðstöð verði komið á fót á Íslandi muni hún og börnin búa í Svíþjóð. „Við erum eins og flóttamenn. Við komumst ekki heim vegna þess hvað málefni fatlaðra eru aftarlega á merinni. Ef ég flyt heim missir Helga möguleika á námi og það vil ég ekki bjóða mínu barni.“



**Á FLÓTTA FRÁ ÍSLANDI** Rut með börnum sínum, Helgu og Sverri. Rut segir að Helga hafi fengið ótrúlegan stuðning í Svíþjóð í aðdraganda skólagöngunnar, meðal annars hafi henni verið kennt að ganga í skólann.

Rut segir að vinkona Helgu, sem býr á Íslandi og er einnig sjónskert, sé á leið í skóla í haust og ekkert hafi verið gert í hennar málu.

Rut vonar að bætt verði úr

málu á Íslandi. „Skólinn reynir að gera sitt besta en hefur ekki það sem til þarf. Það vantar þekkingarmiðstöð til að hægt sé að leita eitthvert með fyrirsurnir.“

stigur@frettabladid.is

## Hluthafafundur Dagsbrúnar hf.

Dagsbrún hf. boðar hér með til hluthafafundar sem haldinn verður föstudaginn 23. júní 2006 kl. 16:00 á skrifstofu félagsins, Síðumúla 28 í Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:

1. Tillaga stjórnar um skiptingu félagsins
2. Önnur mál.

Stjórn Dagsbrúnar hf. leggur fyrir fundinn eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Dagsbrúnar hf. leggur til að fyrirhuguð skipting Dagsbrúnar hf. í tvo hluta og samruni annars þeirra við Og fjarskipti ehf. í samræmi við fyrirbyggjandi skiptingar- og samrunagögn frá 25. apríl 2006 verði samþykkt“.

Dagskrá og fundargögn verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, Síðumúla 28, Reykjavík, viku fyrir fundinn.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað.

Stjórn Dagsbrúnar hf.



**LÖGREGLUMENN Á VAKT** Landssamband lögreglumanna hefur bent á of vægar refsingar í ofbeldismálu gegn lögreglumönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ofbeldi gegn lögreglu ekki litið alvarlegum augum:

## Fá sjaldan þyngri dóm en skilorð

**LÖGREGLUMÁL** Þeir sem ráðast á lögreglumenn eru sjaldan dæmdir til þyngri refsingar en skilorðsbundinnar fangelsisvistar. Það er að segja ef málið fer yfirleitt fyrir dóm, en að sögn talsmanns Landssambands lögreglumanna eru 90-95 prósent þessara mála felld niður áður en þau fara fyrir dóm.

Í vor var dæmt í máli manns sem beit lögreglumann í handarbakið þannig að honum blæddi, en maðurinn var smitaður af lifrabólgu C. Hann laug því líka til að hann væri HIV-smitaður. Lögreglumadurinn slapp við smit en þurfti að bíða í tíu mánuði eftir niðurstöðum læknarannsóknna. Ákærði var dæmdur í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Einnig var nýlega dæmt í máli þar sem drukkinn ökumaður ók bifreið sinni á lögreglumann sem stóð þar hjá, með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hné. Maðurinn keyrði því næst inn í bílageymslu þannig að lögreglumadurinn dróst inn með bílnum. Maðurinn kýldi hann loks í magann þegar lögreglumadurinn reyndi að handjarna hann. Ákærði var dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Landssamband lögreglumanna hefur sent dómsmálaráðherra greinargerð þar sem meðal annars er bent á að of vægar refsingar viðgangist vegna hótana eða ofbeldis gagnvart lögreglumönnum.

- sps

# Staðreyndirnar tala

## Byggingavörur á sanngjörnu verði

KÆRI NEYTANDI  
Fjárfestu sjálf(ur) fyrir  
mismuninn

| Byggingavörur   | MÚRBÚÐIN<br>Verð kr.                          | BYKO<br>Verð kr.                          | Mismunur<br>á hæsta og<br>lágsta verði |
|---|---|---|--|
| Útimálning 10 lítrar                                  | 3.990,-<br><small>Dekapro</small>             | *4.990,-<br><small>Byko</small>           | 25%                                    |
| Innimálning, glans 10% 10 lítrar                      | 3.515,-<br><small>Dekacryl</small>            | *4.990,-<br><small>Sadolin</small>        | 42%                                    |
| Loftamálning 10 lítrar                                | 2.630,-<br><small>Dekapro</small>             | 5.838,-<br><small>Sadolin</small>         | 122%                                   |
| Akryl þakmálning, rauð 10 lítrar                      | 5.260,-<br><small>Scala</small>               | 10.648,-<br><small>Pol</small>            | 102%                                   |
| Olíugrunnur 4 lítrar                                  | 1.957,-<br><small>Deka 5 lítrar</small>       | 5.717,-<br><small>Grunnal</small>         | 192%                                   |
| Silan vatnsvari 5 lítrar                              | 2.790,-<br><small>Deka</small>                | 6.546,-<br><small>Málning</small>         | 134%                                   |
| Terpentína 1 líter                                    | 189,-<br><small>Deka</small>                  | 327,-<br><small>Málning</small>           | 73%                                    |
| Litaspray 400 ml                                      | 295,-<br><small>Technospray</small>           | 573,-<br><small>Sadolin</small>           | 94%                                    |
| Samskeytaspartl 17 lítrar                             | 1.390,-<br><small>Knauf</small>               | *3.110,-<br><small>Sheetrock</small>      | 124%                                   |
| Undri penslasápa 1 líter                              | 591,-<br><small>Undri</small>                 | 690,-<br><small>Undri</small>             | 17%                                    |
| Rúllugerðin, rúlla no 2                               | 690,-<br><small>Rúllugerðin</small>           | 962,-<br><small>Rúllugerðin</small>       | 39%                                    |
| Medium spartl 10 lítrar                               | 2.026,-<br><small>Dalapro</small>             | 3.598,-<br><small>Nordsjö</small>         | 77%                                    |
| Vatnsþynnt epoxy málning pr. kg                       | 897,-<br><small>Deka</small>                  | *1.165,-<br><small>Sika</small>           | 30%                                    |
| Pallaolía 5 lítrar græn                               | 2.690,-<br><small>Deka</small>                | 3.490,-<br><small>Kjörvari</small>        | 30%                                    |
| Fúgukitti silicone 300 ml                             | 500,-<br><small>Bostik</small>                | 1.188,-<br><small>Mira</small>            | 137%                                   |
| Maxit glersteinamúr 20 kg                             | 1.654,-<br><small>Maxit</small>               | 2.690,-<br><small>Maxit</small>           | 62%                                    |
| Flotefni 25 kg  | 1.396,-<br><small>Dekaplan</small>            | *1.818,-<br><small>Soloplan</small>       | 30%                                    |
| Light Flex flísalím grátt C2 TE                       | 2.385,-<br><small>Ardal/Bostik 18 kg.</small> | 3.390,-<br><small>Schomburg 15kg.</small> | 42%                                    |
| Waterplug 5 kg  | 1.668,-<br><small>Deka</small>                | 2.718,-<br><small>BM Vallá</small>        | 63%                                    |
| Fín múrblanda 25 kg                                   | 545,-<br><small>Maxit</small>                 | 986,-<br><small>BM Vallá</small>          | 81%                                    |
| Einhell flísaög FSG 518/1 600 w                       | 5.690,-<br><small>Einhell</small>             | 6.798,-<br><small>Einhell</small>         | 19%                                    |
| Genesis flísalisti, 9mm, 250 cm grár                  | 251,-<br><small>Genesis</small>               | 431,-<br><small>Genesis</small>           | 72%                                    |
| Twine-Rope múrsnúra 1,2 mm-120 m, 100 g               | 299,-<br><small>TwineRope</small>             | 447,-<br><small>TwineRope</small>         | 49%                                    |
| Bar stálnaglar 2,7 x 35 mm 250 stk                    | 741,-<br><small>Bar</small>                   | 1.075,-<br><small>Bar</small>             | 45%                                    |
| Flísabjöl, karbit 20 sm                               | 991,-<br><small>Kaufman</small>               | 1.290,-<br><small>Maxis</small>           | 30%                                    |
| Mako hræripinni 5 kg                                  | 396,-<br><small>Mako</small>                  | 1.260,-<br><small>Mako</small>            | 218%                                   |
| Plast þúsbretti 20x36 cm                              | 603,-   | 766,-                                     | 27%                                    |
| Flísaglattari 6 mm                                    | 596,-<br><small>Kaufman</small>               | 969,-<br><small>Lux</small>               | 62%                                    |
| Flísakrossar 3 mm 200 stk                             | 274,-<br><small>Mako</small>                  | 390,-<br><small>Raimondi</small>          | 42%                                    |
| „Mustang“ Steinskífa 30 x 60 cm, kr. m <sup>2</sup>   | *2.198,-                                      | *3.100,-                                  | 41%                                    |
| Kraiburg flísaundirlag, gúmmí 3 mm, 20 m <sup>2</sup> | 9.500,-<br><small>Kraiburg</small>            | 16.700,-<br><small>Kraiburg</small>       | 76%                                    |
| Kraiburg parketundirlag, 3 mm, 20m <sup>2</sup>       | 9.800,-<br><small>Kraiburg</small>            | 16.700,-<br><small>Kraiburg</small>       | 70%                                    |
| Parketlím 1 þátta pr. kg                              | 257,-<br><small>Bostik</small>                | 445,-<br><small>Vakol</small>             | 73%                                    |
| Byggingaplast 0,15 mm, 200 m <sup>2</sup>             | 4.953,-<br><small>Deka</small>                | 7.389,-<br><small>Plastrent</small>       | 49%                                    |
| Rakavarnarplast 0,2 mm, 140 m <sup>2</sup>            | 8.316,-<br><small>Deka</small>                | 15.180,-<br><small>Polplast</small>       | 82%                                    |
| Álréttskleið 2,5 m m/glasi og höldum                  | 4.940,-<br><small>Richter</small>             | 5.696,-<br><small>Lux</small>             | 15%                                    |
| Mako framlenging /skaft no 765540                     | 469,-<br><small>Mako</small>                  | 594,-<br><small>Mako</small>              | 26%                                    |
| Demantsbolli 125mm, tvöfaldur                         | 6.990,-<br><small>Dimo</small>                | 9.990,-<br><small>Scantcut</small>        | 43%                                    |
| Torx tréskrúfur 4 x 50 mm, 200 stk                    | 344,-<br><small>Fruilsider</small>            | 438,-<br><small>Byko</small>              | 27%                                    |
| Múrboltar rafgalv. 10 x 90 mm                         | 59,-<br><small>Fruilsider</small>             | 74,-<br><small>Fischer</small>            | 25%                                    |
| Stál skurðarskífa 125 x 1,6 mm                        | 198,-<br><small>Karbosan</small>              | 298,-<br><small>Pureva</small>            | 50%                                    |
| BOSCH IXO skrúfvél                                    | 2.990,-<br><small>Bosch</small>               | 3.990,-<br><small>Bosch</small>           | 33%                                    |
| BOSCH rafhlöðuvél GSR 14,4 VE-2                       | 25.491,-<br><small>Bosch</small>              | 48.190,-<br><small>Bosch</small>          | 89%                                    |
| Teina & boltalím 2ja þátta 360 ml                     | 1.445,-<br><small>Chemfix</small>             | 2.388,-<br><small>Fischer</small>         | 65%                                    |

## Innkaupakarfan sýnir verðmuninn



**kr. 124.849,-**

í Múrbúðinni

Verð  
vernd

**kr. 210.032,-**

í BYKO

Mismunur er kr. **85.183,-** eða **68,2%**

Birt eru hilluverð frá í viku 21 í Byko og Múrbúðinni og sannreynd með vörkaupum. Ekki er tekið tillit til viðskiptakjara hjá báðum söluaðilum.

13 vörutegundir af 44 eru algerlega sama vara og er verðmismunur á þeim 71,6%. Í þrem vörutegundum til viðbótar er einnig um sömu vöru að ræða en seld undir öðrum vörumerkjum, verðmismunur á þeim er 62,3%. Innkaupakarfan inniheldur allar vörur á listanum í samanburðartöflunni. Birt eru og borin saman verð á 44 svipuðum vörutegundum í nokkrum vöruflokkum.

Notast var við reiknað eingaverð þar sem um mismunandi pakkningastærðir var að ræða.

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

Táknar lægra verð  
\* Táknar tilboðsverð

Opið mán. - fös. 8-18  
laugardaga 9-17



**MÚRBÚÐIN**

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



**MMMM, JARÐARBER** Fyrstu jarðarber þessa sumars eru komin á markað í Þýskalandi, viku síðar en flest sumur. Seinkunin virðist þó ekki hafa nein áhrif á bragðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnun á öryggisbúnaði barna í bílum sýnir að áróður hefur borið árangur:

## Sátu fyrir framan loftpúða

**UMFERÐARÖRYGGI** Umferðarstofa og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa birt niðurstöður úr árlegri könnun sinni á öryggi barna í bílum.

Niðurstöðurnar sýna að nítján börn sátu fyrir framan öryggis-púða, sem þýðir að þau hafi verið í alvarlegri lífshættu á meðan akstri stóð. Ef börn hafa ekki náð 150 sentimetra hæð mega þau ekki undir neinum kringumstæðum sitja fyrir framan virkan öryggis-púða þar sem hann skýst fram á um 300 kílómetra hraða við högg og það getur reynst börnum banvænt.

Niðurstöðurnar sýna einnig að mikið hefur áunnist undanfarin ár.

Árið 1997 voru 32 prósent barna án nokkurs öryggisbúnaðar í bílum en í ár er talan rúm þrjú prósent. Þennan árangur skýrir Einar Magnús Magnússon, upplýsinga-fulltrúi Umferðarstofu, með þeim könnunum sem hafa verið gerðar. „Við höfum reynt að láta fólk virkilega finna fyrir niðurstöðum þessara kannana,“ segir Einar og bendir á að foreldrum sé leiðbeint um hvernig best sé að haga öryggisatriðum þegar könnunin fer fram. Hann bendir einnig á að ýmiss konar áróður sem farið hefur fram og hertar reglur sem hafa verið settar hafi borið árangur.

Könnunin var gerð í apríl og tók



**EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON** Segir að svona kannanir skili gríðarlegum árangri.

til öryggisbúnaðar barna og notkunar hans í bílum foreldra og forráðamanna. Könnunin var gerð við 68 leikskóla um land allt og þátttakendur voru yfir 2.000 í ár.

- spg

Fullur skemmdarvargur:

## Keyrði á staur og braut rúður

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vesturlands dæmdi í gær tæplega tvítugan mann fyrir eignaspjöll og ölvunarakstur í septembermánuði í fyrra.

Maðurinn ók þá bifreið undir áhrifum áfengis, með þeim afleiðingum að hún hafnaði fyrst á umferðarskilti og síðar á ljósa-staur. Glæfrarfor mannsins lauk svo hjá Grunnskóla Borgarness, þar sem hann braut 21 rúðu í skólabyggingunni með felgulykli.

Hinn dæmði var sviptur öku-réttindum í þrjú ár og til greiðslu sektar upp á 270.000 krónur.

- æpe

Máli vísað frá dómi:

## Lykillinn skilinn eftir í bílnum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands vestra vísaði í fyrradag frá dómi máli konu á hendur eiganda bifreiðaverkstæðis. Konan sakaði eigandann um að bera ábyrgð á því að bíl hennar var stolið fyrir framan verkstæðið eftir að starfsmaður verkstæðisins skildi bílinn eftir þar með lykilinn í svissinum.

Eigandi verkstæðisins sagði að eiginmaður konunnar hefði sagst myndu koma um kvöldið og sækja bílinn og að í slíkum tilvikum væri eðlilegt að skilja bílinn eftir með lykilinn í honum. Þetta þótti ekki sannað og því taldist eigandinn ábyrgur.

- sh

## SRÍ LANKA

**Árás** Að minnsta kosti 61 féll þegar sprenging varð um leið og strætisvagn var ekið yfir jarðsprengju á norðurhluta Srí Lanka í gærmorgun. 45 særðust.

Gert að greiða milljónir í sektir í héraðsdómi:

## Sjö menn dæmdir fyrir skattalagabrot

**DÓMSMÁL** Þrjú dómur vegna vangaldins virðisaukaskatts og brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda féllu í Héraðsdómum Reykjavíkur og Suðurlands á miðvikudag og á mánudag. Héraðsdómur Suðurlands dæmdi mann í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu á 25 milljónum fyrir stórfellt skattalagabrot í fyrradag. Er honum gert að hafa vanrækt að telja til skatts tekjur sínar af sjálfstæðri atvinnustarfsemi sinni árin 1999 til 2002 og jafnframt að hafa ekki staðið skil á tekjuskatti árin 1998 til 2001.

Þannig kom hann sér undan 15 milljóna króna greiðslum. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi á mánudag þrjú stjórnendur matsölustaðar til að greiða sam-

anlagt 27,5 milljónir í sekt fyrir vangaldinn virðisaukaskatt og brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sá sem hæsta dóm-inn hlaut fékk 22 milljóna sekt og þriggja mánaða fangelsisdóm, skilorðsbundinn til tveggja ára.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi einnig þrjú starfsmenn ráðgjafarfyrtækis í sektir fyrir samskonar brot á mánudag. Þeim var gert að greiða samtals 10,3 milljónir í sektir og hlutu allir eins árs fangelsisdóm, skilorðsbundinn til tveggja ára.

Löggjafinn lítur skattalagabrot alvarlegum augum. Þurfa lögbrjótar að greiða margfalt þá upphæð sem þeir svíkja undan, sannast brot þeirra fyrir dómi.

- æpe / - sh



**PÓLVERJI FANGAÐUR** Hundruð þýskra og pólskra ólátabela voru handtekin í kjölfar leiks Þýskalands gegn Póllandi á miðvikudag. Þýskaland vann 1-0.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Fótboltabullur til vandræða

Þýska lögreglan stendur í ströngu þessa dagana vegna óláta í fótboltabullum. Hefur hún fengið aðstoð frá pólskum og breskum lögreglumönnum.

**ÞÝSKALAND, AP** Eftir að fyrstu stóru óeirðirnar vegna Heimsmeistarakeppninnar í fótbolta brutust út á miðvikudagskvöld er þýska lögreglan í mikilli viðbragðsstöðu. Alls voru á fimmta hundrað manns handteknir í Dortmund á miðvikudagskvöld eftir leik Þjóðverja gegn Pólverjum sem hinir fyrrnefndu unnu með einu marki gegn engu.

Í gær flyktust tugir breskra lögreglumanna til Frankfurt vegna leiks landsliðs Englendinga við Trínidad og Töbagó, þar sem um 50.000 fótboltaáhugamenn voru samankomnir til að horfa á leikinn.

Miklar óeirðir eru fylgífiskur stórra keppna í fótbolta og Bretar eru oft nefndir sökudólgar í þeim ólátum enda hefur yfir 3.300 Bretum verið bannað að ferðast til Þýskalands vegna keppninnar.

„Þýskar fótboltabullur eru eins og þær bresku. Þær drekka mikið, eru háværar og halda sínar eigin veislur,“ sagði aðstoðaryfirlög-regluþjónninn Stephen Thomas frá Manchester við komuna til Frankfurt í gær.

Frá byrjun heimsmeistarakeppninnar hinn 9. júní og þar til í gær höfðu yfir 1.500 áhugamenn um fótbolta verið handteknir vegna óláta víðs vegar um Þýska-

land og alls voru 429 manns handteknir á miðvikudag, þar af 278 Þjóðverjar og 119 Pólverjar.

Fyrir leikinn voru minnst 120 manns handteknir í Dortmund. Pólska lögreglan aðstoðaði þá þýsku við að þekkja úr og hafa hendur í hári pólskra fótboltabullna og voru um sextíu Pólverjar handteknir. Skömmu síðar komu lögreglumenn auga á þekktar fótboltabullur á vínveitingastað og reyndu að koma í veg fyrir að þær kæmust að stóru sjónvarps-tjaldi í sama hverfi. Bullurnar brugðust við með því að hrópa „við erum Þjóðverjar líka“ og kasta flöskum og stólum að lögreglunni. Óeirðalögregla kom á svæðið, náði fljótt tókum á ástandinu og handtók tugi manna. Þó tókst um 100 óeirðaseggjum að flýja af vettvangi, að sögn þýsku lögreglunnar.

Eftir leikinn fylltust götur Dortmund af fólki, þar sem Þjóðverjar fögnuðu með því að henda flöskum og stólum til og frá og skutu upp flugeldum.

Öllum nema þremur hinna handteknur var sleppt úr haldi í gær, en samkvæmt þýskum lögum má lögreglan halda fólki sem grunað er um að ætla sér að fremja afbrot föngu í allt að 48 tíma.

smk@frettabladid.is, kóp@frettabladid.is



## Iðnaðar- & bílskúrshurðir

FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í húseigninni er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða þjónustu.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 520 eða á www.mest.is.



– allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík

Bæjarflöt 4, Reykjavík

Hringhellu 2, Hafnarfirði

Hrísmýri 8, Selfossi

Leiruvogi 8, Reyðarfirði

Neyðaraðstoð misnotuð:

## Kampavín og kynskipti

**WASHINGTON, AP** Einn milljarður dollara, tæplega 76 milljarðar króna, fóru í sóun og óráðsú af því fé sem átti að fara í neyðaraðstoð vegna fellibyljanna í Bandaríkjunum á síðasta ári.

Óprúttum aðilum tókst meðal annars að svíkja út ársmiða á fót-boltaleiki, ferð til hitabeltislanda og að fá endurgreidda lögfræðireikninga sína. Einnig var keypt kampavín og hjálpartæki kynlífsins og einum auðnaðist að fá greiddan læknskostnað við kynskipti sín.

Það var rannsóknarnefnd á vegum þingsins sem komst að þessu og er þetta enn einn álitshnekkurinn fyrir FEMA-stofnunina. - kóp

Karlmaður sýknaður af ákæru um að hafa nauðgað tíu ára dóttur sinni:

## Læknir kvað brotið ólíklegt

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudag sýknaður af ákæru um að hafa nauðgað dóttur sinni fyrir tæpum tveimur árum, þá tíu ára gamalli.

Stúlkan var í heimsókn hjá föður sínum og gisti ásamt hálf-systur sinni í koju í svefnskála. Faðirinn svaf á dýnu á gólfinu. Stúlkan segist hafa vaknað um nóttina við það að faðir hennar hafi legið ofan á henni og haft við hana samfarir. Þessu harðneitaði faðirinn.

Stúlkan greindi frá atburðinum opinberlega í september í fyrra og í vitnisburði kvensjúk-

dómalæknis sem rannsakaði hana skömmu síðar kemur fram að afar ólíklegt sé að samræði hafi verið haft við stúlkuna þar sem meýjarhaft hennar hafi verið órofið.

Í dómnum er gagnrýnt að við skýrslutökur yfir stúlkunni hafi hún verið spurð leiðandi spurninga í stað þess að vera látin segja sjálfstætt frá atburðarásinni. Það hafi haft áhrif á niðurstöðuna.

Framburður mannsins var ekki talinn ótrúverðugur og er sitthvað talið rýra trúverðuleika stúlkunnar. Maðurinn var því sýknaður af ákærinni og fallið frá bótakröfu stúlkunnar. - sh



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maðurinn neitaði staðfestlega að hafa haft samfarir við dóttur sína.

Slæm astmaköst geta drepð:

## Börn láta lífið

**VÍN, AP** Þriðja hvert dauðsfall vegna astmakasta er hjá börnum með vægt form af sjúkdómnum, samkvæmt nýrri alþjóðlegri rannsókn sem kynnt var á miðvikudag.

Margir gera sér ekki grein fyrir alvarleika sjúkdómsins, en hann er talinn draga 180 þúsund manns til dauða árlega og kosta samfélagið meira en berklar og HIV til samans. Læknar segja að hvern áratug fjölgi tilfellum um helming.

Astmi er krónískur lungnasjúkdómur og eru helstu einkenni hans hósti, hæsi og öndunarerfiðleikar. Læknar segja mikilvægt að foreldrar kynni sér sjúkdóminn, því börn þeirra gætu fengið hann. - sgi



**JOSÉ LUIS RODRÍGUEZ ZAPATERO** Forseti Spánar þykir afar umburðarlyndur hvað sjálfstjórnarmálin varðar. NORDICPHOTOS/AFP

Atkvæðagreiðsla á Spáni:

## Stórt skref í aðskilnaðarátt

**BARSELÓNA, AP** Líkur eru á því að kjósendur í Katalóníuhéraði samþykki næstkomandi sunnudag áætlun um aukna sjálfstjórn héraðsins. Íhaldsmenn á Spáni leggja þetta að jöfnu við áætlun um sjálfstæði Katalóníu og upplausn Spánar. Upplausn Spánar má reyndar kalla stjórnarskrárbundna, því í stjórnarskrá landsins er kveðið á um að vald ríkisins skuli í árunna rás vera færð æ frekar heim í héraðin.

Aðskilnaðarsinnar halda því fram að áætlunin sem samþykkja á næsta sunnudag, geri ekki meira en að herða á sjálfsgöðum stjórnarskrárbundnum rétti. Sannleikurinn er þó sá að á sunnudag verður kosið um sjálfstæðari skattheimtu, dómskerfi og viðtæka aukna sjálfstjórn á fjölmörgum sviðum. - kóp

Sala Heilsuverndarstöðvar:

## Starfsfólk ósátt

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsmenn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur eru mjög ósáttir við hvernig staðið hefur verið að sölu stöðvarinnar og ætla þeir að afhenda Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra undirskriftalista í dag þar sem sölunni er mótmælt. Skilja þeir ekki hvers vegna stöðin hafi verið seld úr opinberri eign og telja fáa ef nokkra geta skýrt hið hagkvæma í uppkominni stöðu.

Listarnir voru afhentir ráðherra klukkan níu í morgun í ráðuneyti heilbrigðismála. Með sölu Heilsuverndarstöðvarinnar lýkur langri sögu heilsugæslustarfs í byggingunni. - sfs

Ungur ofbeldismaður:

## Lamdi í andlit

**DÓMSMÁL** Tæplega tvítugur maður var í gær dæmdur í Héraðsdómi Vesturlands fyrir tvær líkamsárásir í mars á þessu ári.

Þá réðst hann að tveimur mönnum, á bflastæði Íslandsbanka við Kirkjubraut á Akranesi, og veitti þeim báðum hnefahögg í andlitnið sem skildu eftir áverka.

Hann viðurkenndi brot sín og var dæmdur í þrjátíu daga skil-orðsbundið fangelsi. - æþe



## VIÐ ERUM Í ÞJÓÐHÁTÍÐARSKAPI!

Í Smáralind færðu allt sem þú þarft til að gera 17. júní að skemmtilegum degi. Verslanir Smáralindar eru **opnar til kl. 19.00 í kvöld** og því tilvalið að ljúka við innkaupin strax og njóta hátíðarinnar á morgun.

### Gleðilega þjóðhátíð!

Einungis eftirtaldar verslanir eru opnar 17. júní:

Adams: 12-18  
Hagkaup: 12-18  
Nóatún: 12-19

Pizza Hut, Energia, Friday's og Burger King eru einnig með opið. Smárabíó er opið!









**DANSAD VIÐ BYSSUR** Þessar súdönsku konur dönsuðu með vopn sín við hersýningu í tilefni heimsóknar Miu Farrow, talsmanns UNICEF, á miðvikudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stór brotajárnsaugur er rétt við bæjarmörk Reyðarfjarðar:

## Ljótur blettur á bænum

**REYÐARFJÖRDUR** Þegar ekið er inn í Reyðarfjörð má sjá stóran og mikinn ruslahaug sem samanstendur af brotajárni, gömlum dekkjum og ýmsu öðru drasli. Landið, sem er einn hektari að stærð, er í eign Fjarðabyggðar en endurvinnslufyrirtækið Hringrás leigir það af bænum. Gríðarleg sjónmengun er af haugnum og er megn óánægja meðal bæjarbúa með hvernig staðið var að leigu landsins.

Þorbergur N. Hauksson, sem er stjórnarformaður Sorpsamlags Mið-Austurlands og situr í bæjarstórn Fjarðabyggðar, segir að það hafi svo sem verið vitað að sjónmengun hlýst af leigu landsins til Hringrásar,

en ástandið sé óeðlilegt nú vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. „Við verðum öll að horfa upp á mikið umrót á meðan á þessu stendur, það er fylgifiskur framkvæmda. Einnhvers staðar verður þetta að vera.“

Samkvæmt Þorbergi á að vera búíð að hreinsa svæðið um miðjan júlí, en þegar er farið að pressa ruslið og á haugurinn að minnka töluvert á næstu dögum. Athygli vekur að nýbúið er að leigja ítalska verktakafyrirtækinu Impregilo sex hektara lóð við hlið haugsins til ársins 2008, þar sem áætlað er að geyma vinnuvélar á meðan verið er að flytja þær úr landi eftir að virkjanagerð lýkur.



**SORPHAUGURINN** Bæjarbúar eru óánægðir með að landið hafi verið leigt undir rusl.

- sps

Aukin fjárveiting ráðuneytis:

## Umferðaráttak heldur áfram

**LÖGREGLA** Átak lögreglu í umferðarmálum á landsvísi sem hófst í fyrrasumar mun halda áfram í ár með aukinni fjárveitingu. Í sumar fengust áttafju milljónir króna frá samgöngumálaráðuneytinu til að halda áfram sérstöku eftirliti á þjóðvegum með hraðakstri og ölvunarakstri. Þetta kemur ofan á öll hefðbundin löggæslustörf.

Hjálmar Björgvinsson, aðalvarðstjóri hjá Ríkislögreglustjóra, segir verkefnið byggjast á samvinnu embættisins við Vegagerðina og Umferðarstofu. Fjárveitingin var að mestu notuð í tækjakaup fyrir lögreglubíla og laun fyrir aukavaktir lögregluþjóna.

- sgj

## Kringlumýrarbraut-Miklabraut: Haft verði samráð við íbúa

**SKIPULAGSMÁL** Tillögu borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um stofnun samráðshóps um hugsanlegar framkvæmdir á gatanamótum Kringlumýrarbrautar og Miklabrautar var frestað að beiðni borgarstjóra á fundi borgarráðs í gær.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi segir að gert sé ráð fyrir að fulltrúa íbúasamtaka og hagsmunaaðila á Kringlusvæðinu verði þátttakendur í hópnum. Í tilkynningu frá Degi kemur fram að hagsmunaaðilar hafi fullan áhuga á að hafa samráð um hugsanlegar framkvæmdir við þessi gatnamót.

- hs

Samvinna Norðurlandanna:

## Bóluefni vegna heimsfaraldurs

**HEILBRIGÐISMÁL** Norrænir heilbrigðisráðherrar eru sammála um að vinna áfram að því að framleitt verði sameiginlega bóluefni vegna hugsanlegs heimsfaraldurs influensu. Þessi niðurstaða kom fram á ráðherra fundi í Noregi sem stóð dagana 11. til 13. júní.

Samþykkt var að kanna kosti og galla þess að framleiða bóluefni á vegum landanna sjálfra eða stofna ný fyrirtæki um þá framleiðslu í samstarfi við lyfjafyrirtæki. Endanlegt mat á þessum kostum er væntanlegt 1. nóvember.

- sdg

# Kostaði meira en hálfa milljón að laga skemmdir

Kostnaður vegna skemmda sem unnar voru á verslunarmiðstöðinni Grímsbæ við Bústaðaveg í fyrra nemur yfir hálfri milljón króna. Grímur Þórisson, formaður húsfélagsins, segir ástandið hafa versnað eftir að verslun 10-11 kom í húsið. Verslunin sé opin fram á kvöld og þá séu meiri líkur á sóðaskap og skemmdum.

**SKEMMDARVERK** Kristinn Guðmundsson, umsjónarmaður Fasteignafélagsins Stoða, segir kostnað vegna skemmda á verslunarmiðstöðinni Grímsbæ við Bústaðaveg hljóða upp á 572.889 krónur á síðasta ári. „Stærstur hluti kostnaðarinnar var lagfæringar vegna flísa- og rúðubrotu. Þá er kostnaður við hreinsun veggjakrots í ár kominn upp í sextíu þúsund krónur, sem er veruleg aukning frá fyrra. Veggjakrotið er háþrýstipvegið og kostar hver þvottur á milli tuttugu til þrjátíu þúsund krónur. Þá hefur verið krotað á vegg innandyra en leigjendur húsins hafa séð um að mála þann hluta þannig að kostnaður við að fá málara á staðinn hefur sparast.“ Kristinn segir tjón af völdum skemmdarverka í Grímsbæ mikið miðað við

aðrar sambærilegar byggingar í Reykjavík á vegum Stoðar.

Kristinn segir að til tals hafi komið að setja upp eftirlitsmyndavélar á staðnum en sá kostnaður sé í kringum 800 þúsund krónur.

Grímur Þórisson, formaður húsfélagsins í Grímsbæ, hefur rekið Rakarastofu Gríms í húsinu undanfarin fimmtán ár og segir umgengni í Grímsbæ hafa versnað og fleiri skemmdarverk séu unnin þar nú en áður. „Ástandið versnaði til muna eftir að 10-11 opnaði verslun í húsinu en hún er opin fram á kvöld og þá eru meiri líkur á sóðaskap og skemmdum.“ Grímur segir að reynt hafi verið að tala við krakkana en það hafi engan árangur borið, í og með vegna þess að skemmdarvargarnir séu sjaldnast þeir sömu.

„Aðkoman eftir helgarnar er oft ljót og stundum er búíð að rífa upp plöntur sem eru á göngum verslunarmiðstöðvarinnar.“

„Grímsbær var gerður upp fyrir þremur árum og á meðan framkvæmdir stóðu yfir var mikið um



**GRÍMUR ÞÓRISSON** Formaður húsfélags Grímsbæjar.



**GRÍMSBÆR** Veggir hans eru oft útkrotaðir og námu skemmdir á byggingunni yfir hálfri milljón króna á síðasta ári. Rætt hefur verið um að setja upp eftirlitsmyndavélar við húsið.

innbrot og stuld. Á þeim tíma voru gluggar einnig opnaðir, að því er virtist í þeim tilgangi að tryggja sér athvarf inn í verslunarmiðstöðina eftir lokunartíma verslana.“

Grímur vill sjá öflugara foreldraeftirlit í hverfinu og er einnig

óhress með hversu lítið eigendur Grímsbæjar hafa gert í málunum. „Það er löngu tímabært að koma upp eftirlitsmyndavélum við húsið og einnig þarf að bæta lýsingu í kringum það til muna því skemmdarverk eru oft unnin í skjóli myrkurs.“ hugrun@frettabladid.is

Guðni Ágústsson um áhrif kjötverðs á verðbólgu:

## Ríkisstjórnin skoði hvað gert verði

**LANDBÚNAÐUR** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að ríkisstjórnin sé nú að fara yfir það hvernig hún geti brugðist við til að draga úr verðbólgu í landinu. Landbúnaðarráðuneytið komi að því eins og önnur ráðuneyti en hann vill ekki tilgreina til hvaða ráða landbúnaðarráðuneytið geti gripið.

„Við erum að fara yfir þetta í ríkisstjórninni og það er allt undir í því. Landbúnaðurinn er skoðaður eins og annað og það verður farið yfir það,“ segir Guðni og bendir á að um samstarfsverkefni sé að ræða, margt annað vegi þyngra í vísitölu fjölskyldunnar en kjötverð.

Kaupmenn hafa gagnrýnt tollaútbod á kjötvörum í Fréttablaðinu og benda á að bjóðendur sendi stöðugt inn hærri bod til að tryggja sér kvóta. Guðni telur útilokað að gefa innflutninginn frjálstan. Íslendingar séu aðilar að alþjóðasamningnum hvað þetta varðar.

Ólafur Friðriksson, embættismaður í landbúnaðarráðuneytinu, bendir á að tekjur úr tollaútbodunum renni í samfélagslegan sjóð, ríkissjóð.

Skortur er á svínasiðum, efni í skinku og beikonsneiðar, í land-



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að í ríkisstjórninni sé verið að skoða hvað landbúnaðarráðuneytið geti gert til að draga úr verðbólgu.

inu og sömuleiðis á efni í hakk og hamborgara. Guðni segir ráðuneytið reyna að fara eftir þeim reglum sem settar hafi verið upp og séu öllum kaupmönnum kunnar.

- ghs

**Dánartilkynning**

*Þannuheit er ól.*

*Líkasta og erfðirþykki mun ekki fara fram í kjörþing heilur verður fagnað næstu tveimur mánuði á tengilegum áhrifum.*

*Af þessu tilefni geta verslunarmenn leyst til orf á reusirni. Þar má refta efnarlega Dead boi, sjaldgæfa hönnu og skartgrip*

*með þessum munn sem tengist Dead drafi líkasta. Meðan á vöðumni stendur verður boðið upp á líkandi tónlist góðlunungis og*

*stara Dead á Íslandi.*

*Þannuheit opnaði 16. júní 2003 og varð þegar í stað hluti af hinni grótkunni og skapandi fólku miðbæjarinnar.*

*Þúlin var í sinn innsetning, gjörningur og bestu störu þessu sem þykir samt um hinar hliðar tilversunar.*

*Dead vill af þessu tilefni þakka öllum, bæði vinnum og tilfendum, sem hafa hlíð að og gert fjörbærni að hluta lífs síns.*

*Að gefnu tilefni má geta þess að Dead er nú þegar upprísni og hefur öllast framhaldni í Nýja heiminum.*

**nomnabúð**

Laugavegur 20b - sími: 551 6811 - www.dead.is



Nítján ára maður ákærður:  
**Henti gleríláti  
framan í mann**

**DÓMSMÁL** Nítján ára gamall maður hefur verið ákærður fyrir líkamsárás á Grundarfirði í apríl. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær.

Manninum er gert að sök að hafa kastað gleríláti í andlit jafnaldra síns fyrir utan skemmtistað á Grundarfirði, með þeim afleiðingum að hann hlaut 3,5 sentimetra langan og eins sentimeters djúpan skurð á enni.

Árásin er sögð hafa verið sérstaklega hættuleg.

Kærandi krefst 400.000 króna í bætur og að ákærði verði dæmdur til refsingar. - sh

Framtíð stjórnarskrársáttmála á dagskrá leiðtogafundar ESB:

**Gefa sér lengri íhugunarfrest**

**BRUSSEL** Eins árs „íhugunarhlé“ sem leiðtogar Evrópusambandsins gáfu sér eftir að franskir og hollenskir kjósendur höfnuðu stjórnarskrársáttmálanum svenefnda í þjóðaratkvæðagreiðslum í fyrra, er nú formlega að baki. En á leiðtogafundi sem hófst í Brussel í gær munu ríkisstjórnaleiðtogar aðildarríkjanna 25 ákveða að gefa sér eins árs frest til viðbótar til að íhuga hvert framhaldið skuli verða.

Wolfgang Schässel, kanslari Austurríkis sem nú gegnir formenskunni í ESB, lét hafa eftir sér að ætlunin væri að ákveða annars vegar að freista þess að

efla samstarfið innan sambandsins á tilteknum sviðum á grundvelli gildandi sáttmála, en halda jafnframt áfram umræðu um stjórnarskrármálið.

Gegnsæi og nálægð við borgarana verða að sögn kanslarans höfð að leiðarljósi í þessari umræðu sem fram undan er.

Annað helsta umræðuefni leiðtoganna mun snerta frekari stækkun sambandsins, einkum þær áhyggjur sem margir íbúa eldri aðildarríkjanna virðast hafa af þeirri þróun.

„Með þessu vonumst við til að sýna að við erum að hlusta á hvað borgararnir eru að segja okkur og



**SCHÜSSEL OG PRODI** Wolfgang Schässel Austurríkiskanslari heilsar ítalska forsætisráðherranum Romano Prodi í Vínarborg á miðvikudag, þar sem hann kom við á leiðinni á leiðtogafundinn í Brussel.

NORDICPHOTOS/AFP

að við skirrumst ekki við að taka á þeim málum sem mest á þeim brenna,“ sagði kanslarinn. - aa

Nítján ára piltur ákærður:  
**Braut nef eftir  
rifrildi á Dalvík**

**DÓMSMÁL** Tæplega nítján ára gamall maður hefur verið ákærður fyrir líkamsárás á Dalvík í október síðastliðnum. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í fyrradag.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa kýlt mann á fertugsaldri í andlit á veitingastað á Dalvík eftir ýfingar á milli þeirra með þeim afleiðingum að maðurinn nefbrotnaði. Vinstra nefvegg mannsins færðist lítilega til hliðar en það hægra var innkýlt.

Krafist er refsingar yfir þeim ákærða. Ekki liggur enn fyrir hvenær mál hans kemur fyrir Héraðsdóm Vestfjarða. - sh



**ÍSLAND 1938** Þessi mynd Englendingins Mark Watson er dæmi um frábærar ljósmyndir sem eru til sýnis í Myndasafn Þjóðminjasafnsins.

Þjóðminjasafn Íslands:  
**Ísland í gegnum  
linsuna**

**SÝNING** Ný sýning verður opnuð í Myndasafn Þjóðminjasafnsins í dag. Sýningin ber heitið Ísland og er helguð ólífri sýn tveggja Evrópubúa á landið.

Sumarið 1938 ferðuðust Þjóðverjinn Alfred Ehrhardt og Engendingurinn Mark Watson um Ísland. Báðir komu til að sjá og upplifa náttúru landsins en tilgangur þeirra var þó ólíkur. Myndir þeirra Ehrhardts og Watsons eru vitnisburður um hvað ljósmyndin getur verið persónulegt og margrætt tjáningarform. Ísland árið 1938 lifir á ólíkan hátt í myndum þessara tveggja ljósmyndara. - shá



**SUÐURBÆJARLAUG** Árásin átti sér stað við Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði.

Fimmtán ára piltur ákærður:  
**Flaska brotin á  
andliti manns**

**DÓMSMÁL** Piltur hefur verið ákærður fyrir hættulega líkamsárás í febrúar síðastliðnum. Piltinum, sem er tæplega sextán ára, er gefið að sök að hafa slegið annan mann í andlit með glerflösku þannig að hún brotnaði.

Árásin er sögð hafa átt sér stað hjá Suðurbæjarlaug við Hringbraut í Hafnarfirði og sá sem sleginn var hlaut djúpan skurð á vinstri kinn. Í ákærinni er árásin sögð sérlega hættuleg.

Kærandi krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar. - sh

Orkumál Rússlands:

**Fljótandi  
kjarnorkuver**


**UMHVERFISMÁL** Áform eru uppi í Rússlandi um að búa til fljótandi kjarnorkuver til að þjóna afskekktum svæðum í norðurhluta Rússlands, segir á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.


Umhverfisverndarsinnar í Norge hafa gagnrýnt áformin. Þeir telja mikla hættu á því að kjarnorkuverið sökkvi. - kóp

# Tjaldaland við TBR-höllina

Troðfull flöt af  
uppsettum  
tjöldum





ÍSLENSKA AUGVÍSINGASTOFAN VÍSJAUS ÚTI 33138 06/2006



Landslið matreiðslumeistara

# HEILSTEIKT MARINERAÐ LAMBALÆRI

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

- 1 stk. lambalæri
- 100 g blandaðir þurrkaðir villisveppir
- 1 msk. rósapipar
- 1 msk. timjan
- 1 msk. fáfnisgras (esdragon)
- 1 msk. oregano
- 3-4 stk. hvítlauksgeirar
- 1 dl ólífuolía og 1 dl portvín

Malið þurrkaða villisveppi í matvinnsluvél þar til þeir eru orðnir að dufti. Setjið villisveppina í skál ásamt rósapipar, timjani, fáfnisgrasi og oregano. Afhyðið hvítlauk og pressið og bætið saman við ásamt portvíni og ólífuolíu. Setjið blönduna og lambalærið í plastpoka. Lokið pokanum og marinerið í ísskáp í um einn sólarhring.

Landsliðið mælir með því að strá salti yfir lærið 10 mín. fyrir steikingu þannig að allir hlutar lærisins fá hóflega áferð af salti. Þannig helst kjötsafinn í kjötinu og matreiðslan verður í hæsta gæðaflokki. Best er að setja læri inn í 180°C heitan ofn í 10-15 mín. og lækka svo hitann niður í 110°C og elda áfram í 60-80 mín. Látið kjötið jafna sig í 10 mín. við stofuhita fyrir skurð.



Úr fiskborði  
grillpinnar

GOTT  
Á  
GRILLIÐ



Kjöt & fisktorgið

Lambalæri  
úr kjötborði

TILBOÐ  
1.095 kr/kg  
Verð áður 1.485,-



30%  
afsláttur við  
kassa

Holta  
kjúklingapylsur

TILBOÐ  
599 kr/kg  
Merkt verð 855,-

## Lawry's og Dash marineringar

Nýjar og spennandi marineringar



Portabello  
frábært að fylla með gráðaosti og grilla

GOTT  
Á  
GRILLIÐ



Zucchini

GOTT  
Á  
GRILLIÐ



Eggaldin

GOTT  
Á  
GRILLIÐ

Gildir til 18. júní eða á meðan birgðir endast.

# Grillum saman það er gaman

## Opið

í öllum verslunum  
á morgun 17. júní

Kjöt & fisktorgið



**Hrefna R. Jóhannsdóttir**  
aðstoðar yfirmatreiðslumaður  
á Sjávarkjallaranum  
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara



### GRÍSALUNDIR MEÐ KRYDDI FRÁ MAROKKÓ

800 g grísalundur  
1 msk. malaður svartur pipar  
1 msk. malað engifer  
1 msk. turmerik  
1 tsk. malað múskat  
2 tsk. malað cumin  
olía til steikingar

Blandið saman svörtum pipar, engiferi, turmeriki, múskati og cumin. Snyrtið grísalundirnar, kryddið með kryddblöndunni og steikið á pönnu í 2 mín. á hverri hlið. Eldið síðan áfram í ofni við 170°C í 10 mín.

**TILBOÐ**  
**1.698** kr/kg  
Verð áður 2.479,-



**Kjúklingabringur**  
innfluttar frosnar

**TILBOÐ**  
**1.499** kr/pk  
Verð áður 1.899,-



**Jensen Spareribs**  
komin aftur

**GOTT VERÐ**  
**1.599** kr/stk

# Fóti FEL



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar  
í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



**25%**  
afsláttur

Chicago Town  
desertkökur



Starbucks kaffi  
20 tegundir



**Ný**  
uppskera

Íslensk jarðaber

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

## Gæti hafa gert betur

„Maður hugsar stundum um það að ef aðrir hlutir hefðu ekki farið að gleþja mann í menntaskóla væri maður kannski einn af þessum drengjum (landslíðsmönnum QPR). Þá væri maður kannski með demantslokk í eyrunum.“

ARI MATTHÍASSON.  
FRÉTTABLAÐIÐ 15. JÚNÍ.

## Ungur maður á uppleið

„Ég er stoltur af stöðu minni sem landslíðsfyrirlíði og hef alltaf verið stoltur af uppruna mínum.“

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN.  
FRÉTTABLAÐIÐ 15. JÚNÍ.

## Léleg byrjun

„Ég einhvern veginn bjóst við meiru. Þetta er dauflegra en við var að búast þegar menn eru að taka við eftir tólf ára setu í minnihluta og í raun fátt nýtt.“

DAGUR B. EGGERTSSON. FRÉTTABLAÐIÐ 15. JÚNÍ.

nær og fjær  
**tilveran**

## SJÓNARHÓLL

HVALVEIÐAR



MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR

## Má ekki raska jafnvægi

„Það verður að vera jafnvægi í öllu,“ segir Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona inni eftir skoðun sinni á hvalveiðum. „Hvalirnir éta auðvitað mjög mikið úr sjónum og þrátt fyrir að ég sé fullkomlega fylgjandi því að vernda allar dýrategundir sem eru í útrýmingarhættu verður að líta til þess að við höfum alls ekki farið offari í þessum efnunum eins og til dæmis Japanir og Bretar.“

Ég lenti í skemmtilegri uppákomu þegar ég var að sýna leikrit í Bretlandi og fólk kom strax auga á að við værum Íslendingar og voru ekki þar ánægðir með hvalveiðistefnuna okkar. Þetta er eins og með selina, þeir eru mestu skaðræðisgripir. Sumir kalla þá rottur hafsins af því að þeir éta flest sem að kjafsti kemur. Svo átti að fara að ráðast að Grænlandingum fyrir þeirra selveiðar. Á meðan þetta raskar ekki eðlilegu jafnvægi í lífríkinu má ekki fordæma þetta.“

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? SIGURÐUR AÐALSTEINSSON RITSTJÓRI

## Nánast fullbókað í hreindýraveiðar í haust

„Það er allt gott að fréttu að austan,“ segir Sigurður Aðalsteinsson, ritstjóri Austurgluggans og hreindýraskytta. Sigurður segir enn langt í slátt á Austurlandi og að nú sé rétt farið að bera á tún. „Tún eru að taka við sér mun seinna nú en í meðalári og ég geri ekki ráð fyrir að sláttur hefjist fyrr en í lok júlí.“

Sigurður er ekki vanur að skipuleggja sumarfrí og mun ekki gera það í ár heldur. „Næstu tveimur vikum mun ég eyða í greni við tófuskysteri ásamt félagamínunum Sveini Pálssyni og munum við halda til vestur á Öræfum og í Rana á Fljótsdalsheiði. Ég er á launum sem tófuskysteri hjá sveitarfélaginu en það er nauðsyn að halda refnum niðri því annars verður hann alger plága sem ræðst á

fugla, varp og jafnvel á lömb. Annars hef ég ekkert frí skipulagt og er það með vilja gert svo ég geti hvílt mig.“

Sigurður er ritstjóri vikublaðsins Austurgluggans og segir hann það mikið að gerast í fjórðungum að í raun þyrfti að stækka blaðið. „Ég stend frammi fyrir því að þurfa að velja og hafna fréttum vegna þess hve mikið er í boði í fjórðungnum. Í blaðinu reynum við að

vera með áherslu á mannlífið á svæðinu en látum dagblöðin um harðari fréttir.“

Fjárhagsstaða Austurgluggans var orðin bág en er nú að komast á réttan kjól.“

Sigurður veitir hreindýraveiðimönnum leiðsögn og er hann orðinn fullbókaður fyrir veiðitímabilið í haust. „Hreindýraskytturnu eru farnar að bóka veiðar mun fyrr en áður, um leið og leyfi eru gefin út í febrúar.“



SIGURÐUR AÐALSTEINSSON Bóndi, hreindýraveiðimaður og hlíðvörður hjá Bechtel við álverið Fjarðal.



LEIKHÚS LJÓSS OG SKUGGA Börnin fylgjast með ævintýrum persónanna í skuggaleikritinu.

## Skuggaveröld barnanna

Ég á lítinn, skritinn skugga segir í kvæðinu. Í Myndlistaskólanum í Reykjavík leika börn sér með skugga á samnefndu námskeiði.

Námskeiðið „Ég á lítinn skritinn skugga“ er fyrir 6-12 ára börn og vinna þau þar á ýmsan hátt með skugga, til dæmis með því að búa til skuggabruður, skoða eigin skugga og annarra og fara út til að skoða hvernig skuggi varpast af mismunandi hlutum. Að lokum er sett upp heilt leikhús þar sem skuggar fara með öll hlutverk.

Skólinn heldur námskeið allt árið um kring og er reynt að hafa annan brag á sumarnámskeiðunum en er á hinum hefðbundnari vetrarnámskeiðum. Má þar til dæmis nefna fjórurannsóknar-

námskeið og kvikmyndanámskeið ásamt skuggamyndunum, en allt miðar þetta að því að efla hugmyndaflug barnanna og gera þau meðvitaðri um umhverfi sitt. Ekki skemmir fyrir að börnin skemmta sér yfirleitt konunglega á þessum námskeiðum.

„Öll námskeiðin okkar eru þannig að þetta eru frekar litlir hópar, átta til tíu börn, þannig að það eru tiltölulega fáir nemendur á hvern kennara. Þannig er hægt að vinna á einstaklingsbundinn hátt með börnunum og nýta styrk hvers og eins,“ segir Ingibjörg Jóhannesdóttir, skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík. „Svo eru námskeiðin hjá okkur þannig að kennararnir eru allir starfandi myndlistamenn og hönnuðir. Þetta er fólk sem er á kafi í sínum pælingum og kemur svo að kenna hjá okkur, og það



SKUGGAMYNDANÁMSKEIÐ Mikil aðsókn er að sumarnámskeiðum Myndlistaskólans í Reykjavík.

skapast mjög góð orka í kringum það.“

Að sögn Ingibjargar komast færri að en vilja á sumarnámskeiðin, en þó eru einhver pláss eftir á námskeiði í sumar. - sfs



KRÍAN Varp kríunnar hefur verið lítið tvö ár í röð.

## Kríuna skortir æti

Krían hefur ekki enn hafið varp sunnan- og vestanlands en það er venjulega hafið á þessum tíma árs. Austanlands hefur þó eitt hvað verið um varp, að sögn Kristins Skarphéðinssonar, fuglafræðings hjá Náttúrufræðistofnun. Hann segir skýringuna vera þá að kríuna skorti æti en hún nærast einkum á sandsíli sem hún veiðir upp úr sjónum. „Það er alveg greinilegt að aðrir fuglar sem lifa á svipaðri fæðu, eins og sílamávar til dæmis, eru líka mjög seinir. Það er slæmt útlit, þó að það gæti ræst úr á næstu tveim vikum,“ segir Kristinn.

Að sögn Kristins hefur veðrið ekkert að segja um lítið varp kríunnar heldur er eingöngu um að ræða skort á sandsíli. Erfitt er að finna skýringuna á af hverju það bregst en í fyrra misförst varp af sömu sökum.

Kristinn segir að skortur á sílum geti haft áhrif á stofninn ef hann verður langvarandi og bendir meðal annars á dæmi frá Norður-Noregi þar sem lundinn hafi nánast horfið en hann lifir á sams konar sílum.

Það jákvæða í þessu er þó að þar sem krían verpir ekki þarf fólk ekki að óttast um að verða fyrir árásum hennar. - sfs

## Margir á leið til útlanda

Mjög mikil eftirspurn hefur verið undanfarið eftir utanlandsferðum, samkvæmt upplýsingum frá ferðaskrifstofum í borginni. Ferðir í sólina eru vinsælastar og segir Þorsteinn Guðjónsson hjá Úrvali Útsýn á allar vélar á vegum ferðaskrifstofunnar fyllist þessa dagana. Þorsteinn segir að meira framboð sé nú af sólarlandferðum en áður og margir vilji komast í sólina. Hann telur að lækun gengis hafi haft lítil áhrif en að mikil samkeppni ríki á milli ferðaskrifstofa og þess vegna hafi fólk fundið minna fyrir gengisbreytingum en ella.

Bjarni Ingólfsson hjá Heimsferðum segir mikið að gera, sérstaklega í þessari viku og þeirri síðustu. Hann segir ferðirnar hafa hækkað um níu prósent vegna lægra gengis en telur það ekki hafa haft áhrif á eftirspurnina. Hann segir að veðrið hér heima hafi mikil áhrif á ferðalöngun lands-



STRENDURNAR HEILLA Sólarlandferðir seljast upp þegar veðrið er leiðinlegt.

mannna, um leið og komi rigningatið fari fólk að bóka ferð í sólina.

Hjá Sumarferðum fengust þær upplýsingar að mikið hafi verið af bókunum síðustu daga og fólk greinilega býið að fá nóg af rigningu og roki. - sfs



REYKJANÆSBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • Sími: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanæsbær@reykjanæsbær.is

## SÖNGLAGAKEPPNI LJÓSALAGIÐ 2006

Leitað er að lagi og texta til að taka þátt í sönglagakeppninni **Ljósalagið**, sem haldin er í Reykjanæsbæ ár hvert. Sigurlag keppinnar verður notað sem einkennislag fyrir Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanæsbæjar, sem haldin er fyrstu helgina í september. Leitað er að góðu dægurlagi sem þarf ekki endilega að hafa skírskotun í Ljósanótt. Yfirumsjón með framkvæmd verður í höndum Geimsteins og stefnt er að útgáfu geisladisks með sigurlögnum.

## Vegleg verðlaun í boði

1. verðlaun kr. 400.000
2. verðlaun kr. 150.000
3. verðlaun kr. 100.000

Verkinu skal skilað á skrifstofu menningarfulltrúa, Tjarnargötu 12 í Reykjanæsbæ fyrir 1. júlí 2006, merkt Ljósalag. Laginu skal skilað undir dulnefni á geisladiski eða hljómsnældu og jafnframt íslenskum texta á blaði. Rétt nafn skal fylgja með í lokuðu umslagi. Nánari upplýsingar um keppnina er hægt að finna á vef Reykjanæsbæjar reykjanæsbær.is.

Menningar-, íþrótt- og tómsundasvið

... reykjanæsbær.is

# sumarstemming í nettó

full búð af tilboðum

pú sparar  
799 kr/kg



**40%**  
afsláttur við kassa

Gourmet grísakótleitur BBQ  
1.199 kr/kg

pú sparar  
774 kr/kg



**1.399**  
kr/kg

Borgarnes þurrkryddaðar kótleitur

pú sparar  
700 kr/kg



**1.099**  
kr/kg

Borgarnes Helgargrís m/pestó

15%  
verðlækkun



**599**

500 gr

Nýveiddur grillhumar

**1.198**

1 kg

Nýveiddur grillhumar



**999**  
kr/kg

Fjörðfiskur grillax  
Mediterranean og Lime & Pesto

ómissandi  
með fiskinum  
eða grillkjötinu!



Fiska

- gótt hefur góðum

Aðeins það besta er nógu gott!

fljótlegt  
& gott



**199**  
kr

Coop Hollensk grænmetisblanda

3 frábærar  
tegundir!



**499**  
kr stk.

McCain risapizzur



**199**  
kr

Kjöris íspinnar grænir, gulir og sprengi

allt í matinn á einum stað


www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími frá 16. júní til 18. júní eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

## Svona erum við

> Fjöldi Íslendinga í nokkrum trúfélögum



Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL GREINING: BELGAR ÓTTAST UM AFRDRIF TVEGGJA TELPNA OG MINNST HROÐALEGRA OFBELDISVERKA:

# Belgískir barnaníðingar

Belgar óttast nú mjög um afrdrif tveggja stjúpstra sem hurfu í Liege í Austur-Belgíu á laugardag, en í gær var 39 ára gamall dæmdur barnaníðingur, Abdallah Ait Oud, ákærður í tengslum við hvarf þeirra. Hann neitar sök. Telpnanna er nú ákaft leitað, og minnir málið Belga mjög á hvarf tveggja átta ára skólasystra, sem hurfu úr sama bæ á níunda áratugnum, auk hvarfs fjögurra unglings-túlkna. Það mál er eitt hið ógeðfældasta í sögu Belga og tengist Marc Dutroux og gengi hans.

### Hver er Marc Dutroux?

Árið 2004 var Marc Dutroux, þá 47 ára gamall atvinnulaus rafvirkur, dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir manntrán, nauðgun og morð á stúlkum. Hann var sakfelldur fyrir að vera leiðtogi hóps fólks sem rændi og nauðgaði sex stúlkum um miðjan tíunda áratuginn, og leiddu gjörðir hans til dauða fjögurra þeirra. Fyrirverandi kona Dutroux, þá 44

ára, var dæmd í þrjátíu ára fangelsi fyrir manntrán og nauðgun. Tveir aðrir menn voru dæmdir í 25 ára og fimm ára fangelsi, annar, 32 ára gamall, fyrir manntrán og eiturlyfjasölu, og hinn, 62 ára gamall, fyrir eiturlyfjasölu og fjárvik. Dutroux viðurkenni jafnframt að hafa myrt fimmta meðlim gengisins og leiddi lögreglu að líki hans, en neitaði þó fyrir dómi að hafa myrt nokkurn mann.

### Hvað gerðist?

Árið 1993 var Dutroux sleppt úr fangelsi eftir að hafa afplánað dóm vegna kynmaka við barn. Skömmu síðar fóru stúlkur að hverfa nærri heimili hans.

Hinn 13. ágúst 1996 var Dutroux handtekinn, og tveimur dögum síðar fundust tvær tólf og fjórtán



ára stúlkur lífandi í kjallara heimilis hans. Önnur hafði verið í haldi í áttatíu daga, en hinn hafði verið rænt rúmri viku fyrr. Báðum hafði verið bylruð lyf og ítrekað nauðgað.

Tveimur dögum eftir það, hinn 17. ágúst, fundust lík tveggja átta ára gamalla skólasystra grafin í garði Dutroux, en þeirra hafði verið saknað í rúmt ár. Krufning sýndi að þeim hafði verið ítrekað nauðgað áður en þær létust úr hungri.

Hinn 13. september fundust lík sautján og níján ára gamalla stúlkna í garði húss sem Dutroux átti í Charleroi. Krufning sýndi að þær höfðu verið barðar og þeim nauðgað áður en þeim voru bylruð lyf og þær grafnar lífandi. Þeirra hafði verið saknað í ár.

Málið fór fyrir dómstóla í mars 2004 og sitja Dutroux og félagar hans enn í fangelsi.

## SPURT & SVAR

### Stofnun Sæmundar Fróða

Menntamálaráðherra opnaði í vikunni nýja stofnun innan Háskóla Íslands, stofnun Sæmundar Fróða. Stofnuninni er ætlað að efla sam-



GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR STOFNUNAR SÆMUNDAR FRÓÐA

starf og fræðslu um sjálfbæra þróun, sinna þverfaglegum rannsóknum og vera vettvangur fyrir umræðu um umhverfi, samfélag og efnahag. **Hvert er hlutverk stofnunarinnar?** Það er að stuðla að rannsóknum og fræðslu um sjálfbæra þróun, bæði innan

Háskóla Íslands og í samstarfi við þá sem standa utan hans, innan lands og utan.

#### Hvað er sjálfbær þróun?

Hún fjallar í grundvallaratriðum um það að við skilum ekki jörðinni frá okkur í verra ástandi heldur en við tökum við henni, það á ekki bara við um líffræðilega hluti eins og dýr og gróður og landgæði, heldur líka samfélagið, að samfélag manna verði betra en ekki lakara og efnahagsástandið líka. Einföld leið til að átta sig á sjálfbærri þróun er að spyrja sig þeirrar spurningar: Ef ég fengi lánaða sláttuvél hjá nágranna mínum, myndi ég nokkurn tíma skila henni aftur með brotið blað og ónýta vél?

#### Hvernig standa þessi mál á Íslandi?

Ég held að það góða hér á landi sé að almenningur er upplýstur og viðsýnn og við skiljum hugtakið samþyrgð, það eru ekki öll samfélög sem búa við það. Þess vegna, þó að það sé ýmislegt sem við þurfum að laga, kvíði ég því ekki að það sé hægt að vinna þau verk vel einmitt vegna þess að bæði stjórnmöld og almenningur eru opin fyrir þessu.

Magnús Stefánsson fékk gjöf:

## Jafnréttisgleraugu frá Jóni

**JAFNRÉTTISMÁL** Jón Kristjánsson, fyrirverandi félagsmálaráðherra, afhenti Magnúsi Stefánssyni, eftirmanni sínum,



#### LITLAR GLYRNUR

Magnús var ánægður með jafnréttisgleraugun sín eins og við var að búast.

svokölluð jafnréttisgleraugu þegar Magnús tók við ráðuneytinu í gær. Jafnréttisgleraugun eru barmmerki sem hægt er að næla í lík og eiga að tákna það að félagsmálaráðuneytið sé jafnréttisráðuneyti, eins og Jón orðaði það. Magnús kvaðst ánægður með gleraugun og sagðist myndu beita sér af heilum hug í þágu jafnréttismála. - sh



**NÝ RÍKISSTJÓRN** Fyrsti ríkisráðsfundur ríkisstjórnar Geirs H. Haarde dróst á langinn, en á honum tóku þrjú nýir ráðherrar Framsóknarflokks við. Á myndinni eru frá vinstri: Sturla Böðvarsson, Magnús Stefánsson, Jón Sigurðsson, Einar K. Guðfinnsson, Árni M. Mathiesen, Geir H. Haarde, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Valgerður Sverrisdóttir, Björn Bjarnason, Guðni Ágústsson, Jónína Bjartmarz, Sív Friðleifsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

# Lyklaskipti í ráðuneytinum

Ný ríkisstjórn Geirs H. Haarde tók við störfum að loknum óvenjulöngum ríkisráðsfundi að Bessastöðum í gær. Þrjú nýir ráðherrar Framsóknar tóku sæti í stjórninni og tveir færðu sig úr einu ráðuneytinu í annað.



**IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ** Jón Sigurðsson, fyrrum Seðlabankastjóri, fékk lykla að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu afhenta frá Valgerði Sverrisdóttur. Valgerður sagðist kveðja ráðuneytið með trega en vera ánægð með að Jón væri sá sem tæki við. Jón hyggst halda stjórnjustefnu undanfarinna ára ótrútt áfram en jafnframt reyna að draga úr þenslu í þjóðfélaginu.



**UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ** Valgerður Sverrisdóttir skildi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og hélt þaðan rakleiðis í utanríkisráðuneytið þar sem hún tók við lyklum að ráðuneytinu af Geir H. Haarde, nýjum forsætisráðherra. Geir sagði tíma sinn í utanríkisráðuneytinu hafa verið viðburðaríkan og þá reyndu tæki hann með sér í forsætisráðuneytið. Valgerður sagðist stolt af því að vera fyrsta konan í embætti utanríkisráðherra og hlakka mikið til verkefanna sem fram undan eru.



**UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ** Jónína Bjartmarz tók við lyklunum að utanríkisráðuneytinu úr höndum Sigríðar Önnu Þórðardóttur. Sigríður vildi ekki gera upp á milli ókláraðra verkefna en nefndi þó að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs væri henni mjög hjartfólgandi verkefni sem henni hefði þótt vænt um að ljúka. Jónína vildi ekki vera með yfirlýsingar um það hvaða verk hún tæki sér fyrst fyrir hendur en sagði að hennar allra fyrsta verk yrði að heilsa upp á nýtt samstarfsfólk.



**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI** Jón Kristjánsson, fyrirverandi félagsmálaráðherra, afhenti Magnúsi Stefánssyni lykila að ráðuneytinu. Jón sagðist sjá eftir ýmsum ónnum verkefnum en trúði því að þau væru í góðum höndum hjá Magnúsi, sem hann kallaði félagan sinn og skoðanabróður í langflestu. Magnús sagðist glaður myndu taka við keflinu af Jóni og síðan tæki við ýmis verkefni, eitt þeirra stærstu væri málefni íbúðalánasjóðs. Fyrst ætlaði hann þó að heilsa upp á starfsfólkið sem hann mun vinna með að minnsta kosti næstu mánuðina.

# Afnemum VSK af öllum skóm

föstudag&sunnudag




Gríptu  
tækifærið!

100%  
ÖRYGGI  
við lofum  
þér lægra  
verði!

 **INTERSPORT**<sup>®</sup>



Intersport Húsgagnahöll sími 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Lokað laugardag 17. júní • Sunnudag 12 -18  
Intersport Smáralind sími 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Lokað laugardag 17. júní • Sunnudag 13 - 18



## landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: VEITINGASKÁLINN FERSTIKLA

# Göngin gerðu kúnnana betri

Þó umferð um Hvalfjörðinn hafi verið mun meiri áður en Hvalfjarðargöng komu til skjalanna árið 1998 unnið Hugu Vilhjálmssdóttir, sem rekur veitingaskálann Ferstiklu í Hvalfirði, hag sínum vel. „Þetta er mun skemmtilegri umferð en áður,“ segir hún meðan hún afgreiðir blaðamann um kaffi í krús. „Áður var fólk að þjóta hérna í gegn en nú kemur til mín aðallega fólk sem dvelur hér í sumarhúsum eða ferðamenn sem eru að skoða sig um. Enda er farið að kalla Hvalfjörðinn silfurhringinn til mótvægis við gullhringinn svokallaða sem þræðir Gullfoss, Geysi og fleiri staði sem allir ferðamenn verða að fara á,“ segir hún stolt af sinni sveit en hún er alin upp í Svínadalnum.

Ekki er laust við það að nokkur þorpsbragar sé á þegar fólk úr sumarhúsaþyggðinni kemur til Hugu til að athuga hvað hún hafi á boðstólum í dag. Kastar hún kveðju



Hugu Vilhjálmssdóttir.


á fólk með nafni og svo eru málin rædd kumpánlega. Ferstikla sem áður var frekar lík umferðarmiðstöð er nú orðin að skála þar sem vissir þorpsbjarta slær. En ekki er hún Hugu heldur á flæðiskeri stödd þegar veitingaskálinn fyllist af þýskum ferðamönnum því ekki var betur séð og heyr en að hún slægi um sig á þýskri tungu.

Veitingaskálinn opnaði 1. apríl og segir Hugu að það sé nóg að gera yfir sumarið. „Fyrstu árin eftir að göngin komu var þetta ósköp rólegt en svo fór aðsóknin smátt og smátt að aukast og nú er alveg nóg að gera.“

Við svo kveðið er réttast að hætta að trufla Hugu því hver rútan á fætur annarri stöðvast fyrir utan Ferstiklu. Út stiga ferðamenn og skima um fjörðinn sem skartar sínu fegursta þennan dag en svo lokkar kaffilyktin hennar Hugu þá inn.

### STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



## Hvalfjarðarsveit\*

Íbúafjöldi: 601

**Fyrrum hreppar sem nú mynda Hvalfjarðarsveit:** Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akranshreppur, Leirár- og Melahreppur og Skilmannahreppur.

**Skólar:** Grunnskólinn Heiðarskóli, Leikskólinn Skýjborg á Hagamel.

**Vegalengd frá Reykjavík:** 64 kílómetra sé farið um Hvalfjarðargöng en 10 kílómetrum lengra ef ekki er farið um göngin.

\* Kosið var um nafn á nýja sveitarfélagið og kusu flestir nafnið Hvalfjarðarsveit. Formleg og endanleg ákvörðun verður hinsvegar kynnt í dag.

# Margt er í Hvalfirði hverfult

Þegar beygt er inn Hvalfjörðinn áður en komið er að göngunum sunnanmegin er líkt og vegfarandinn fari á fjarlægjar en þó kunnulegar slóðir. Jón Sigurður Eyjólfsson ók um Hvalfjörðinn í blíðskaparveðri, fékk sér kaffi á Ferstiklu og tók hús á bændum í nýju, sameinuðu sveitarfélagi.

Við síðustu sveitarstjórnarkosningar tók gildi sameining Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akranshrepps, Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps. Einnig var kosið um nafn á nýja sveitarfélagið og varð nafnið Hvalfjarðarsveit hlutskarpast. Íbúar við Hvalfjörðinn eru ekki óvanir breytingum því fáar sveitir hafa tekið jafnmiklum stakka-skiptum og þessi. Árið 1979 var járnblendiverksmiðjan komin við túnfót hreppsþúfa í Skilmannahreppi og árið 1998 kom álver Norðurláls þar við hliðina en það liggur á gömlu hreppsmörkum Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps. Árið 1998 gerðu Hvalfjarðargöngin það að verkum að Hvalfjörður varð að friðsælli sveit. Gamli Skilmannahreppur og Leirár- og Melahreppur eru að hluta í alfaraleið en megnið af Hvalfjarðarsveit er nú hálfgerður gríðastaður álagsþjakaðra borgarbarna.

### Ungir og vaskir vinnumenn

Það er mikið um að vera á Geita-bergi þegar blaðmaður rennur í hlað. Ungt og vinnusamt fólk er að mála sólpallinn meðan þrír hundar sjá um móttökurnar. Pálmi Jóhannesson bóndi kemur svo út á hlað og kallar á Jóhannes, elsta son sinn, því nú er tími til kominn að hleypa kúnum út. Þeir feðgar fara inn í fjós og brátt sjást kýrnar koma út hlaupandi hver á eftir annarri og skjóta þær skelk í bringu unga vinnumanninum Sindra Pál Jónssyni sem er nokkuð nálægt fjósadyrunum. Þegar þær eru allar komnar út reka



VASKIR OG UNGIR KÚREKAR Ásgeir Pálmason, Theodór Ólafsson, Jóhannes Pálmason, Sindri Páll Jónsson og Jón Haukur Pálmason hafa komið kúnum í haga. Þær sjást beint fyrir aftan Theodór. Þessir vösku kúrekar nutu einnig aðstoðar ferfætlinga við verkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

ungum mennirnir þær út í haga. Þar fer fríður hópur; bræðurnir Jóhannes, Jón Haukur og Ásgeir Pálmasynir og félagarnir Theodór Ólafsson og Sindri. Birtu Rakel Jónsdóttir þótti þó nóg um ærslaganginn og hélt aftur til bæjar að mála. Hundarnir þrír koma að sjálfsögðu með og þar fara þrír ættliðir. Snúlla heitir ættmóðirin en hún er orðinn 15 vetra en tók hennar Tinna er sjö en Týra ekki nema eins og hálfis árs.

### Ekkert jafnast á við sveitina

Pálmasynirnir þrír búa á Akranesi á veturna hjá móðir sinni en þau hjón hafa slitið samvistum. „En ég hef samt eiginlega alltaf átt heima hérna og er alltaf hérna á sumrin og nær hverja helgi á veturna,“ segir Jóhannes þegar kýrnar eru komnar í haga. „Ég veit ekki hvað það er sem mér finnst svo

skemmtilegt en það er bara eitt-hvað. Sumir félagar mínir á Skaganum eiga erfitt með að skilja þetta en þetta er bara það sem ég þekki best.“ Sindri og Theodór eru frá Reykjavík en eru himinlifandi með veruna í sveitinni.

„Ég bjargaði lambi sem fæddist alltof snemma,“ segir Sindri Páll. „Nú er allt í lagi með það. Það er bak við húsið í smá garði.“ Hvernig ætti nokkurt borgarævintýri að slá slíkri reynslu við?

### Sveit gamla allsherjagoðans

Pálmi er með 28 mjólkandi kýr og um 400 ær. Áður fyrr voru ferðamenn tíðir gestir í hans sveit en nágrenni hans, Sveinbjörn heitinn Beinteinsson allsherjagoði, vakti athygli og forvitni erlendra ferðamanna. „Hann var góður bóndi með gamla laginu en hann var ekki mikið fyrir nýjustu tækni og keyrði til dæmis ekki traktor,“ segir Pálmi um þennan fyrrverandi nágrenna sinn. „Hann reyndi ekki að ota trú sinni neitt sérstaklega að fólk. Ég held meira að segja að færri hafi mætt jafn oft í messu og hann. Enda var presturinn, séra Jón Einarsson, góður vinur hans og gisti jafnvel hjá honum. Þannig að þar var ekki ofstækinu fyrir að fara.“

### Skilar Skilmannahreppi

Í gamla Skilmannahreppi eru þau tíðindi helst að Sigurður Sverris Jónsson oddviti er að skila af sér bókhaldi hreppsins sem nú heyrir sögunni til. „Það er ekki laust við að þetta sé nokkur léttir enda hef ég lengi verið hreppstjóri,“ segir hann. „En það er einnig nokkuð undarleg tilfinning að vera að skila af sér hreppnum,“ segir hann og hlær við.

Í gamla Leirár- og Melahreppi er Magnús Ingi Hannesson að



PÁLMI JÓHANNESSON Það vantar ekki félagsskapinn hjá Pálma bónda á Geita-bergi en mikill krakkafans var á bænum þegar blaðamann þar að garði.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Eystri Leirárgörðum að undirbúa frekari stækkun á búi sínu. Sonur hans Hannes hefur ákveðið að snúa sér eingöngu að bústörfum eftir að hafa sinnt þeim meðfram starfi sínu hjá Norðurláli. Gefst þeim því færi á að fjölga kúm og auka framleiðslugetuna sem væntanlega verður um 360 þúsund lítrar á ári þegar þeir hafa sameinað krafta sína en áður var hún 230 þúsund lítrar. Daniella Gross, eigin kona Hannesar, er frá Þýskalandi og unnið þessum ráðahag vel. „Ég myndi hvergi annars staðar vilja vera,“ segir hún.

Mjólkurbúíð á Eystri Leirárgörðum er búíð nýjustu tækjum og sjá róbótar um að mjólka og sjálfvirkur búnaður kemur flórn um í haughúsið. Meira að segja drekka kálfarnir mjólkina úr sjálfvirkum búnaði.



MAGNÚS INGI HANNESSON, DANIELLA GROSS OG HANNES MAGNÚSSON Daniella heldur hér á lambi sem tekið var með keisaraskurði en horn þess voru orðin of stór þegar það var í móðurviði. Lambi og á heilsast vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## MARKAÐURINN

Sögurnar,  
tölurnar,  
fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU  
ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000



# HM Tilboð

Allt sem þú þarft fyrir HM 2006

Fæst í Kringlu, Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri

## Opið

í öllum verslunum  
á morgun 17. júní



### United 42" plasma sjónvarp

- 42" plasma skjár
- Upplausn 852x480 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 3000:1
- Birta 1000 cd/m<sup>2</sup>
- Mynd í mynd
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Einföld fjarstýring

Verð

**149.990** kr.

**36**ltr. coke og **20** poka  
af Maarud snakki fylgja  
einnig í kaupauka

HM áskrift  
af Sýn fylgir



**SÝN**  
*besta sætið*

HM áskrift af Sýn fylgir hverju  
keyptu 42" United plasma  
sjónvarpi

Innifalið í áskriftinni er: Sýn & Sýn extra - Arsenal TV  
Chelsea TV - ESPN classic - Eurosport - Eurosport 2  
Extreme Sport - Liverpool TV - Motors TV - MUTV  
Sky News - NBA TV

Gildir til 22. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# Þjóðhátíðartilboð

**43% afsláttur**

**899** kr. kg  
~~1538~~

Goða Bayonneskinka

**998** kr. kg  
~~1694~~

Goða svínakótilettur

**41% afsláttur**

Grisakótilettur

Krónu skinka

**159** kr/pk

Chicago Town wraps 2 teg

**499** kr/pk

**POKI AF TILDA RIZAZZ FYLGIR MED**

7 UP 2 lítrar

**89** kr/stk

Melóna gul

**129** kr/kg

**Virk Samkeppni**

500 grömm

Frón heimiliskex

**239** kr/pk

100% ávaxtasafi 2 lítrar

**249** kr/stk

| SKEIFAN                                   | BÍLDHÖFÐI               | HRINGBRAUT                                | BREIÐHOLT               | NORÐURBRÚN                                | HVALEYRARBRAUT          | MOSFELLSBÆR                               | SELFÖSS                                 | VESTMANNAEYJAR                            | ÞORLÁKSHÖFN             |
|---|-------------------------|---|-------------------------|---|-------------------------|---|---|---|-------------------------|
| virkir dagar<br>laugardagar<br>sunnudagar | 11-19<br>11-19<br>12-18 | virkir dagar<br>laugardagar<br>sunnudagar | 11-19<br>11-19<br>12-19 | virkir dagar<br>laugardagar<br>sunnudagar | 11-19<br>11-19<br>12-19 | virkir dagar<br>laugardagar<br>sunnudagar | 11-19<br>11-19<br>11-19                 | virkir dagar<br>laugardagar<br>sunnudagar | 11-19<br>11-19<br>11-19 |
|   |                         | lokað                                     | lokað                   |   |                         | Allir dagar                               | föstudagar<br>laugardagar<br>sunnudagar | lokað                                     | lokað                   |


**1119** kr. kg  
1598  
Krónu frampartssneiðar  
purrkyrddaðar

**40%**  
afsláttur

**30%**  
afsláttur

**1119** kr. kg  
1998  
Hunangs marineraðar  
svínakötiletur

HM  
Hamborgara-  
tíboð:  
2 hamborgarar, 2 brauð, BBQ sósa,  
bacon, ostur og 1 líter af Coke eða  
Coke light  
aðeins  
**598** kr/pk



**2 fyrir 3**  
Oetker pizza  
með pepperoni



HM GLÖS FYLGJA  
HVERRI KIPPU AF 4 X2 LÍTRUM  
AF COKE OG COKE LIGHT



Myllu heilhveiti  
samlokubrauð  
**129**  
kr/stk



Góu tvenna  
**299**  
kr/stk



Svissneskt  
gæðasúkkulaði  
**79**  
kr/stk

Alltaf frábær tilboð alla daga

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.410 +1,01% Fjöldi viðskipta: 160  
Velta: 1.494 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Bakkavör 3,65%  
Landsbankinn 1,50%  
Glitnir 1,18%

## MESTA LÆKKUN

↓ Marel 1,46%  
Straumur 0,59%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Activis 62,90 +0,80% ... Alfesca 3,48 +0,00%... Atorka 5,70 +0,00% ... Bakkavör 45,50 +3,65% ... Dagsbrún 5,50 +0,00% ... FL Group 17,60 +1,15% ... Flaga 3,88 +0,00% ... Glitnir 17,20 +1,18% ... KB banki 740,00 +1,23% ... Landsbankinn 20,30 +1,50% ... Marel 67,60 -1,46% ... Mosaic Fashions 14,80 +0,68% ... Straumur-Burðarás 17,00 -0,59% ... Össur 106,00 +0,95%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Pungt í þriðjungi stjórnenda

Þriðjungur stjórnenda fyrirtækja telur að eftir hálf tölur verði aðstæður í efnahagslífinu lakari en núna. Sautján prósent telja hins vegar að aðstæður verði betri. Þetta kemur fram í árfjórðungslegri könnun IMG Gallups á stöðu og horfum í atvinnulífni, fyrir fjármálaráðuneytið, Seðlabankann og Samtök atvinnulífsins. Endurspeglast trúlega í þessum skoðanamun óvissa sem ríkir um framvindu efnahagsmála og um aðgerðir stjórnvalda til að viðhalda stöðugleika á atvinnumarkaði og draga úr þenslu. Greiningardeild Glitnis segir ekki mikinn munur á horfum eftir atvinnugreinum. Þó kemur fram að verstar þyki þær í sérhæfðri þjónustu þar sem 46 prósent vænta verri aðstæðna og í fjármála- og tryggingastarfsemi þar sem 43 prósent eru jafnsvarstýrnir.

## Tómt rugl

Norskir fjölmiðlar elta Jan Petter Sissener, forstjóra Kaupþings í Noregi, á röndum, enda hefur karlinn gaman af því að stuða landa sína með kostulegum ummælum. Frægt er þegar hann sagðist ekki svara bréfum frá fjármálaeftirlitinu norska, sem væru lengri en fjórar línur, og skildi ekki hvers vegna Glitnir banki hefði keypt „pilsuvagninn“ Norse Securities. Dagens Næringsliv hringdi í hann og spurði það um góð fjárfestingaráð handa almenningi, nú þegar bankareikningar fyllast af orlofi og endurgreiðslu frá skattinum. Á síðasta ári mælti Sissener með Statoil sem hafði nærri tvöfaldast þegar best lét. Sissener svaraði því snögglega til að almenningur ætti að setja peninga í bankann. „Hlutabréfamarkaðir og Kauphöllin í Osló verða í tömu rugli eitthvað áfram.“ Á endanum féllst hann þó á að mæla með olíuleitarfélögum Fred. Olsen Energy og PGS.



## MARKAÐSPUNKTAR

Gengi hlutabréfa hækkaði um 6,9 prósent á Inlandi í gær sem er met á einum degi. Gengið lækkaði dagana á undan og hækkan því fagnað. Sensex-vísitalan fór hæst í 12.612 stig í upphafi síðasta mánaðar en stendur nú í 9.545 stigum.

Velta í smásöluverslun í Bretlandi jókst um 0,5 prósent í maí, samkvæmt útreikningum hagstofu Bretlands. Helsta ástæða hækkanarinnar er aukin viðskipti með fatnað og raftæki.

Búist er við að leiðtoga Evrópusambandsins samþykki á tveggja daga fundi sem yfir stendur í Brussel að staðfesta upptöku Slóveníu á evrunni. Áætlað er að landið bæstist í hóp evrulanda um næstu áramót, fyrst tíu nýju Evrópusambandslandanna.

## Lítill verðbólga í EMU

Verðbólgan mældist 2,5 prósent á evrusvæðinu í maí, samkvæmt útreikningum Eyrópusambandsins (ESB). Þetta er 0,1 prósent meiri verðbólga en mældist



EURUR Verðbólgan mældist 2,5 prósent á evrusvæðinu í síðasta mánuði.

á svæðinu í apríl.

Seðlabanki Eyrópu hækkaði stýrivexti á evrusvæðinu í síðustu viku um 25 punkta og eru þeir nú 2,75 prósent. Verðbólgan hefur aukist nokkuð á myntsvæði ESB síðustu mánuði, ekki síst vegna mikilla hækkanna á heimsmarkaðsverði á olíu sem náði sögulegu hámarki í síðasta mánuði. Tölurnar sýna hins vegar að hækkanirnar hafa ekki haft afgerandi áhrif á vísitölu neysluverðs líkt og áður var óttast, að sögn hagfræðinga ESB.

- jab

## Núll prósent vextir

Japanski seðlabankinn hefur tilkynnt að stýrivextir verði enn um sinn núll prósent.

Fjárfestar höfðu átt von á hækkan stýrivaxta nú í sumar. Bankinn reynir nú að auka aðhald peningamálastefnunnar án þess að bæla bata efnahagslífsins og hefur stjórn seðlabankans gefið út að stýrivextir verði hækkaðir um leið og efnahagurinn sýni stöðug verðbólguþróun. Telur stjórnin núverandi efnahagsástand ekki gefa nægilegt tilefni til vaxtahækkanna.

Hagvöxtur í Japan hefur verið stöðugur og undanförun og jókst meira en búist var við á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, eða um 3,1 prósent á ársgrundvelli. Var það fimmtíu ársfjórðungurinn í röð sem hagvöxtur jókst.

- hhs



## NIB tekur nýja stefnu

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) ætlar að leggja sérstaka áherslu á að efla samkeppnishæfi landa og fyrirtækja við Eyrstrasaltíð auk þess að fjármagna umhverfisverkefni. Þetta er hluti af endurskipulagningu sem ráðist hefur verið í við bankann í tilefni af 30 ára afmæli hans á árinu.

Þannig segir í tilkynningu bankans að

bankinn muni einbeita sér að verkefnum á sviði orkumála, flutninga og umhverfistækni. Að auki ætlar bankinn svo að fjármagna verkefni í nágrannaríkjum aðildarlanda sinna, sérstaklega í Rússlandi og í Úkraínu og halda áfram að þróa áætlun um langtímalán til smærri og miðstærðar fyrirtækja.

- óká



OLÍUVINNSLUSTÖÐ Í KALIFORNÍU Sérfræðingar telja líklegt að olíuverð muni halda stöðugt kringum sjöttu bandaríkjadali á fat. Daglega eru framleiddar 87 milljónir fata, langstærstur hluti fer beint í neyslu.

## Olían stöðug við 70 dali

Spákaupmennska og skortur á olíuhreinsistöðvum halda heimsmarkaðsverði á olíu í hæstu hæðum að mati markaðsstjóra Atlants-olíu.

Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði lítilliga í gær og stendur nú í 69,48 bandaríkjadöllum á fatið. Verðhækkanin er til komin vegna þverrandi umframþingna á olíu auk þess sem mikil eftirspurn er nú í Bandaríkjunum vegna sumarleyfa.

Sérfræðingar telja líklegt að olíuverð haldist stöðugt kringum sextíu og fimm til sjöttu dali á

næstu misserum. Benda þeir einkum á aukna eftirspurn Kínverja eftir olíu en innflutningur til landsins hefur aukist um níttján prósent undanfarið ár. Þá telja menn ástandið í Austurlöndum nær líklegt til að halda olíuverðinu uppi enn um sinn.

Olíufatið fór hæst í 75 bandaríkjadali á vormánuðum og hefur hækkað um tæplega fjórðung síðastliðið ár. Verð lækkaði þó talsvert í síðustu viku vegna fréttar af þjófu í samskiptum Bandaríkjamanna og Írana auk fráfalls jórdanska uppreisnarmannsins Abu-Musab al Zarqawi. Þá hefur eftirspurn á heimsvísu að mestu staðið í stað.

Bensínverð á Íslandi er frá 124,7 krónum á lítrann í sjálfsafgreiðslu og upp í rúmar 126 krónur. Hugi

Hreiðarsson, markaðsstjóri Atlantsolíu, segist hafa lært það á sviptingum undanfarinna mánuða að spá helst ekki neinu. „Það sem er rétt fyrir hádegi getur verið orðin tómt steypa um miðjan daginn. Eins og staðan er í dag má þó kannski frekar búast við lækkanum.“

Hugi telur tvær meginástæður fyrir því að olíuverð sé jafn hátt og raun ber vitni. „Í fyrsta lagi yfir spákaupmennska verðinu upp, og í annan stað er hreinlega skortur á olíuhreinsistöðvum. Það er næg olía til í heiminum en það er eins og enginn vilji olíuhreinsistöð í sínum bakgarði.“

Daglega eru framleiddar um 87 milljónir olíufata í heiminum. Þar af fara um 85 milljónir fata beint til neyslu.

jsk@frettabladid.is

## Smart og létt á fæti

– heilsteypt glös á tilboðsverði

Þórunn Kristjánsdóttir  
Sölumaður hjá RV



1.924 kr.  
12 stk.

Imperial 42 cl  
rauðvínsglös



854 kr.  
6 stk.

Maldive 36 cl  
björglös



1.341 kr.  
12 stk.

Imperial 19 cl  
hvítvínsglös



1.579 kr.  
12 stk.

Imperial 23 cl  
hvítvínsglös



1.757 kr.  
12 stk.

Imperial 31 cl  
rauðvínsglös

## Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



ÓLAFUR ÖRN JÓNSSON HJÁ VIVUS 3L Expo, stórsýning um heilsu og vellíðan, verður haldin í Egilshöll í september.

## Undirbúa stærstu sýningu landsins

Búast við 40 þúsund gestum í Egilshöll í september.

Sýningin 3L EXPO verður haldin í Egilshöll dagana 7. til 11. september en VIVUS viðburðastjórnun stendur að sýningunni í samvinnu við 22 félagsamtök á öllum sviðum. Þetta er stærsta sýning sem haldin hefur verið á Íslandi en henni er beint að öllu sem tengist lífi, líkama og líðan.

„Við búumst fastlega við að 40 þúsund gestir sæki sýninguna heim,“ segir Ólafur Örn Jónsson, sölustjóri hjá VIVUS. Meðal sýnenda verða aðilar sem tengjast íþróttum, fjármálum, húsnæði, hús-

gögnum, heilsurækt, lækningum, fatnaði, matvælum, heilsu og svo framvegis. „Þetta er ekki fagsýning í sjálfu sér því hún beinist jafnt að fjölskyldum og fagaðilum.“

Á sýningunni verða einnig yfir eitt hundruð fræðsluerinda, auk fjölda kynninga og uppákoma tengdum heilsu og vellíðan.

Ólafur Örn gerir ráð fyrir að fjögur hundruð sýnendur kynni vörur sínar og þjónustu á sýningunni en nú þegar hafa tæplega tvö hundruð aðilar tilkynnt um þátttöku sína.

- eþa



## LAUF Í MATARGERÐINA

Alls kyns lauf eru nýjasta nýtt í íslenskrí matargerð og sjást æ oftar á matseðlum veitingahúsanna.

MATUR 2



## SUMARHÝRAN HLJÓP Í ÞVOTTI

Helga Braga Jónsdóttir leikkona er dugleg að versla á útsölum.

TILBOÐ 8

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

### ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

Í Hljóðfærahúsinu er hægt að fá Fender kassagítar ásamt tjuener, nöglum, auka strengjum og kennslu á DVD-mynddiski, á 14.990 kr. Þetta er í tilefni sextíu ára afmælis Fender fyrirtækisins. Í öll 60 árin hefur Fender verið leiðandi fyrirtæki á sínum markaði og vart finnst sá unglingspiltur sem ekki dremmir um Fender gítar. Hljóðfærahúsið er á Laugavegi 176.

Hótel Valhöll er opin. Hvar er betra að fá sér góðan málsverð á þjóðhátíðardeginum á morgun en á Þingvöllum sjálfum? Valhöll býður upp á fjölbreyttan matseðil þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Auðvitað eru lax og silungur



í aðalhlutverki en það er ekki úr vegi að fá sér kjötsúpu og ís með bláberjum í eftirrétt. Afskaplega þjóðlegt.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 16. júní, 167. dagur ársins 2006.



|           | Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|-----------|-------------|---------|----------|
| Reykjavík | 2.56        | 13.28   | 24.02    |
| Akureyri  | 1.37        | 13.13   | 24.52    |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Helga Arnardóttir fréttakona tekur sveiflu í eldhúsinu endrum og eins og matreiðir spænska tortillu við fögnuð vina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Spænsk stemmning

Helga Arnardóttir, fréttakona, er mikill matgæðingur og segist sjálf vera listakokkur þegar hún leggur sig fram.

„Ég elda kannski ekki mikið en hef fengið hrós frá vinum og kærasta þegar ég tek mig til við eldavelina,“ segir Helga Arnardóttir fréttakona hjá RÚV. „Hinsvegar væri ég mikið til í að verða meistari í sushi-gerð ásamt því að læra að nota krydd og geta með því eldað til dæmis góða indverska rétti.“

Helga segist vera ákveðin dellukerling þegar kemur að mat og á það til að fá æði fyrir hinum og þessum stöðum eða réttum. „Núna er það tælenski maturinn sem ræður öllu. Það thai núðlurnar á Krúa Thai eru í miklu uppáhaldi núna,“ segir Helga og

aðdáunin í röddinni leynir sér ekki.

Uppskriftin sem Helga gefur lesendum á rætur sínar að rekja til Spánar enda um spænska tortillu að ræða. „Ég fékk þessa uppskrift hjá spænskum vini mínum sem heitir Alejandro en við kynntumst í Frakklandi þar sem við vorum bæði skiptinemar fyrir nokkrum árum síðan. Seinna kom hann svo með kærustunni sinni hingað til Íslands í heimsókn og þá elduðu þau fyrir mig spænska tortillu“ segir Helga. „Ég elda þennan rétt töluvert aðallega því hann er einfaldur en samt svo matmikill. Rétturinn hentar líka vel í að búa til skemmtilega spænska sumarstemmningu með salati og bjór. Þar að auki er hráefnið ódýrt og því er þetta til dæmis mjög námsmannavænn réttur.“ Uppskrift Helgu má finna á síðu 3.

johannas@frettabladid.is



### Bragðgóð nýjung



# JÚNÍ

## Kafbátur mánaðarins

### 6 tommu bátur kr. 299

### 12 tommu bátur kr. 598



# BMT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

# SUBWAY

Gildir í júní 2006 • Gildir ekki í Stjórnumáli • Gildir ekki með öðrum tilboðum

allt

# matur o.fl.

**Hrökkbrauð** er tilvalið nesti í lautarferðina. Nú er bara að vona að stytta upp bráðlega...



**VÍNGERÐARLIST**  
**HÁGÆÐA**  
**VÍNGERÐAREFNI**  
**NÝ VERSLUN !**

**MIKIÐ ÚRVAL-TILBOÐ**  
**ÓDÝR. KOSTUR EF HALDA Á VEISLUR**  
**EINFALT & ÓDÝRT ÁHUGAMÁL**

HÁTEIGSVEGUR 1  
 105 REYKJAVÍK  
 SÍMI: 533-1020  
 www.aman.is



Silungur vafinn inn í bambuslauf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

| <i>Þriggja rétta matseðill</i>         |                     |                     |
|--|---------------------|---------------------|
|  | Verð fyrir einréttu | Verð fyrir tvíréttu |
| Okkar rómaða humarsúpa                 | 990                 |                     |
| Steiktur skötuselur með hvítvínssósu   | 3.390               | 4.390               |
| Kjúklingabringa „a la Italiana“        | 2.950               | 3.890               |
| Lambafillet með sherrybætri sveppasósu | 3.390               | 4.390               |
| Nautalundur með Chateaubriandsósu      | 3.700               | 4.690               |
| Súkkulaðifrauð                         | 790                 |                     |

Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“

**Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29**  
 Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is

## Lauf í matargerðina

Alls kyns laufblöð eru nýjasta nýtt í íslenskri matargerð.

Laufin eru nefnd æ oftast á matseðlum veitingahúsanna, og gefa matnum ýmist nýtt og framandi bragð eða eru með til skrauts.

Laufin eru mismunandi að gerð og lögun en eiga það flest sameiginlegt að vera upprunnin í Asíu. Þar hefur fólk notað laufin í matargerð öldum saman og nú hafa laufblöðin loks náð til Íslands, að minnsta kosti inn á veitingahúsin.

Á Íslandi eru bananalaufin og bambuslaufin algengust en þeim er vafið utan um matinn fyrir eða eftir matreiðslu. Þegar það er gert áður en matreiðslan hefst þjóna þau yfirleitt hlutverki alpappírs eða bökunarpappírs. Það er til dæmis þægilegt að nota bananalauf þegar það á að pakka mat saman og skella á grillið eða gufusjóða. Þannig helst maturinn saman, bragðið helst betur og fersk lykt og vægur grænmetiskeimur kemur af matnum.

Banana- og bambuslauf eru einnig gjarnan notuð sem skreytingar. Þá

er laufinu vafið utan um matinn eftir matreiðslu og eru blöðin eingöngu höfð með til að gera matinn fallegri og meira spennandi.

Á veitingahúsinu Thorvaldsen notar Sigurður Ívar Sigurðsson yfirkokkur bambuslauf til þess að vefja utan um silung í sætri sojasósu. Maturinn er ekki eldaður með laufinu en við framreiðsluna skiptir laufið höfuðmáli þar sem það heldur réttinum saman og fegrar réttinn. Einnig er hægt að elda matinn í laufinu, en þá er ekki hægt að bera laufið fram með réttinum af því að það lætur á sjá við eldunina. Sigurður notar einnig annars konar lauf við matreiðsluna, svokölluð pandanlauf sem eru af pandantrénu. Þau eru meira notuð í sjálfa matreiðsluna og eru skorin smátt niður eða kreistur úr þeim safinn. Þau eru oft notuð í eftirrétti og með sætum mat. Til dæmis notar Sigurður laufin í ávaxtakokteil sem er á matseðli Thorvaldsen. Drykkurinn samanstendur af kókosmjólk, ávaxtasírópi, alls kyns ávöxtum, safi úr pandanlaufi og svo eru laufin sjálf notuð til skreytingar. Pandanlaufin gefa kokteilnum sérstakt bragð og flottan lit. Það

er víst engin leið að lýsa bragðinu af pandanlaufunum þar sem það er einstakt og engu öðru líkt, líkt og með myntu, vanillu og aðrar kryddtegundir. Sigurður notar einnig mikið sisholauf en þau eru smærri en pandanlauf og eru einungis notuð sem krydd í rétti veitingahússins.

Á veitingahúsinu Sjávarkjallaranum er einnig notast mikið við hin ýmsu lauf. Steinn Óskar Sigurðsson yfirkokkur kannast vel við banana- og bambuslaufin sem vafin eru um matinn en hann lætur ekki þar við sitja. Veitingahúsið flytur sjálf inn afar sjaldgæf og eftirsóknarverð laufblöð, hobalauf. Hobalaufið er japanskt og líkist einna helst tóbakslaufi í útliti en bragðið er allt öðruvísi. Steinn Óskar notar til dæmis hobalauf til að gefa þönnusteiktri lúðu nýtt og framandi bragð. Hann þyrjar á því að bleyta laufið og vefur því síðan utan um steiktan fiskinn sem er í sætri wasabi-niso sósu. Rétturinn er síðan bakaður í nokkrar mínútur og hefur laufið það hlutverk að halda fiskinum saman auk þess að krydda matinn, en ásamt laufinu er aðeins kryddað með salti og pipar. Rétturinn er svo borinn fram vafinn í laufið og jafnvel þó að laufið sjálf sé ekki borðað gefur það réttinum flott yfirbragð. Steinn Óskar er nýjungagjarn kokkur og leggur sig fram við að bæta nýjum og spennandi réttum á matseðlinum. Gestir Sjávarkjallarans eru því vanir að prófa ýmislegt nýtt og er þessi réttur engin undantekning þar á enda hefur hann verið mjög vinsæll.

Nýtt bragð af matnum og falleg skreyting á diskunum er ekki eingöngu bundið við veitingastaði. Það er gaman að prófa sig áfram heima í eldhúsinu og kynnst kostum laufanna af eigin raun. Laufin fást ekki á mörgum stöðum en það er að minnsta kosti hægt að kaupa banana- og bambuslauf í sælkerabúð Nings. Svo er um að gera að athuga úrvalið í öðrum asískum sérvörverslunum.

erlabjorg@frettabladid.is

MÁLARI VIDHALD  
 PÍPULAGNIR LOFTNET  
**allt**  
 ... sem þig vantar í nýja húsnæðið  
 VIDGERDIR  
 PRÍF

**visir**

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT



Þönnusteikt stórlúða vafinn inn í hobalauf.



Ávaxtakokteil með pandanlaufssafa. Laufið er einnig notað til skreytingar.



**Til hnífs og skeiðar**

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

**Salat með tófú og mangó**

Það er eitthvað við þennan rétt sem framkallar í huganum myndir af blóm-sveigum, stráplisum og húla-húla-dansi. Með öðrum orðum þá er hér ómótstæðilegur réttur sem líklegur er til að létta lund, bæta og hressa á fleiri en einn hátt.

- 425 g stíft tófú (þerrað vel og skorið í sneiðar)
- 2 msk tamarisósa
- 4 msk ólífuolía
- 2 msk sesamfræ
- 1 poki klettasalatblanda
- 5-6 sneiðar af niðursoðinni rauðrófu (skornar í strimla)
- 1 mangóávöxtur (þroskaður en ekki línur)(skorinn í sneiðar)
- 1 lítið rauður laukur (skorinn í örþunna fleyga)
- salt og nýmalaður pipar
- Sósa:
- 2 msk lögur af niðursoðnum bleikum engifer
- 2 msk púðursykur
- 2 msk pressaður engifer (rifið ferskan engifer niður og kreistið safann úr honum)
- sletta af tabasco

1. Skerið tófúnið í sneiðar, veltið þeim upp úr tamarisósunni, og setjið til hliðar.



2. Hitið 2 msk af olíu á pönnu og steikið sesamfræin og tófúsneiðarnar saman þar til tófúsneiðarnar hafa brúnast dálítið á báðum hliðum og töluvert af sesamfræjum loðir við hverja lund. Takið sneiðarnar þá af pönnunni.

3. Bætið afganginum af oliunni á sömu pönnu og steikið mangósneiðarnar þar til þær hafa brúnast fallega á jöðrunum. Takið þær þá af pönnunni og setjið til hliðar.

4. Setjið salatið út á sömu pönnu ásamt megninu af rauðlauknum og látið velkjast í litla stund á pönnunni.

5. Útbúið sósuna með því að blanda engiferlegi, púðursykri, pressuðum engifersafa, og tabasco saman í skál. Hellið blöndunni svo út á sömu pönnu og notuð var áður. Látið sósuna hitna varlega þar til sykurinn hefur leyst upp.

Skiptið salatinu á fjóra diska og raðið ofan á það tófúsneiðunum, mangósneiðunum, og rauðrófustrimlunum. Hellið sósunni yfir og skreytið með rauðlauk.

**uppskrift Helgu }**

**Spænsk tortilla**

- 5 til 6 nýjar kartöflur, stórar
- 5 til 6 egg
- Rauð paprika
- Laukur
- Óreganó
- Salt
- Pipar

Skrælið kartöflumar og skerið í litlar skífur. Pönnusteikið skífurnar í olíu þar til þær verða stökkar og brúnar. Hellið oliunni af. Þeytið eggin. Skerið niður papriku og lauk og blandið saman við eggin ásamt salti, pipar og oregano. Kartöfluskifunum bætt saman við og öllu innihaldinu hellt á pönnu og eldað í um 15 til 20 mínútur. Berið fram með salati og brauði.



**Verðlaunavara frá Merchant Gourmet.**

Frábært yfir salat, með kjöti, fiski, grilluðu grænmeti og ómótstæðilegt með jarðaberjum.  
arka sími 8992363

**Hunangs Sinnepssósa...  
... þegar vindur hvín!**



Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

**Gráðostasósa...  
... þegar sólin skín!**



Auglýsingastofa Guðrúnar Ónu

**VOGABÆR**

Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

**AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000  
FRÉTTABLAÐIÐ**



Fjöruborðið á Stokkseyri

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Ábót á súpuna**

Veitingastaðurinn Fjöruborðið á Stokkseyri er fyrir löngu síðan orðinn landsþekktur fyrir einfaldan en gómsætun matseðil sinn. Humarsúpan svikur engan.



Humar er herramanns matur

Það er afskaplega skemmtileg stemming að kíkja við á Fjöruborðinu í sunnudags bíltúrnum og panta sér humarsúpana þeirra margfrægu. Hægt er að panta hana sem forrétt á 1100 krónur og sem aðalrétt á 1600 krónur. Með súpunni kemur glóðvolgt brauð með ýmiskonar sósam og pestói. Súpan sjálf er vel útlátin af humri miðað við það sem gengur og gerist og bragðast hreint frábærlega. Ef fyrsti súpudiskurinn seðjar

ekki hungrið þá færir þjónustufólkið þér ábót af súpunni góðu. Það tekst það ekki mörgum veitingastöðum að bjóða upp á súpu sem aðalrétt og senda gestina sprengsadda út á þjóðveginn aftur, en það gerir Fjöruborðið og vel það.

**Sérfræðingar í saltfiski**

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

**Til suðu:**  
saltfiskbitar blandaðir  
gellur  
gollarapunnildi

**Til steikingar:**  
saltfiskbitar blandaðir  
saltfiskkurl  
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)  
gellur

**Fyrir veitingahús – hótél – mötuneyti:**  
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)  
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar  
saltfiskkurl

**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**

- ýsuhnakka
- rækjur
- þorsknakka
- steinbítskinnar og bita

**Ekta Sælgti fiskur úr sjónum**



Sími: 466 1016  
ektafiskur@emax.is

# HVER ER AYAAN HIRSI ALI?

-þú veist það ef þú lest Fréttablaðið



FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið!



Kanelkryddið kemur af berki kaneltrésins.

## Eitt elsta kryddið

*Kanell er meira en 4.000 ára gamalt krydd og þótti mikið dýrmæti á öldum áður. Í dag er kanell mikið notaður bæði í kjötrétti og sæta eftirrétti.*

Kaneltréð er 10 til 15 metra hátt, sígrænt tré af lárviðarætt. Uppruna þess má rekja til Sri Lanka og Suður-Indlands og er börkurinn víða notaður sem krydd. Á trénu vaxa flöng lauf, fremur illa lyktandi blómaklasar og lítil, fjólublá ber.

Aðeins innsti hluti barkarins, sem er um hálfur sentimetrar á þykkt, er notaður í krydd og þykir sá sem kemur frá Sri Lanka einna bestur. Börkurinn þaðan er mjög þunnur og mjúkur, ljós-brúngulur á lit, hefur sterkan ilm og sérstaklega sætt og gott bragð.

Á Mið-Austurlöndum er kanelinn mikið notaður í kjúklinga- og lambarétti en á Vesturlöndum er hann helst hafður í eftirrétti og krydduð sætindi svo sem súkkulaði og líkjöra. Ennfremur hefur kanell verið notaður sem skordýrafæla og til lækningar á kvefi, niðurgangi og ýmsum meltingarvandamálum.

Kanell er ein elsta kryddtegund heims og var hann fluttur inn til Egyptlands fyrir meira en 4.000 árum síðan. Hann var talinn slíkt dýrmæti að fátt þótti betra í gjafir til konunga og keisara. Kanell er nefndur í Biblíunni, meðal annars í annarri Mósebók þar sem Guð skipar Móse að gera ilmsmyrli úr kanelberki og kanelviði. Einnig er getið um kanel í klassískum ritum svo sem eftir Heródotus.

Á miðöldum var það vestrænum löndum hulin ráðgáta hver upp-

spretta kanelns væri. Til að tryggja einokunina sögðust arabískir farandsalar, sem seldu kryddið til Egyptalands, hafa stolið því úr fuglshreiðrum og vissu því ekki um upprunann. Frá Egyptalandi var kanelinn keyptur til Ítalíu en Ítalir einokudu síðan sölu á kryddinu á öðrum Evrópulöndunum.

### SÚPA MEÐ KANEL OG SÆTUM KARTÖFLUM

40 g smjör  
½ rauður laukur, finskorinn  
2 hvítlausrif, pressuð  
1 sæt kartoffla, skorin í þunnar sneiðar  
1 tsk kanelduft  
400 ml kjúklinga- eða grænmetisraftur  
1 msk graslaukur, finskorinn eða klipptur  
salt og ferskur svartur pipar

1. Hitið smjörið á pönnu á meðalhita, bætið kanel út í og lýkið laukinn og hvítlaukinn á pönnunni.  
2. Bætið kartöflunum og smá salti og pipar saman við steikið í 2-3 mínútur í viðbót. Hrærið reglulega. Bætið grænmetis- eða kjúklingakraftinum saman við og látið suða koma upp. Látið malla þar til kartöflurnar eru orðnar

mjúkar.

3. Setjið matinn í matvinnsluvél og endurhitið síðan á pönnunni. Bragðbætið ef til vill með salti og pipar.

4. Berið súpuna fram í heitum skálum og skreytið með graslauk. Gott er að hafa nýbakað brauð með réttinum.

### KJÚKLINGUR MEÐ KANEL OG SÍTRÓNU

GRÆNMETISBLANDAN:  
8 msk extra virgin ólífuolía  
4 selleristónglar, finsaxaðir

2 gulrætur, finsaxaðar  
1 laukur, finsaxaður  
2 hvítlausrif, pressuð  
1 rósmaringrein  
4 lárviðarlauf  
salt og ferskur svartur pipar  
1 sítróna, einungis finsaxaður börkurinn

### KJÚKLINGURINN:

hveiti  
salt og ferskur, svartur pipar  
8 kjúklingabitar  
ólífuolía, til steikingar  
100 ml hvítvín  
2 sítrónur, einungis safinn  
4 kanelstangir  
200 ml kjúklingakraftur  
1 eggjarauða

1. Hitið olíuna á pönnu og brúnið sellerí, gulrætur, lauk, hvítlauk, rósmarín og lárviðarlauf í um 15 mínútur.

2. Fjarlægjið rósmaringreinina og lárviðarlaufin og kryddið með salti og pipar. Bætið sítrónuberkinum út í og setjið pönnuna til hliðar.

3. Blandið saman hveiti, salti og pipar og þekjið kjúklinginn með blöndunni.

4. Hitið olíu á pönnu og steikið kjúklinginn þar til hann er farinn að brúnast. Bætið hvítvíninu saman við og sjóðið í 5 mínútur.

5. Setjið kjúklinginn og hvítvínsoðið út í grænmetisblönduna ásamt helmingnum af sítrónusafanum og kanelnum. Hrærið vel saman.

6. Bætið kjúklingakraftinum saman við og eldið á lágum hita í 45 mínútur, eða þar til sósan hefur minnkað og kjúklingurinn er eldaður í gegn. Hafið lok á pönnunni fyrstu 30 mínúturnar.

7. Fjarlægjið kanelstangirnar og blandið eggjarauðunni og restinni af sítrónusafanum saman. Hrærið blöndunni hratt en varlega saman við sósunu þar til það er vel blandað. Berið strax fram.

mariathora@frettabladid.is

## Beint frá bóndanum

*Sláturfélag Austurlands stafrækir heimasíðuna austurlamb.is. Á vefnum er hægt að panta lambakjöt og ákveða sjálfur frá hvaða bæ lambið kemur.*

Þeir sem lesið hafa Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason muna eflaust eftir vangaveltum hans um hvernig gera mætti hverjum lambakjötsframleiðanda herra undir höfði svo að hvert býli gæti orðið sérstakt vörumerki, ekki ósvipað og í vingerð. Það er akkúrat það sem austurlamb.is gerir. Á vefsíðunni, sem er mjög aðgengileg, má sjá kort af þeim 25 býlum sem taka þátt í verkefninu og panta milliliðalaust kjöt frá þeim framleiðanda sem kaupandanum lýst best á. Hægt er að nálgast upplýsingar um aðstæður hjá hverjum bónda til þess að fullvissa sig um að engum aðferðum sem neytandanum líkar ekki sé beitt, svo sem



Íslenskt lambakjöt er eftirsótt vara.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN

lyfjagjöf eða ofnýtingu lands. Á vefsíðunni segir „beint og milliliðalaust samband milli bóndans og þín tryggir að þú getur valið hvaðan þú færð kjöt og keypt það með því að smella fingri.“

Að sögn fyrirtækisins vill austurlamb.is koma til móts þá sem vilja tengjast íslenskri náttúru í gegnum matarkaup. Með því að versla

kjöt á þennan hátt geta kaupendur veitt bóndanum aðhald án milliliða og gefið þeim því aukna hlutdeild í verðmætasköpun sinni. „Umhverfisvitund og heilsuvernd eru vaxandi viðhorf og því ættu neytendur að vita hvaðan varan kemur og hvernig hún er framleidd. Austurlamb er mikilvægt framfaraskref í þessu efni.“

-vör



## Húsráð }

## Að steikja mat

Til að steikin verði safarík og fiskurinn bragðmeiri er mikilvægt að steikja matinn rétt.

Það er oft betra að pensla matinn með olíu áður en hann er settur á pönnuna í stað þess að hella olíu beint á pönnuna.

Taktu aldrei matinn beint úr ísskápnunum og steiktu hann. Þá eru meiri líkur á að maturinn soðni á pönnunni í stað þess að steikjast. Einnig heldur maturinn bragðinu betur ef hann er í stofuhita fyrir matreiðslu.

Þegar notaðar eru pönnur með teflonhúð eru minni líkur á að maturinn brenni. Aftur á móti þarf að nota pönnurnar rétt. Ekki má nota stáláhöld heldur einungis plast- og tréáhöld. Einnig má ekki hita pönnuna í langan tíma áður en steiking hefst því að þá getur húðin hreinlega brunnið af pönnunni. Það er því betra að hafa matinn tilbúinn og byrja að steikja hann um leið og pannan er orðin heit.



Ekki er gott að hafa pönnuna of heita.

## Skyndibiti og nærsýni

Danskar rannsóknir sýna fram á tengsl milli skyndibitaáts hjá börnum og nærsýni.

Hamborgarar, franskar kartöflur og gosdrykkir geta haft þau áhrif á Of mikill skyndibiti börn að þau getur leitt til þess að verði nærsýn. fólk þurfi gleraugu.

Nærsýnum börnum fjölga með árunum og danskar rannsóknir hafa sýnt fram á að matur sem er kolvetnisríkur geti haft slæm áhrif á sjón barna.

Skyndibitamatur eykur blóðsykurinn í líkamanum verulega. Líkaminn framleiðir í kjölfarið meira insúlín og mikil insúlínframleiðsla hefur áhrif á vöxt barna. Aukin insúlínframleiðsla hefur þar af leiðandi áhrif á nærsýni þar sem nærsýni kemur til vegna of mikils vaxtar augans.

Danskur augnlæknir, sem hefur rannsakað nærsýni í yfir 40 ár, hefur því ályktað að mikið samband sé á milli kolvetnisríks mataræðis barna og nærsýni þeirra.

- ebg



Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segist binda miklar vonir við nýja hverfið í Kópavogi.

## Ný verslun í Kópavogi

25. Bónusverslunin verður opnuð á morgun í Ögurhvarfi.

Ný Bónusverslun verður opnuð á þjóðhátíðardag Íslendinga, þann 17. júní. Verslunin er í nýja hverfi Kópavogs sem er að rísa rétt við Elliðaárvatn, nánar tiltekið í Ögurhvarfi. „Verslunin í Ögurhvarfi verður með hefðbundnu sniði Bónusverslana, stórir og rúmgóðir kælar fyrir ferskvörur og að sjálfsgöðu eitthvert úrval sérvöru. Þetta er þriðja verslun okkar í Kópavogi og við bindum miklar vonir við þetta nýja hverfi,“ segir Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss.

Í tilefni dagsins verður boðið upp á fjölda opnunartilboða í versluninni.

## Fiskur á glóðina

FLESTUM DETTUR KJÖT, GRÆNMETI EÐA PYLSUR Í HUG ÞEGAR MINNST ER Á GRILL EN FISKUR BRAGÐAST EINNIG VEL AF HLÓÐUM.

Fiskur er góður grillaður. Gallinn við hann er sá að hann er lausari í sér en kjötið og því er hann vandmeðfarnari. Með gætni er þó auðvelt að heilgrilla fisk með roði þó hann sé settur beint á ristina og bara snúið einu sinni en gæta verður þess að olíubera hann svo hann festist ekki við grindina. Enn betra er að nota sérstakar tangir sem lokast

utan um hráefnið. Álpappírinn nýtist líka vel þegar kemur að matreiðslu fiskis yfir opnum eldi. Þá safnast ljúffengur vökvi úr fiskinum í pappírinn sem gott er bera fram með. Til að fá bragð frá glóðinni er upplagt að opna álpappírinn síðustu mínútur eldunartímans.

- gg



Það er heldur betur rómantískt að grilla eigin afla úti í náttúrunni.

## Perlan í hópi bestu útsýnisveitingastaða

Nýverið gerði tímaritið *The Independent* úttekt á bestu útsýnisveitingastöðum heims.

Veitingastaðurinn Perlan í Óskjuhlíð var valinn einn af fimm bestu útsýnisveitingastöðum heims á dögnum af blaðamanni *The Independent*.

Perlan var þar í hópi veitingastaða á borð við *The Portrait Restaurant* í London, *Sirocco* í Bangkok, *Tower Top* í Zanzibar og *Maison Blanche* í París.

Í Perlunni fer saman góður matur og frábært útsýni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Gaukur á Stöng

## HM 2006

### Stærsti skjár á landinu

### Pizzur, hamborgar,

### kjúklingavængir

### og aðrar veitingar



# allt tilboð o.fl.

Svörin eru öll í **Allt bókinni**. Meðal vinninga eru: Ferð út í heim með **Iceland Express**, Vodafone Live! **Nokia 6101** símar, Fríkort á **Grensásvídeó** og Pizzur frá **Villson's Pizza**. **ALLT er ný vöru- og þjónustuskra** á netinu á **www.allt.is**, í síma **1850** og núna í handhægri bók sem dreift hefur verið á **öll heimili**. Bókin er sneisafull af **upplýsingum** og **skemmtilegu efni**, allt frá **húsráðum** og handhægum **mælieiningum** til næringarupplýsinga og **götukorta**. Þú finnur allt sem þig vantar í **ALLT bókinni**.



## EIGNAMIDLUN

Síðumöla 21 • eignamidun@eignamidun.is • Fax 588 9095  
www.eignamidun.is • Mánud. - fimmtud. 9-18 Föstud. 9-17

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

### SELTJARNARNES - LEIGA

Höfum verið beðin að útvega traustum aðila 3-5 herb. íbúð á Seltjarnarnesi til leigu í 1 ár.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan fasteignasali í síma 588-9090 (eða 824-9093).



**FRÉTTABLAÐIÐ**  
– smáauglýsingar sem allir sjá

## Vélstjóri óskast til afleysinga á togbát

Upplýsingar hjá skipstjóra í síma 898-1103.



## Vörubílstjóri

Vantar bílstjóra með meirapróf á vörubíl með krana. Næg vinna fyrir góða menn.

Upplýsingar veitir Arinbjörn í síma 822-4430 eða arinbjorn@eykt.is

# allt atvinna

Alla sunnudaga



BEKINGARFYRIRTEKI Í BYGGINGARINDRADI

## Sendibílstjóri

Vantar bílstjóra, meirapróf æskilegt Næg vinna fyrir góða menn.

Upplýsingar veitir Pétur Einars. í síma 822-4437 eða peture@eykt.is

## Starfsmenn óskast

Vegna aukinna umsvifa Selecta fyrirtækjajónustu óskum við eftir öflugum einstaklingum í sölu- og þjónustulið okkar.

Starfið felst í þjónustuheimsóknum til viðskiptavina okkar ásamt sölu á vörum og þjónustu fyrirtækisins. Leitað er eftir þjónustulunduðum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt.

Einnig óskum við eftir starfsmanni á lager starfið felst í tiltekt á pöntunum og öðrum lagerstörfum.

Góð vinnuaðstaða og mótuneyti á staðnum. Áhugasamir sendi inn umsóknir með upplýsingum um aldur og fyrri störf á olafur@selecta.is eða í pósti á Selecta ehf, Fossaleyni 21, 112 Reykjavík, merkt "Starfsúmsókn", fyrir 21. júní n.k.



s: 5 85 85 85



Lóa  
Sólufulltrúi  
698 8733  
loa@remax.is



Sigurður  
Guðmundsson hdl,  
lögg. fasteignasali

## Eign fyrir stórfjölskylduna með sér 3ja. herb. íbúð í kjallara.



### Langeyrarvegur

Stærð: 276,7 fm.

Verð: 64,9 mill.



Aðalíbúðin er 184 fm og skiptist í tvær hæðir 1. hæð 93,5 fm. : Eldhús - stofa - borðstofa - baðherbergi og svefnherbergi. Nýlegt eldhús frá HTH.

2. hæð 90,3 fm. : Fjögur stór svefnherbergi - baðherbergi og geymsla. Nýlegir skápar, parket og baðherbergi.

Kjallari 92,9 fm. : Tvö svefnherbergi - stofa - borðstofa - eldhús - rúmgott baðherbergi - geymsla. Allt endurnýjað fyrir 3. árum.

Eignin er mikið endurnýjuð s.s. allt ytra byrði hússins þ.e. múr og steypa, þakjárn, gler, gluggapóstar og opnanleg fóg. Stórkostlegt útsýni yfir sjóinn.



ÞJÓNUSTUSÍMI: 698-8733

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX BÚÍ  
Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík  
Sími: 520 9400 - t-póstur: bui@bui.is  
www.bui.is



**Draumahús**  530 1800



**Alltaf föst lág  
söluþóknun**

**Yfir 360 eignir á [www.draumahus.is](http://www.draumahus.is)**

**Tvær skrifstofur: Mörkinni 4, Reykjavík  
og Strandgötu 41, Hafnarfirði**

## FJALLIÐ: HEKLA

Hekla er eitt virkasta eldfjall á Íslandi. Hún er á Suðurlandi, nánar tiltekið í Rangárvalla-sýslu. Hún er í laginu eins og bátur á hvolfi með háan toppgíg og sést víða að. Fjallið er um 1.491 metra hátt og gaus síðast í febrúar árið 2000.

Hekla er ungt eldfjall en meginhluti hennar er talinn vera yngri en 2.500 til 7.000 ára gamall. Hún stendur á fremur þykkri jarðskorpu þar sem Suðurlandsbrotabeltið og Suðurlands-gosbeltið mætast og því mikil virkni í jarðskorpunni.



Fjallið sker sig frá öðrum íslenskum eldfjöllum að því leyti að kvikuholf hennar er mun dýpra en í öðrum fjöllum landsins, eða á um 11 km dýpi.

## BORGIN: VALENCIA

Valencia er skemmtileg og rómantísk evrópsk borg. Miðbær borgarinnar skartar glæsilegum byggingum hvarvetna og iðandi mannlífi. Í miðbænum eru, líkt og í öðrum borgum, stórir og skemmtilegir markaðir þar sem hægt er að kaupa allt sem flokkast undir matvæli, hvort sem það er sjávarfang úr Miðjarðarhafinu eða stærðarinnar kjötskrokkar. Mikil fjöldi verslana er aukin heldur í borginni.

Þrátt fyrir aragrúa sögufrægra bygginga við hvert fótmál í miðborginni er helsta kennileiti borgarinnar eflaust stærðarinnar svæði sem tileinkað hefur verið undir söfn af ýmsu tagi, má þar nefna stórbrotin sjávardýra- og náttúruminjasöfn. Arkitektúrinn á byggingunum er framúrstefnulegur og stórglæsilegur, líklega eins og fólk ímyndar sér hvernig nýbyggingar muni líta út eftir 50 ár. Valencia er vinnuleg borg sem gaman er að heimsækja á vorin eða á haustin þegar að hitinn er um 25 gráður og mesti ferðamannaysinn er liðinn hjá..



Náttúruminjasafnið í Valencia er framúr-stefnuleg bygging

## VISSIR ÞÚ...

...að hraðskreiðasti rússíbani í heimi er Kingda Ka-rússíbaninn í Six Flags Great Adventure skemmtigarðinum í Bandaríkjunum? Hann kemst á 206 km hraða á klukkustund þegar vel lætur. Hann er einnig hæsti rússíbani í heimi með hæsta punkt upp á 127 metra hæð yfir jörðu.

...að árið 1912 opnaði Scenic Railway rússíbaninn í Luna Park í Ástralíu? Hann hefur verið í notkun síðan og er því sá rússíbani sem lengst hefur verið í notkun samfellt.

...að fyrsta Parísarhjólíð var smíðað í Chicago í Bandaríkjunum árið 1893? Hjólíð var 80 metra hátt og 240 metrar í ummál en tilefni smíðarinnar var heimssýningin í borginni sama ár.

...að lengsti trérússíbani veraldar er í Paramount's King Island skemmtigarðinum í Ohio Bandaríkjunum. Hann er byggður úr krossviði og er hann 2.286 metra langur. Ein ferð í rússíbananum tekur 3 mínútur og 40 sekúndur og er hámarkshraðinn 104 km/klst.

...að stærsta Parísarhjól veraldar er Auga Lundúna? Það er, eins og nafnið gefur til kynna, í London í Bretlandi. Hjólíð er 135 metrar í þvermál eða 55 metrum breiðara en fyrsta Parísarhjólíð. Árið 2001 snerist hjólíð í fyrsta sinn fyrir almenna gesti.

...að lengsti rússíbani í heimi er Stáldreki 2000 í Nagashima Spaland í Japan? Hann er 2.479 metra langur hringrússíbani. Hann fer hæst í 95 metra hæð og getur náð allt að 149 km/klst. Fyrsta ferðin í Stáldreka 2000 var farin árið 2000.

...að hágæða rússíbani kostar að minnsta kosti 650 milljónir króna?

...að stærsta öldusundlaug veraldar er í Síamsgarðinum í Bangkok í Taílandi? Hún er 16.000 fermetrar.

...að lengsta haf hengibrúar er 1.990,8 metrar? Þessa brú er að finna í Japan, en hún liggur milli Honshu og Shikoku. Heildarlengd brúarinnar er 3.911 metrar.

...að lengsta tágahengibrú í heimi er 362 metra löng? Hana er að finna á Ítalíu en brúin var tekin í notkun 15. júlí 2001.

# Ertu í húsgagnaleit?

Nýjar sendingar af vönduðum sófasettum á frábæru verði o.m.fl.



*Corinna*

Verð kr. 219.000.-

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Ljóst, brúnt og koniaksbrúnt



*Garðhúsgögn*

Vönduðu sænsku KWA garðhúsgögnin eru komin!




*Lucienne*

3+1+1 með afar sterku áklæði

Verð kr. 239.000.-

Vandað sófasett 3+1+1 með sterku tauáklæði - Litir: Ljóst, beige, brúnt og rautt



*Streza*

Verð kr. 139.000.-

Hvíldarstólar m/leðri 2ja sæta m/borði og skemli



*Dorothy*

Verð kr. 279.000.-

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Rauðbrúnt



*Borðstofa*

Mikið úrval af afar vönduðum dönskum Skovby borðstofuhúsgögnum

**skovby**  
Borðstofuhúsgögn

**Kíktu í dag...**

Mikið úrval af hornsófum, sófasettum og hvíldarstólum

[www.valhusgogn.is](http://www.valhusgogn.is)

Röllu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375

**allt**  
bílar

Alla laugardaga

## Úrslitavafri

Norska vafrafyrirtækið Opera Software hefur sent frá sér nýjan vafra í farsíma sem er sérstaklega ætlaður áhugafólki um HM í fótþolta. Vafurinn heitir Opera Mini Goal 06.

Auk þess að fara á netið í símanum sækir vafurinn upplýsingar um lið og niðurstöður leikja og veitir að auki aðgang að spjallhópum.

„Milljónir manna verða með hugann við boltann öllum stundum næsta mánuðinn,“ segir Rolf Assev, yfirmaður markaðssviðs Opera Software. „Með nýja vafurinum fylgist maður með HM hvar sem er, og missir aldrei af leik.“

Opera Mini-farsímavafurinn var settur á markað í janúar og hefur



**SPÁNVERJAR SKORA Á HM** Milljónir manna um heim allan fylgjast með heimsmeistarakeppninni í fótþolta.

síðan laðað til sín yfir 3,5 milljónir notenda, að sögn Opera. Þá hafa æ fleiri fyrirtæki kosið að dreifa sérniðnum útgáfum vafurans til viðskiptavina sinna, þar á meðal eBay og Pricerunner.

Nýútkominni fótþoltaútgáfu vafurans er hægt að hlaða niður á slóðinni: <http://mini.opera.com/goal>.

- óká

## Vill evrópska risakauphöll

Bankastjóri Seðlabanka Evrópu vill ekki að Euronext sameinist NYSE.

Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, segist frekar vilja að evrópska kauphallarsamtæðan Euronext sameinist Þýsku kauphöllinni, Deutsche Boerse, en Kauphöllinni í New York (NYSE). Forsvarsmenn Euronext hafa nú þegar tilkynnt að sameining við NYSE sé í burðarliðnum.

„Ég er Evrópumaður og fyndist eðlilegra að tvær evrópskar kauphallir tækju saman höndum. Ég kem hins vegar hvergi nærri þessari ákvörðun,“ sagði Trichet.

Verði úr sameiningu NYSE og Euronext verður til stærsti hlutabréfamarkaður heims og sá fyrsti sem nær yfir tvær heimsálfur.



**JEAN CLAUDE TRICHET** Bankastjóri Seðlabanka Evrópu vill frekari sameiningu kauphalla.

Forsvarsmenn Deutsche Boerse segjast ekki ætla að láta deigan síga og hyggjast reyna til þrautar að

landa samningum við Euronext. Líklegast verður þó að telja að sameining NYSE og Euronext verði að veruleika.

Euronext hefur höfuðstöðvar í París og rekur kauphallir í Amsterdam, Brussel og Lissabon, auk þess að koma að rekstri kauphalla í Madrid og Milanó.

Mikil sameiningarhrina er nú á hlutabréfamörkuðum víða um heim og freista forsvarsmenn kauphalla þess að lækka stofnkostnað. Fréttir hafa borist af yfirvofandi sameiningu NASDAQ í New York og Kauphallarinnar í Lundúnum en ekki hefur náðst samkomulag enn.

-jsk



**BEN BERNANKE** Aukin verðbólga í Bandaríkjunum eykur líkurnar á að seðlabankastjórinn Bernanke hækki stýrivexti. MYND/AFP

## Verðbólgan eykst vestra

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,4 prósent í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Þetta jafngildir 4,2 prósentu verðbólgu á ársgrundvelli.

Almennt var búist við þessari hækkun sem skrifast að mestu á reikning aukins eldsneytiskostnaðar og hækkunar á raforkuverði. Þá nemur hækkun á fasteignaverði í Bandaríkjunum um helmingi hækkunar á vísitölunni.

Hækkunin er sögð auka líkurnar umtalsvert á að Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hækki stýrivexti á næsta vaxtaákvörðunarfundi seðlabankans undir lok mánaðarins. - job



**SIGURVEGARI FÆR VERÐLAUN** Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone, klæðir Sigtrygg Hilmarsson, sigurvegara á fyrirtækjagölmóti Og Vodafone, í rauða jakkann, farandverðlaun mótsins.

## Varði titillinn á golfmóti

Um hundrað manns tóku þátt í árlegu fyrirtækjagölmóti Og Vodafone sem nýverið fór fram á Grafarholtsvelli.

Sigtryggur Hilmarsson, starfsmaður Vistor, var hlutskarpastur með 44 punkta, en hann vann mótið líka í fyrra og fær því áfram að klæðast rauðum jakka sem fellur sigurvegara mótsins í skaut. Auk þess að mega klæðast jakkanum vann Sigtryggur líka farsíma frá Nokia, fékk gjafakort frá 66°Norður og flug og miða á leik í átta liða úrslitum heimsmeistarakeppninnar í fótþolta sem fram fer í Þýskalandi. Guðmundur Arason, framkvæmdastjóri Securitas, var svo með besta skorið á 75 höggum. Hann fékk GSM síma frá Nokia og gjafabréf frá 66°Norður.

Mótið þótti hið veglegasta og kváðust margir hlakka til að mæta á ný að ári. Fyrir mótið var boðið upp á golfkennslu, en hana önnuðust atvinnukylfingarnir, Ólöf María Jónsdóttir og Úlfar Jónsson.

- óká

**„Hvað er með Ásum?“**  
Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttáfræðings.  
**Laxárstöðvar í Aðaldal**

**Orka í iðrum jarðar!**  
Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáid myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.  
**Kröflustöð í Mývatnssveit**

**Ísland í augum innflytjenda**  
Hvaða sýn hafa innflytjendur á land og þjóð? Listsýning nokkurra innflytjenda. Skemmtidagskrá margar helgar í sumar.  
**Ljósafossstöð við Sog**

# Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn

**Kynnist Kárahnjúkavirkjun!**  
Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.  
**Végarður í Fljótsdal**

**List og saga**  
„Andlit Þjórsæla – mannlíf fyrr og nú“. Málverkasýning Hlífars Snæbjörnssonar. Athyglisverð sölusýning á landslagsmálverkum.  
**Sultartangastöð ofan Þjórsárdals**

**Með krafta í kögglum!**  
Sýning á myndum Halldórs Péturssonar listmálara við Grettissögu. Kynnið ykkur orkumannvirki sem kemur á óvart.  
**Blöndustöð, Húnapiingi**

## Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is) og í síma **515 9000**.



**Landsvirkjun**

Góðir straumar í 40 ár

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
PORSTEINN PÁLSSON

Ríkisstjórn og kjarasamningar.

## Engir hveiti- brauðsdagar

Á sama tíma og uppstokkuð ríkisstjórn tekur við standa á henni mörg spjót. Brýnast og mikilvægast er að hún komi að kjarasamningum í þeim tilgangi að tryggja stöðugleika í þjóðarþúskapnum. Geir Haarde fær því enga hveitibrauðsdaga á stóli forsætisráðherra.

Aðkoma ríkisstjórnarinnar að lausn kjarasamninga er engan veginn einfalt úrlausnarefni. Grundvallarvandinn hefur verið fölginn í of mikilli neyslu og skuldaförnu. Með nokkrum sanni má segja að ríkisstjórnin hafi verið of svífasein að taka á þeim vanda.

Seðlabankinn hefur einn og óstuddur hamlað gegn vaxandi verðbólgu með aðgerðum á peningamarkaði. Hans eina ráð er hækkun vaxta. Þær ráðstafanir hafa hins vegar mjög takmörkuð áhrif ef ekki er á sama tíma gripið til mjög harðra aðhaldsaðgerða á öðrum sviðum í búskap þjóðarinnar.

Sú krafa hefur því staðið um nokkurn tíma að ríkisstjórnin beitti sér markvisst fyrir ráðstöfunum er miðuðu að því að draga úr þenslu. Rétt er að tekjuafgangur ríkissjóðs er hlutfallslega meiri en meðal samkeppnisþjóðanna. En í samanburði við viðskiptahallann er hann hins vegar fjarri því að vera nægur.

Á þessum vettvangi hefur verið á það bent að brýnt væri að frysta afganginn af símápeningunum. En það þarf mun meira til ef jafnvægi á að nást. Ríkisstjórnin þarf einfaldlega að senda mjög skýr skilaboð um aðgerðir í þessa veru ætli menn sér í alvöru að ná jafnvægi á ný.

Jafnvægisstefnan byrjaði að fara úr skorðum fyrir níu árum. Nú er tækifæri til þess að leggja skýrar línur á ný. Sá iskald veruleiki blasir við að stöðva verður vöxt samneyslunnar með öllu. Skilaboð þar um verða að koma án tafar frá ríkisstjórninni.

Gerist það ekki á næstu dögum er hætt við að markaðurinn missi trú á að ríkisstjórnin ætli að gera það sem þarf. Þá fer hver að tryggja sína stöðu í verðbólguþúskapinu á fjármálamarkaði jafnt sem launamarkaði. Þá atburðarás þarf að stöðva.

Allar aðgerðir í skattamálu verða að vera í samræmi við þetta markmið. Verkalýðshreyfingin hefur sett fram kröfur um nýtt álagningarskattþrep í tekjuskattkerfið. Núverandi tekjuskattkerfi var unnið í náinni samvinnu við verklyðshreyfinguna árið 1986. Í því hefur hver skattgreiðandi sitt skatthlutfall. Það væri afar óskynsamlegt að eyðileggja þennan grundvöll skattkerfisins nú svo ekki sé meira sagt.

Hitt er annað að verkalýðshreyfingin getur með nokkrum rétti gagnrýnt hvernig skattleysismörkin hafa þokast til í gegnum tíðina. Það er frávík frá þeirri grundvallarreglu sem sátt varð um 1986. Það væri farsælla og meira í samræmi við upphaflegt samkomulag við verkalýðshreyfinguna að hækka nú skattleysismörkin.

Geti ríkisstjórnin ekki skorið niður útgjöld til þess að mæta aðgerðum af þessu tagi á hún ekki annan kost en að fresta áformaðri lækkun skatthlutfallsins. Það er að vísu ekki góður kostur.

Hinn kosturinn er þó miklu verri að geta ekki komið til mótis við verkalýðshreyfinguna og senda ekki tafarlaust skilaboð um aðgerðir til þess að draga úr neyslu.

Þetta eru vitaskuld engin óskaverkefni fyrir nýjan forsætisráðherra. En í ljósi allra aðstæðna er auðveldara að rökstyðja ráðstafanir af þessu tagi en láta vaða á súðum.

Að sönnu er skiljanlegt að menn vilji standa fast við gefin loforð. En stjórnarflokkarnir lofuðu líka stöðugleika. Farsælla er að hengja sig á það loforð. Við ríkjandi aðstæður væri tilraun til að efna hvort tveggja í einu að berja höfðinu við steininn.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

## Pólitískar hugsjónir

Kapallinn í ríkisstjórninni, sem hófst með fréttum af brottþvarfi Halldórs Ásgrímssonar, gekk loksins upp í gær. Svo virðist sem ríkisstjórnarflokkarnir standi þétt saman þótt samstarfsviljinn sé nokkuð laskaður. Það er ekkert óeðlilegt við það eftir hræringar síðustu daga. Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri-grænna, telur hins vegar Framsókn búna. „Hún er orðin heiköld lýðræðissnaud hagsmunasamkunda – gersneydd öllu sem heitir pólitísk hugsjón. Á meðal kjósenda fjölgar þeim sem koma auga á þetta,“ segir þingmaðurinn á heimasíðu sinni.

Nokkuð er til í þessum orðum. Hins vegar er von á að hugmyndafræðileg uppstokkun verði innan flokksins á næstunni. Jón Sigurðsson, nýi ráðherra Framsóknarflokksins, hefur til dæmis tekið að útskýra hugmyndafræði flokksins á þann veg að fleiri en eldheitir framsóknarmenn hafa lagt við hlustir. Svo má ekki gleyma framtíðarhlutverki unga fólksins eins og Björns Inga Hrafnssonar, Páls Magnússonar og Sivar Friðleifsdóttur. Kannski tekst þessu fólki að blása lífi í pólitískar hugsjónir flokksins næstu tíu mánuðina.

## Lækkun skatta

„Þeir sem bjóða sig fram undir merkjum Sjálfstæðisflokksins geta vart annað en stefnt að því að lækka skatta. Lægri opinber gjöld eru slíkur hornsteinn inn í stefnu flokksins að framboð sem ekki hefur skattalækkanir að mark-

miði getur tæpast talist vera á vegum Sjálfstæðisflokksins. Raunveruleikinn er þó vitaskuld þannig að ekki er alltaf hægt að stíga skref til lækkunar skatta en það ætti þó alltaf að vera keppikefli og langtímamarkmið sjálfstæðimanna í sveitarstjórnunum,“ skrifar Þórlindur Kjartansson í nýjasta heftir Stefnis, riti Sambands ungra sjálfstæðismanna. Þetta er skynsöm ábending hjá Þórlindi. Því veker það furðu að nýr meirihluti í borgarstjórn, undir forystu Sjálfstæðisflokksins, skuli ekki minnst á þetta í mál-efnaáherslum sínum. Né lækkun útgjalda nú þegar efnahagsstjórnin er í uppnámi. Stærsta sveitarfélagið ber líka ábyrgð.

bjorgvin@frettabladid.is

## 13. janúar 1993

Í 3. bindi ævisögu Steingrims Hermannssonar, sem ber heitið „Forsætisráðherrann“ og Dagur B. Eggertsson skráði, er að finna eftirfarandi setningu um ákvörðun Steingrims um að hætta. „Í fyrsta skipti á formannsferli mínum snerist stór hópur þingflokks Framsóknarflokksins gegn leiðsögn minni. Eftir þá niðurstöðu taldi ég tímabært að hætta stjórn-  
málaafskiptum.“

Steingrímur er þarna að vísa til uppgjörs sem varð í kringum atkvæðagreiðsluna um EES-samninginn á Alþingi 13. janúar 1993. Þingflokkurinn klofnaði þá í tvo nánast jafnstóra arma, annars vegar fylgismenn Steingrims sem greiddu atkvæði gegn samningnum á þeirri forsendu að hann bryti gegn stjórnarskránni og hins vegar Halldórsarmur sem sat hjá. Það er fróðlegt að skoða nöfnin sem hér komu við sögu: Þau sem tóku þátt í uppreisinni gegn formanninum og sátu hjá voru: Halldór Ásgrímsson, Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Kristjánsson og Valgerður Sverrisdóttir. Þeir sem stóðu með Steingrím voru hins vegar Guðmundur Bjarnason, Guðni Ágústsson, Jón Helgason, Ólafur Þ. Þórðarson, Páll Pétursson og Stefán Guðmundsson.

Í þessari atkvæðagreiðslu kristallaðist tvískipting flokksins, hún varð sýnileg og segja má að hún hafi við það að ýmsu leyti fest sig betur í sessi. Ekki endilega vegna afstöðunnar til EES-samningsins sem slíks, (hún hefur breyst) heldur fyrir þann málatilbúnað og pólitísku áherslur sem lágu að baki þeirri afstöðu. Sérstök blanda hefðbundinn borgaralegrar frjálshyðissteffnu þéttbýlis annars vegar og þjóðlegrar samvinnu- og ungmennafélagshugmyndir hins vegar höfðu verið einkenni á hugmyndafræði flokksins. Þarna kom fram í Halldórsarminum mun meiri áhersla á þéttbýlið og borgaralegt frjálshyði á meðan „ung-

## Í DAG

TÍMAMÓT Í FRAM-  
SÓKNARFLOKKIBIRGJÓR  
GUDMUNDSSON

Fylkingarnar frá atkvæðagreiðslunni frægu árið 1993 eru því hvorugar með góða stöðu þessa dagana, og í formannsbaráttunni sem framundan er mun þessi saga öll hafa þýðingu – hvort sem flokksmenn eru meðvitaðir um hana eða ekki.

mennafélagsandinn“ var meira áberandi í hinum arminum. Eftir að Halldór Ásgrímsson tekur við formennskunni árið 1994 verður sá armur sem við hann er kenndur ráðandi í flokknum þó ungmennafélagsarmurinn hafi ætíð lágmarksviðveru í forustunni líka. Það þarf ekki annað en líta á lista þeirra þingmanna sem sátu hjá í EES-málinu til að sjá að þar var á ferðinni fólk, sem hefur verið mjög handgengið Halldóri í formannstíð hans og komist til mikilla áhrifa. Í hinum hópnum eru það eingöngu Páll Pétursson og Guðni Ágústsson sem setið hafa á ráðherrastóli í formannstíð Halldórs.

Athygli vekur nú, að úr þessum hópi öllum frá 1993 eru einungis tveir eftir í ríkisstjórn, Valgerður Sverrisdóttir og Guðni Ágústsson. Gamli Halldórsarmurinn er semsé að draga sig í hlé þessa dagana, og þrátt fyrir meinta tilraun til að framlengja yfirráð þessa hóps með því að koma Finni Ingólfssyni að aftur, þá er greinilegt að tími handstýrðra yfirráða þessa arms er liðinn. Í því ljósi er yfirlýsing

Valgerðar Sverrisdóttur um að hún hyggt ekki sækjast eftir forustuembætti í flokknum táknaðen - því þetta segir hún þrátt fyrir að Halldór hafi sett hana í virðingarmesta embættið sem Framsókn hefur í ríkisstjórninni. Það er ekki óeðlilegt að spyrja hvort hún sé farin að ihuga að draga sig í hlé eins og félagar hennar frá 1993.

Á sama tíma vekur athygli að Guðni Ágústsson varaformaður – sem kemur úr ungmennafélagsarmi flokksins – heldur vissulega sínum pósti í öllum hrókeringunum en fær samt ekki þá stöðu sem eðlileg hefði verið fyrir varaformann. Því til viðbótar situr hann uppi með að hafa tekið þátt í pólitískri innanflokks refsakásem hann á erfitt með að komast út úr.

Fylkingarnar frá atkvæðagreiðslunni frægu árið 1993 eru því hvorugar með góða stöðu þessa dagana, og í formannsbaráttunni sem framundan er mun þessi saga öll hafa þýðingu – hvort sem flokksmenn eru meðvitaðir um hana eða ekki. Líklegast er að menn reyni að taka skrefið áfram og stíga út úr þessari tvískiptingu. Það þýðir að finna verður samnefnara sem ekki er bundinn í fylkingarnar. Framsóknarflokkurinn þarf á því að halda að synthesa komi út úr stríðandi andstæðum flokksins. Jón Sigurðsson hefur áður verið sáttaðsemjari milli þessara aflu og hann hefur endurvakið kunnuglega orðræðu og talar nú fimlega um borgaralegt frjálshyði sem eigi rót í þjóðlegum samvinnu og ungmennafélagshugsjónum. Hann kallar þetta sambland frjálshyðis og þjóðhyggju (sem er augljóslega annað en þjóðernishyggja). Jón er þannig augljós frambjóðandi í formennsku, þó það séu vitaskuld fleiri sem hafa metnað til forustu og eru ekki beintengdir inn í gömul átök og flokkadrætti. Spurningin er hvort Jón verði ekki sá sem nær flokknum saman á ný og nýtur við það hjálpar yngra fólks, sem þá tæki við í fyllingu tímans.

### Mest lesna tímarit landsins!

51% 14% \*  
Meðallatur á tbl. 20-50 áraAUGLÝSINGASÍMI  
550 5000**birta**

\* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

## MARKAÐURINN

## Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Porsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Halldáson FULLTRÚI RITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAEILID: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilar sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



**BOLUR**  
nú 590.-  
áður 890.-  
(Einnig í bláu)

**GALLAPILS**  
nú 4.490.-  
áður 7.490.-



**BOLUR**  
nú 1.890.-  
áður 2.790.-

**BUXUR**  
nú 2.690.-  
áður 3.790.-



**TOPPUR**  
nú 1.190.-  
áður 1.690.-

**GALLABUXUR**  
nú 2.790.-  
áður 3.890.-



**BOLUR**  
nú 1.690.-  
áður 2.490.-  
(Einnig til í gráu)

**SVART GALLAPILS**  
nú 3.190.-  
áður 4.490.-



**STUTTERMA-  
SKYRTA**  
nú 2.490.-  
áður 3.590.-

**STUTTBUXUR**  
nú 3.290.-  
áður 4.890.-



**BRÚN SKYRTA**  
nú 2.490.-  
áður 3.590.-

**HÖRBUXUR**  
nú 2.890.-  
áður 4.190.-



**BOLUR**  
nú 2.790.-  
áður 3.990.-

**GALLABUXUR**  
nú 4.990.-  
áður 7.190.-

**UNGFRÚ NEXT  
KJÓLL**  
nú 2.790.-  
áður 3.990.-  
(Einnig í hvítu)

**SKÓR**  
nú 2.290.-  
áður 3.290.-

**BELTI**  
nú 2.290.-  
áður 3.290.-

**HERRA NEXT  
JAKKI**  
nú 7.690.-  
áður 10.990.-

**BUXUR**  
nú 3.490.-  
áður 4.990.-

**EINNIG ER  
KRINGLUKAST  
Í BARNADEILD  
OG NEXT HEIMILI**

**NEXT**

**KRINGLUNNI**

551 3200

# DV

## um helgina



# Síðustu orð Bára

Tískudrottningin Bára Sigurjónsdóttir var borin til grafar í gær

**Sirkus og DV Sport eru fylgirit DV. Hér og nú fylgir einnig frítt til áskrifenda.**

**Hefur þú séð DV í dag?**



FRÁ GUANTANAMO Greinarhöfundur sat í Guantanamo-fangabúðunum í tvö og hálf töl á þess að vera nokkurn tímann birt ákæra eð. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## Örvæntingin í Guantanamo

### UMRÆÐAN

**MOURAD BENCHELLALI**  
FYRRVERAND FANGI Í GUANTANAMO  
SKRIFAR UM FANGABÚÐIRNAR

*En svipur langflestu andlitanna sem ég man eftir var svipur örvæntingar og þjáningar þess sem er í svo óskiljanlegri stöðu að hann er smám saman að ganga af vitinu.*

Mér var sleppt úr fangabúðum Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa á Kúbu í júlí 2004. Síðasti fanginn sem ég sá áður en ég steig um borð í flugvélinu sem átti að flytja mig heim til Frakklands, var ungur Jemeni. Hann var gjör-samlega miður sín. „Á þínu slóðum Mourad, hafa orð eins og mannréttindi merkingu,” sagði hann. „Þar sem ég á heima eru þau einskis nýt og öllum er sama. Ekki gleyma því sem þú hefur gengið í gegnum hérna þegar þú ert orðinn frjáls. Segðu fólki frá því að við erum hér.“

Ég hef komist að því að Jemeninn var ekki í hópi fanganna þriggja sem stytta sér aldur í Guantanamo um síðustu helgi, en engu að síður hafa orð hans glumið í höfði mér síðan þá. Þótt ég sé nú frjáls rifjast dvöl mín í búðunum og sameiginlegar raunir okkar stöðugt upp fyrir mér.

### Í þjálfunarbúðum al-Kaída

Snemma sumars 2001, þegar ég var nítján ára gamall, gerði ég þau mistök að fara að ráðum bróður míns og ferðast til Afganistan. Ég hélt ég væri á leið í draumafrið. Hann sagði að vinir sínir myndu annast mig. Sem þeir gerðu. Þeir fluttu mig á stað sem kom í ljós að voru þjálfunarbúðir al-Kaída. Ég var þar í tvo mánuði; fastur í miðri eyðimörkinni, gísl eigin ótta og heimsku.

Þegar vist minni þar lauk hélt ég heim á leið. Þegar ég var staddur nokkra kílómetra frá landamærum Pakistan heyrði ég töndin hryllilegu af árasunum hinn 11. september. Nokkrum dögum síðar var landamærunum lokað. Eina færa leiðin til Pakistan og þaðan til Evrópu var yfir Hindu Kush-fjöllin. Með mér var hópur fólks sem var á leið í sömu átt. Enginn

var vopnaður; rétt eins og í mínu tilfelli hafði ævintýragirndin hlaupið með flest þeirra í gönur, þau voru ginnt til Afganistan á óheppilegum tíma og vildu bara komast aftur heim.

Skömmu eftir að ég komst yfir landamærin handtók pakistanski herinn mig í mosku þar sem ég sat og drakk te. Nokkrum dögum síðar var ég framseldur til Bandaríkjahers. Ég vissi það ekki þá, en ég var flokkaður sem „hermaður í líði óvina“. Það skipti engu máli að ég var ekki óvinur eins eða neins, hafði aldrei á vígvöll komið eða svo mikið sem beint vopni að annarri manneskju. Eftir tvær vikur í bandarísku herstöðinni í Kandahar í Afganistan var ég sendur til Guantanamo, þar sem ég var næstu tvö og hálf töl á. Það er ógjörningur að lýsa þjáningunum og pyntingunum í búðunum í örfáum línum. Það versta við vinstina var þó örvæntingin – tilfinningin um að sama hvað ég segði myndi það ekki skipta máli.

### Sælgæti í stað frelsis

Herinn, leyniþjónustan og alríkisrögreglan láta mann endurtaka sögu sína aftur og aftur. Í fyrsta skipti sem þeir sögðu: „Mál þitt er í vinnslu“ tók vonin öll völd og hjartað kipp. Með tímanum reynir maður hins vegar að brynja sig gegn voninni til þess að draga úr eilífum vonbrigðum, en vonin hverfur þó aldrei.

Ég man eftir einu skipti þegar sá sem yfirheyrði mig var að undirbúa mig undir langt lygapróf, sem var að hans sögn óskekult. Að prófinu loknu var ég skilinn einn eftir í herberginu. Klukkustund síðar sneri hann aftur og sagði háðslega. „Til hamingju. Þú náðir prófinu.“ Því næst henti hann til míns sælgæti. Ég komst að þeirri niðurstöðu að utan fangabúðanna væri þeim refsað sem segðu ósatt eða fremdu glæpi, en þeir sem segðu satt og breyttu rétt væru frjálsir. Í Guantanamo hlaut sá sem hafði sagt satt og breytt rétt ekki frelsi sitt að launum heldur sælgæti.

### „Óhefðbundinn hernaður“

Mér var að lokum sleppt. Í næsta mánuði mæti ég fyrir rétt í París fyrir að hafa varið tveimur mánuðum í þjálfunarbúðum al-Kaída. Þeirri sök hef ég aldrei neitað. Ég veit hvenær verður réttað yfir

mér, ég mun standa frammi fyrir dómara og ég hef lögmann. Slíkur munaður er óhugsandi í Guantanamo. Ég þekkti ekki fangana sem dóu, en það er auðvelt að gera sér í hugarlund örvæntinguna og óvissuna, sem nagaði þá daglega og leiddi til þess að þeir fyrirfóru sér. Á meðan ég sat inni sá ég marga fanga gera uppreisn. Sumir óskruðu hástöfum, aðrir fóru í hungurverkfall eða reyndu að sálga sér. „Þeir eru klókir, þeir eru útsjónarsamir og þeir eru dyggir málstað sínum,” sagði Harry Harris flotaforingi, yfirmaður búðanna. „Þeir bera enga virðingu fyrir mannlífum, hvorki annarra lífi né sínu eigin. Ég held að þeir hafi ekki stytta sér aldur í örvilnun, heldur hafi þetta verið óhefðbundinn hernaður gegn okkur.“

### Takmarkalaus grimmd

Ég er hófsamur múslimi. Ég hef aldrei háð stríð, hvað þá óhefðbundið stríð. Ég var ekki andsnúinn Bandaríkjunum áður fyrr og er það merkilegt nokk ekki núna. Ég hitti vissulega menn í fangelsinu sem telja „jihad“ vera tilgang lífsins. Hugur þeirra er brennandi af hatri. En svipur langflestu andlitanna sem ég man eftir var svipur örvæntingar og þjáningar þess sem er í svo óskiljanlegri stöðu að hann er smám saman að ganga af vitinu. Á nóttunni sækir þessi svipur á mig.

Ég held að lítill hluti fanganna 465 í Guantanamo sé sekur um þá glæpi sem þeim er gefið að sök. Eins og skýrslur Bandaríkjahers sýna benda engin sönnunargögn til þess að þorri þeirra hafi veist að Bandaríkjunum eða bandamönnum þeirra með ofbeldi. Þrátt fyrir það býddi ekki að halda fram sakleysi sínu í búðunum. Í örvæntingu okkar grátbáðum við um miskunn en við sögum aldrei: „Sleppið okkur, við erum saklausir!“ heldur: „Dæmið okkur fyrir hvað sem við höfum gert!“

Í kerfi sem er ófært um að frelsa þá saklausu og refsa þeim seku er grimmdinni engin takmörk sett.

*Benchellali skrifaði bók um vist sína í þjálfunarbúðum al-Kaída og fangavist sína í Guantanamo-flóa. Greinin birtist áður í New York Times.*



# sóttíloð

**Frábær sumarauki**  
**Verðmæti 265.000 kr.**  
**-þér að kostnaðarlausu**

Aðeins **22** sportjeppar eru til á þessu sérstaka sóttíloði

Sóttíloð með aukahlutapakka 2.990.000 kr.\*

**Engin bið**  
Ford Escape GPS Active tilbúinn til afhendingar núna

**Tilboðið gildir til 16. júní**



Ford Escape 4x4 GPS Active  
2,3i, 5 dyra, sjálfskiptur, 153 hestöfl.

## Rataðu á Escape og þú nýtur þess að vera til



Ford Escape 4x4  
**GPS Active**

Sóttíloð með aukahlutapakka\*  
**2.990.000 kr.**

Rekstrarleiga 54.169 kr. Bílasamningur 36.768 kr.

**Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.**  
**Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:**

- Nuvi 350: eitt fullkornasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlíðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

Og sportjeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni

**Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?**

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kaupu Ford Escape GPS Active. Garmin Nuvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Íslantilla golfvelli á Spáni akkúrat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensinstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nuvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nuvi líka beint í vasann. Nuvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?



**Aukalega 265 þús. - þér að kostnaðarlausu.**  
**Komdu í dag. Vertu á Ford Escape 4x4 GPS Active.**

**Engin bið**  
Ford Escape GPS Active er til afhendingar strax  
**Tilboðið gildir til 16. júní**



Aflaðu þér frekari upplýsingar  
[www.ford.is](http://www.ford.is)

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu sóttíloði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóttíloði.

**Komdu núna. Sóttíloð Brimborgar gildir aðeins til 16. júní n.k. eða meðan birgðir endast.**

Sumarið er komið í Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.ford.is](http://www.ford.is)

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erLmyntikarta. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd er sölluga.

MARC BLOCH (1886-1944)  
LÉST PENNAN DAG.

„Góður sagnfræðingur er eins og risinn í ævintýrunum. Hann veit að þar sem hann finnur mannþef liggur bráðin hans.“

Frakkinn Bloch var skotinn af Gestapo fyrir vinnu sína með frönsku andspyrnu-hreyfingunni.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST: 16. JÚNÍ 1958

### Nagy tekinn af lífi

Á þessum degi var Imre Nagy, fyrverandi forsætisráðherra Ungverjalands og tákngvingur uppreisnarinnar gegn oki Sovétmanna árið 1956, hengdur fyrir landráð.

Nagy varð forsætisráðherra í Ungverjalandi árið 1953. Hann kom á ýmsum lýðræðislegum umbótum og setti sig upp á móti ihlutun Sovétmanna. Hann var settur af árið 1955 og rekinn úr ungerska kommúnistaflokknum árið 1956. Í október það ár fjölmenntu stúdentar og verkamenn um götur Búdapest og mótmæltu Sovétríkjunum. Mótmælin stigmögnduust næstu daga og urðu að allsherjar uppreisn. Nagy gekk til liðs við uppreisnarmenn og var aftur gerður að forsætisráðherra. Einn af ráðherrum hans,



Janos Kadar stofnaði aðra stjórn til höfuðs Nagy og óskaði eftir aðstoð Sovétmanna til að kveða uppreisnina niður.

Hinn 4. nóvember réðust 200 þúsund sovéskir hermenn á 2.500 skriðdrekum inn í Ungverjaland. Nagy leitaði hælís í jógóslavneska sendiráðinu en var handtekinn síðar. Hundruð þúsunda manna flúðu land og margir voru handteknir eða drepnir áður en uppreisnin var kveðin niður. Ríkisstjórn Kadar dæmdi Nagy síðar til dauða og tók hann af lífi.

Hann var jarðsettur í ómerkta fjölgaröf án viðhafnar og fékk ekki jarðarför með fullri sæmd fyrr en 16. júní árið 1989.

### MERKISATBURÐIR

- 1877** Blaðið Ísafold er prentað í eigin prentsmiðju í fyrsta skipti og er þetta talin stofndagur Ísafoldarprentsmiðju.
- 1909** Vatnsveita Reykjavíkur tekur til starfa og vatni úr Elliða-ánum er hleypt á dreifikerfi.
- 1940** 353 mönnum herskipisins Andia er bjargað af togaranum Skallagrími eftir að þýskur kafbátur sókkti skipinu.
- 1982** Lögregluþyrirvöld staðfestir að hafa lagt hald á 189 kíló af marjúána frá Jamaíka.
- 1999** Alþingi samþykkir stjórnskipunarlög sem meðal annars breyttu kjördæmaskipan.

### ÚTFARIR

- 11.00 Kristján Mikaelsson**, múrarameistari og flugmaður, verður jarðsungen frá Garðakirkju.
- 13.00 Halgrímur Páll Guðmundsson**, Hegranesi 25, Garðabæ, verður jarðsungen frá Víðalinskirkju.
- 13.00 Hrefna Elíasdóttir**, áður Byggðaholti 14, Mosfellsbæ, verður jarðsungen frá Lágaflaskirkju.
- 13.00 Sóley Hildur Oddsdóttir Mangal** verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.
- 14.00 Ásrún Jónsdóttir** frá Einarstöðum verður jarðsungen frá Einarstaðakirkju.
- 14.00 Helgi Þórðarson** á Ljósalandi verður jarðsungen frá Vopnafjarðarkirkju.

- 14.00 Snjólaug Guðrún Jónsdóttir**, Hjarðarbóli, Aðaldal, verður jarðsungen í Nesi.
- 14.00 Tómas Hreggviðsson** frá Hlíð, Vestmannaeyjum, verður jarðsungen frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð.
- 15.00 Atli Ágústsson**, fyrverandi deildarstjóri, Engihjalla 3, Kópavogi, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.

### AFMÆLI



**Jón Sæmundur Auðarson** listamaður er 38 ára.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Þórðarson**  
á Ljósalandi,

sem lést að Sundabúð 9. júní sl., verður jarðsungen frá Vopnafjarðarkirkju föstudaginn 16. júní kl. 14.00.

Margrét Pálsdóttir  
Þóður Helgason  
Vilborg Helgadóttir  
Albina Helgadóttir  
afa- og langafabörn.

Kristín Steingrímsdóttir



Ástkær eiginnmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Sævar Kjartansson**  
Sléttuvegi 7, Reykjavík,

lést 12. júní. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 20. júní kl. 13.00.

Áslaug Klara Júlíusdóttir  
Hulda Lilja Haraldsdóttir  
Kjartan Heiðar Haraldsson  
Júlíus Heiðar Haraldsson  
Sigurður Heiðar Haraldsson  
Marianna Heiða Haraldsdóttir  
Theodóra Sigrún Haraldsdóttir  
Ingibjörg Guðrún Haraldsdóttir  
barnabörn og langafabörn.

Rafn Halldórsson

Linda Guðný Róbertsdóttir  
Harpa Másdóttir  
Helga Olgeirsdóttir  
Ragnar Kristinn Sigurðsson  
Sigurjón Valberg Jónsson  
Oddgeir Kristjánsson



Móðir okkar,

**Sveinbjörg Jóhannesdóttir**  
Melabraut 9, Blönduósi,

verður jarðsungen frá Blönduóskirkju miðvikudaginn 21. júní kl. 14.00.

Börn hinnar látnu.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**LINDA BJÖRK GUÐRÚNARDÓTTIR** Höpur nemenda lauk BA-gráðu í samfélags- og hagþróunarfræði við Háskólann á Akureyri um síðustu helgi. Linda Björk er einn þeirra en hún er á leiðinni í meistaranám við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna í Kosta Ríka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HA: FYRSTU NEMARNIR ÚTSKRIFTAST ÚR SAMFÉLAGS- OG HAGÞRÓUNARFRÆÐI

## Frá Akureyri til Kosta Ríka

Háskólinn á Akureyri útskrifaði rúmlega 340 nemendur um síðustu helgi. Þar á meðal voru nokkrir nemendur sem luku BA-gráðu í samfélags- og hagþróunarfræði og er það í fyrsta sinn sem íslenskur háskóli útskrifar nemendur með slíka gráðu.

„Námið er þverfaglegt félagsvísindanam með fjórar áherslugreinar, félagsfræði, mannfærði, hagfræði og stjórnmálafræði. Aðaláherslan er á sögulega þróun og síðan kvíslast greinarnar í þróunaraðstoð, þróun á norðurslóðum og byggðaþróun,“ segir Linda Björk Guðrúnardóttir, sem er ein þeirra sem útskrifuðust með gráðuna. Hún bætir við að námið fari yfir breitt svið og gefi mikla möguleika.

„Út úr þessu námi hef ég mikla möguleika í framhaldsnámi sem ég er búin að vera að skoða í svona eitt og hálf ár. Í sumar verð ég fyrir sunnan í starfstengdu námi og fer svo út í

mastersnámið í haust,“ segir Linda. Háskólinn sem varð fyrir valinu er Friðarháskóli Sameinuðu þjóðanna á Kosta Ríka þar sem hún hyggur á nám í alþjóðalögfræði og mannréttindum.

Aðspurð um af hverju Linda hafi ákveðið að fara í samfélags- og hagþróunarfræði segist hún hafa heillast af námslýsingunni. „Ég var búin að taka ákvörðun um að fara í háskólanám ekki seinna en haustið 2002 en fram að því var ég að vinna í banka á Húsavík. Ég var búin að leita fyrir mér í öðrum háskólum, bæði á Íslandi og í Danmörku, og rakst þá á nútímafræði í Háskólanum á Akureyri sem er þverfaglegt hugvísindanam. Þar byrjaði ég og sá nútímafræðina sem grunn á meðan ég var að ákveða hvað mig langaði til að gera. Þegar ég var að klára það nám var verið að vinna að stofnun félagsvísinda- og lagadeildar-

innar svo ég ákvað að halda áfram þar.“

Í Háskólanum á Akureyri er sami grunnur fyrir öll fög félagsvísinda-deildarinnar og með hjálp svokallaðra félagsvísindatorga kynntist Linda samfélags- og hagþróunarfræðinni. „Ég heillaðist af námslýsingum og þeirri stefnu sem forsvarsmenn voru með á þessari braut. Þetta er ofboðslega gaman og sé ekki eftir því að hafa valið þetta.“

Linda segist hikaust geta mælt með náminu við hvern sem er. „Ég skil vel að það sé erfitt fyrir nemendur að gera sér grein fyrir út á hvað greinin gengur og leggja kannski ekki í að skrá sig vegna þess að þeir vita ekki hvað þeir eru að fara út í. En vegna þess að allir í félagsfræðideildinni fara í gegnum sama nám til að byrja með fær fólk tækifæri til að kynna fleiri greinum og gera sér grein fyrir því hvað það vill.“



**FULLTUNGU Í PÉTURSBORG** Ekki er að sjá á þessari mynd að tunglið sé rúmlega 384 þúsund kílómetra frá miðbæ Pétursborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## MK fær viðurkenningu

Jafnréttisnefnd Kópavogsbæjar veitti Menntaskólanum í Kópavogi jafnréttisviðurkenningu nefndarinnar fyrir árið 2006. Margrét Friðriksdóttir skólameistari tók á móti viðurkenningunni úr hendi Sigríðar Konráðsdóttur, formanns jafnréttisnefndar Kópavogs og sjást þær hér saman á mynd ásamt Helga Kristjánssyni, aðstoðarskólalára MK.


Einhugur var í jafnréttisnefndinni um að veita MK jafnréttisviðurkenninguna að þessu sinni. Að mati nefndarinnar hefur skólinn staðið sig vel í jafnréttismálum á undanförunum árum, meðal annars haft jafnréttisáætlun frá árinu 2000 sem



**FRÁ AFHENDINGU JAFNRÉTTISVIÐURKENNINGAR KÓPAVOGS** Sigríður Konráðsdóttir, Margrét Friðriksdóttir og Helgi Kristjánsson.

var endurskoðuð árið 2004. Síðastliðin tvö ár hefur nemendum meðal annars gefist kostur á að taka þátt í evrópsku jafnréttisverkefni undir stjórn Garðars Gíslasonar félagsfræðikennara. Auk MK hlutu Hesta-


mannafélagið Gustur, vefsiðan pabbar.is, Kópavogspósturinn og Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum tilnefningu til jafnréttisviðurkenningarinnar. Þetta er í fimmta sinn sem viðurkenningin er veitt.



**TM - HÚSGÖGN**

Síðumúla 30 - Sími 568 6822

tmhusgogn.is



# Síðasti sjéns!

## Lokadagar útsölnunnar!

Vegna eigendaskipta og fyrirhugaðra breytinga á versluninni seljum við allar vörur okkar með verulegum afslætti. Allt á að seljast! Enn eru örfáir dagar eftir af þessari frábæru rýmingarsölu.

### เซลส์วันสุดท้ายครับ!

เรากำลังเปลี่ยนเจ้าของ และเปลี่ยนแปลงการตกแต่งร้านต่อไป เราจึงขอจำหน่ายสินค้าในราคาพิเศษสุด จำหน่ายออกไปแบบรูดตอกทั้งหมด! คุณยังเหลือเวลาอีกเพียงเล็กน้อยเท่านั้น ที่จะสนุกสนานกับการซื้อสินค้าของทั้งห้าง!

### Totalna wyprzedaż!

W związku ze zmianą właściciela i planowanymi zmianami asortymentu, ceny wszystkich towarów zostały znacznie obniżone. Wszystko musi się sprzedać! Ta fantastyczna wyprzedaż przed likwidacją potrwa jeszcze kilka dni!

### Final Sale Days!

Due to new ownership and future changes to the store, we are selling all our merchandise at deep discounts. Everything must go! There are still a few days left of this fantastic liquidation sale!

# Allt að 90% afsláttur!

Opið virka daga kl. 10 - 18.



Síðumúla 30 - 108 Reykjavík


Sími 568 6822 - tmhusgogn.is



HÚSGÖGN



515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Í DAG KL. 13:00

**ARGENTÍNA  
SERBÍA**

Í DAG KL. 16:00

**HOLLAND  
FÍLBEINSSTRÖNDIN**

Í DAG KL. 19:00

**MEXÍKÓ - ANGÓLA****STUÐ MILLI STRÍÐA Mamma, pabbi, barn og bíll**

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR FÓR Í FJÖLSKYLDUFERÐ



Frí eru skemmtileg, ekki síst sumarfrí þegar sólin skín og næturnar eru bjartar. Sólin hefur svosem ekki skinið skært hér undanfarið en ég og mín fjölskylda sáum við henni og héldum til Svíþjóðar í sumarferð. Þar skein sólin og næturnar voru bjartar og fallegar. Ég geri að minnsta kosti ráð fyrir því, ég var farin að sofa svo snemma að ég kynntist ekki sumarnóttunum sænsku. Þetta var fjölskylduferð og því setið heima og horft á vídeó á kvöldin í stað þess að slarka á börum eins og stundum í barn-

lausum utanlandsferðum. En sólin skein á daginn og það var hreinlega yndislegt að aka um sænskar sveitir og skoða sig um í Gautaborg en þar komum við okkur fyrir um vikuskeið.

Ég hef ekki ferðast til útlanda með barn áður og vissi ekki hvernig það myndi koma til með að ganga, hef alloft setið í flugvél með pirruðum börnum og þreyttum foreldrum og sá fyrir mér að flugferðin gæti orðið hin skrautlegasta. En hún gekk mjög vel, sá litli reyndist fyrirmyndarferðabarn og kippti sér ekkert upp við það að vakna í nýju landi. Skemmti sér bara við að tæta dót stóra frænda sem við vorum að heim-sækja og skoða mannlífið á nýjum

slóðum. Gautaborg fékk líka mörg prik hjá drengnum fyrir skemmtilega róluvelli sem voru víða um borg - alls staðar með rólum fyrir lítil börn og leiktækjum sömuleiðis. Ekki var heldur ónýtt að þurfa ekki að hafa fyrir því að leita að reyklausum kaffihúsum. Öllu þægilegra en hjá nágrönnunum handan við sundið.

Svíþjóð reyndist sem sagt vera draumastaður hinn mesti fyrir fjölskylduferð. Sama má auðvitað segja um landið okkar góða en nú er ég farin að skipuleggja fríð innanlands, af nógu er að taka. Vonandi bara að veðrið verði aðeins sumarlegra - tjaldferð að sumarlagi í vetrarveðri er ekki efst á óskalistanum.

**myndasögur****■ Pondus**

Eftir Frode Øverli

**■ Gelgjan**

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman

**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes

**■ Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell

**■ Barnalán**

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



# Framtíðarlandið

FÉLAG ÁHUGAFÓLKS UM FRAMTÍÐ ÍSLANDS

Stofnfundur **17. júní** kl. 12.00 í **AUSTURBÆ**

**ÍSLAND ER Á TEIKNIBORÐINU** – höfum áhrif á framtíðarmyndin

## DAGSKRÁ

Hljójar móttökur og tónlist í anddyri

## KL. 12.00

María Ellingsen setur fundinn og segir frá tilurð félagsins

## PENNASTRÍK EILÍFÐARINNAR

Póra Ellen Þórhallsdóttir doktor í grasafraeði

## TÓNLIST

Guðný Guðmundsdóttir og Gunnar Kvaran

## FRJÓ HUGSUN ER HREYFIAFL

Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarkona

## FRAMTÍÐIN ER NÚNA

Reynir Harðarson deildarstjóri hjá CCP

Margrét Vilhjálmsdóttir kynnir það sem er framundan

## KL. 12.55

Fundi slitið

## SKÖPUNARGLEÐI

HUGREKKI

FRUMKVÆÐI

VIRÐING

ÁBYRGÐ

NÁTTÚRA

SJÁLFSTÆÐI

FJÖLBREYTNÍ

**SÝNUM SJÁLFSTÆÐI Á ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGINN!**

[www.framtidarlandid.is](http://www.framtidarlandid.is)

## Ísland árið 1938

Ísland í augum tveggja Evrópubúa árið 1938 er þema nýrrar ljósmyndasýningar í Þjóðminjasafni Íslands sem opnuð verður í dag (16. júní). Englendingurinn Mark Watson og Þjóðverjinn Alfred Ehrhardt ferðuðust báðir um landið það ár og sýna ljósmyndir þeirra landið frá tveimur ólíkum sjónarhornum. Torfbærir, dýr og fólk í landinu eru viðfangsefni Watson en honum hafði lengi dreynt um að kynna landið og þjóð. Hann varð velgjörðarmaður Þjóðminjasafnsins og gaf því fjölda ljósmynda og vatnslitamynda eftir aðra feðralanga á Íslandi. Ehrhardt kom hins vegar til landsins gagnert til að mynda form landsins og frumkrafta jarðarinnar, til dæmis í hrauni og hverahrúðri, en hann hafði árið 1938 skapað sér nafn sem myndlistarmaður. Ehrhardt þótti afar frumlegur á sínum tíma en Íslandsmyndirnar birtust í bók hans Ísland árið 1939. Sýningin í Þjóðminjasafninu, sem heitir Ísland, verður opnuð kl. 18.00 í Myndasalnum.



MARK WATSON Watson var sannur Íslandsvinur. Hann kom fyrst til landsins 1937 og ferðaðist á hestum og ári síðar hreift hann svo af bænum Glaumbæ að hann gaf 200 pund til að hefja viðgerð bæjarins.

### > Ekki missa af...

... opnun sýningar í Nýlistarsafninu þar sem breska listakonan Clare Charnley í samvinnu við Bryndísi Ragnarsdóttur verður með gjörning sem nefnist Tala, listamennirnir Olof Olsson og Daniel Salomon sýna Pylsur án landanæra og Myndhöggv-arafélagið í Reykjavík verður með postulínssýningu. Sýningin opnar á morgun 15.00 en er annars opin frá miðvikudegi til sunnudags frá 13.00-17.00.

... sýningu listakonunnar Sossu sem verður opnuð í listasetrinu Kirkjuholi á Akranesi á morgun, þjóðhátíðardaginn. Sossa hefur sýnt víða um Evrópu og að þessu sinni sýnir hún olíumálverk sem hún hefur unnið síðastliðið ár.

# menning

menning@frettabladid.is

**Alveg briliant skilnaður**  
Einleikur  
Eddu Björgvinsdóttur um allt land.  
Félagsheimili Patreksfjarðar  
18. júní  
Miðasala í síma 456-1688

Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

Landsbankinn

**allt**  
ný vöru- & þjónustuskra á visir.is

**visir** ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

## Syngur á 18 tungumálum og leikur á 11 hljóðfæri

Lokaverkefni Ólafar Arnalds frá Listaháskólanum vakti talsverða athygli fyrir skemmstu. Það er endurflutt í Tjarnarbíói í kvöld.



ÓLÖF ARNALDS Hún syngur á átján tungumálum og spilar á ellefu hljóðfæri.

Ólöf Arnalds er ung listakona, nýútskrifuð úr Listaháskóla Íslands þar sem hún lauk BA-prófi í tónsmíðum og nýmiðlan. Lokaverkefni Ólafar við skólann nefnist „Eins og sagt er“ en það er tvíþætt og skiptist annars vegar í heimildarmynd og hins vegar myndbandstónverk. Verkið var sýnt í Íslensku óperunni fyrir stuttu og hlaut frábærar viðtökur.

„Ég dvaldi í New York allan júnímánuð í fyrra og tók viðtöl við sautjána einstaklinga af ólíkum þjóðernum þar sem viðfangsefnið var bæði tónlist og mikilvægi móðurmálsins en heimildarmyndin byggir á þessum viðtölum.“ segir Ólöf. Að hennar sögn reyndist tímafrekt að leita uppi svo marga einstaklinga sem komu frá ólíkum stöðum. Suma hitti hún af hendingu á götum úti, en aðra var henni bent á. „Upphaflega var ætlunin ekki að gera heimildarmynd heldur einvörðungu myndbandstónverkið en ég varð svo heilluð af viðmælendum mínum að ég ákvað að setja slíka mynd saman.“

Ólöf kveðst eiga sér uppáhalds viðmælenda sem sé frá Malí. „Hann kemur úr stórra tónlistarfjölskyldu að eigin sögn. Í Malí er það nokkuð algengt að fólk fæðist inn í tónlistarfjölskyldur, en þá kemur ekkert annað til en að fást við tónlist frá vöggu til grafar. Viðmælandi minn er fæddur inn í eina slíka og kann að leika á fjöldann allan af hljóðfærum. Viðhorf hans til tónlistar var líka óvenjufallett að mínu mati. Hann leit svo á að hann væri að þjóna öðrum með því að spila en þess konar auðmýkt er fágæt í lífsviðhorfi fólks almennt í dag.“

Hún segir myndbandstónverkið hafa fæðst í framhaldinu af heimildarmyndinni og hafa öðlast sjálfstætt líf. „Það samanstendur af níu upptökum af sjálfri mér í hljóði og mynd sem spilast samtímis. Efni- viðurinn er fenginn úr upplestri



ÓLÖF ARNALDS Ung listakona á uppleið. Útskriftaverk hennar verður flutt í Tjarnarbíói í kvöld klukkan 20.

FRÉTTAÐLAÐIÐ/STEFAN

viðmælenda minna þar sem þau útskýra hvaða merkingu tónlist hefur í lífi þeirra en öll lesa þau eigin texta á frummálinu og þar með hafði ég undir höndum upplestur á átján tungumálum, að íslenska textanum meðtöldum. Þennan upplestur yfirfærði ég síðan í tónverk.“ Aðspurð um hvernig sú yfirfærsla átti sér stað segir Ólöf hafa byggt á tónhæðum og

hrynjandi talaðs máls. „Ég breytti hreinlega tíðni og takti talmálsins í heimildarmyndinni yfir í nótur og útkoman var undraverð. Ég syng sumst á átján tungumálum með íslenskunni og leik undir á ellefu mismunandi hljóðfæri, eins og fiðlu, víölu, stálstrengjagítar, dobro-gítar, koto-hörpu og páku úr trommusetti, svo ég nefni nokkur.“

Þegar tónverkið sjálft var tilbúið segir Ólöf myndbandstónverkinu „Eins og sagt er“, ólók en það hafi verið meginuppstaðan í heildarverkinu. „Þegar ég var búin að breyta öllu þessu í lög bjó ég til myndbandstónverkið sem samanstendur af níu rómum og í hverjum þeirra er ein samfelld upptaka af mér að spila og syngja. Þetta er síðan allt spilað samtímis þannig að þetta er eins og einmannsbands. Svona eins og níu einstök af mér að syngja á átján tungumálum.“ segir Ólöf og hlær.

Heimildarmyndin og myndbandstónverkið verða sýnd í Tjarnarbíói í kvöld klukkan 20. Kvöldið hefst með því að Ólöf spilar og syngur frumsamin lög á íslensku en upptökur á þeim hefjast í sumar og koma líklega út á plötu í haust. Aðgangseyrir er 500 krónur.

bryndisbjarna@frettabladid.is

**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN**  
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI  
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI  
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI  
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI  
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“  
S.S. - Fréttablaðið

SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK!

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga  
Símasala kl. 10-18, þriðjudaga - föstudaga, Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**FOOTLOOSE**  
Fi 29/6 kl. 20 Frums.  
Fö 30/6 kl. 20  
Lau 1/7 kl. 20  
Fi 6/7 kl. 20  
Fö 7/7 kl. 20  
Lau 8/7 kl. 20  
Miðasala hafin

**VILTU FINNA MILLJÓN**  
Su 18/6 kl. 20 UPPS.  
Síðasta sýning í vor.  
Miðasala hafin á sýningar í haust.

**GRÍMAN**  
Íslensku leiklistarverðlaunin í kvöld kl. 19 UPPS.  
Grimuballið í kvöld kl. 22 Allir velkomnir

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ – leikhúsið þitt!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**  
**UNDIR SJÖSTJÖRNU**  
Sun. 25/6 örfá sæti laus. **Japönsk gestasýning.**  
**ELDHÚS EFTIR MÁLI**  
Sala hafin á sýningar í september. Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.

**KASSINN KL. 20:00**  
**PÉTUR GAUTUR**  
Fös. 23/6 **uppsett**, lau. 24/6 **uppsett**. Sérstakar aukasýningar í tilefni **12 tilnefninga** til **Grimunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna**.  
Sala hafin á sýningar í september.  
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

**LEIKHÚSKJALLARINN**  
Fös. 16/6 kl. 22. **Stórsveit Nix Noltes**.  
Sérstakir gestir: Böðvar Brútal og dúettinn Kria Brekkan og Avey Tare.  
**Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**  
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00.  
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30 - 18:00. MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200.  
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**FRÉTTAÐLAÐIÐ** AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**

## Tíminn tvinnaður

Listasafn Reykjanæsbæjar stendur fyrir alþjóðlegri listasýningu sem ber heitið „Tíminn tvinnaður“ en hér er á ferðinni listhópurinn Distill sem samanstendur af sjö nútímalistamönnum sem búsettir eru í borgum víða um heim. Í sýningarskrá segir listfræðingurinn Cecilia Foote: „Á sýningunni má sjá margbrotnar bollaleggjar á hugtökunum tími og endurteknig. Þó að myndlistarmennirnir vinni í þessum málefnum fyrirbærafræðanna er útkoman hins vegar samansafn þess besta úr mörgum fræðum og full af andagift“.



VERK Á LISTASÝNINGU Í DUUSHÚSI  
Tíminn tvinnaður í heklúðum verkum.

Listamennirnir sem sýninguna skipa í Reykjanæsbæ eru: Amy Barillaro, Ann Chuchvara, Hrafn-

hildur Sigurðardóttir, Jaeha Yoo, Julie Poitras Santos, Patricia Tinajero Baker og Tsehai Johnson. List þessarra einstaklinga spannar sviðið frá tvíviðum hlutum í skúlptúra og innsetningar.

Menningarfulltrúi Reykjanæsbæjar, Valgerður Guðmundsdóttir, segir „verkin á sýningunni unnin úr margvíslegum efnivið og m.a. megi sjá þarna verk unnin úr ýmsum endurnýjanlegum efnum“.

Sýningin verður opnuð í dag í Duushúsi og stendur til 20. ágúst. Hún er opin alla daga frá kl. 13-17.30.



SOFÍA LÓPEZ-IBOR ALINO Kramhúsið hefur staðið fyrir námskeiðum fyrir kennara í 23 ár og í þetta skiptið er aðalkennarinn Sofía Alino frá Spáni.

## Skapandi tónlistarstarf fyrir alla

Sofía López-Ibor Alino, einn þekktasti Orff-kennari í dag, verður aðalkennari á kennaranámskeiðum sem Kramhúsið stendur fyrir í vikunni. „Orff-nálgunin byggir á skapandi tónlistarnámi fyrir alla, að nemendur séu að skapa tónlist sjálfir. Það er mikið lagt út af orðræðu, til dæmis eru rímur settar í tónlist og mikið unnið í gegnum skapandi hreyfingu.“

Helsta markmiðið hjá okkur er að allir geti skapað tónlist og að hún sé samofin tungumáli og hreyfingu,“ segir Nanna Hlíf Ingvadóttir tónmenntakennari en hún kennir á námskeiðunum og er einn skipuleggjandi. Carl Orff var þekkt þýskt tónskáld á síðustu öld og er hugmyndafræði hans um

tónmenntakennslu viðurkennd um heim allan. Orff lét meðal annars endurhanna hljóðfæri sem nú er að finna í flestum tónmenntaskólum. Sofía López-Ibor Alino er frá Madrid en kennir nú í San Francisco.

Fyrri námskeiðið hefst í Kramhúsinu 19. júní og er það tileinkað leikskólakennurum, leiðbeinendum eða grunnskólakennurum og þeim sem vinna að skapandi starfi með börnum og unglingum. Námskeiðið fyrir tónmenntakennara hefst 22. júní.

Aðrir kennarar á námskeiðunum eru Guðbjörg Arnardóttir, grunnskóla- og listdanskennari, og fjöllistakonan Ilmur María Stefánsdóttir en ennþá eru örfá sæti laus. ■



SVEIT Í BORG Krókur er gamall bær í Garðabæ. Það er kjörið að fá sér sunnudagsbíltúr þangað og hverfa aftur um nokkur ár.

## Heimsókn aftur í tímann

Krókur er lítill bárujárnsklæddur burstabær á Garðaholti í Garðabæ.

Bærinn var endurbyggður úr torfbæ árið 1923 og þar eru nú varðveitt gömul húsgögn og munir sem voru í eigu hjónanna Þorbjargar Stefanfu Guðjónsdóttur og Vilmundar Gíslasonar. Garðabær

fékk bæjarhúsin ásamt útihúsum og innbúi að gjöf frá afkomendum þeirra hjóna árið 1998. Bærinn er opinn almenníngi á sumrin og einnig verið nýttur sem vinnuástaða fyrir listamenn. Í sumar verður bærinn opinn alla sunnudaga milli kl. 13 og 17 og það kostar ekkert að skoða herlegheitin. - snæ

### NÝJAR BÆKUR

Tvær nýjar bækur um ævi og störf samtímalistamanna Birgis Andréssonar og Steingríms Eyfjörð eru komnar út en Listasafn Íslands stóð fyrir útgáfu þeirra. Ólafur Kvaran safnstjóri ritar aðfaraorð í báðar bækurnar en þær eru skrifaðar bæði á íslensku og ensku. Uppbygging þeirra er sú sama, auk ávarps Ólafs koma fyrir viðtöl við listamennina, umfjöllun um verk þeirra, myndir af verkunum, yfirlit yfir menntun þeirra og helstu sýningar og að lokum verkefnaskrár. Báðar bækurnar eru hinar glæsilegustu, unnar á fallegan pappír og eru litríkar mjög. Þær veita ágætis innsýn í verk listamanna og hvað hefur helst mótað þá í listinni.



TVÆR NÝJAR BÆKUR KOMNAR ÚT Bókarkápurar sem prýða listabækur Steingríms Eyfjörð og Birgis Andréssonar.

- brb



## Hljómsveitin Karma með dansleik í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill ásamt tilbodsseðli öll kvöld

## Erum við ekki alveg að koma?



Hver kannast ekki við spurningar eins og þessar á löngu ferðalagi:

- Erum við ekki að verða komin?
- Förum við ekki að koma að sjoppu?
- Þurfum við alltaf að fara svona langt?
- Hvenær komum við?
- Hvað er núna langt eftir?

Í þessari bók kenna Fíusól og vinur hennar Ingólfur Gaukur öllum krökkum hvernig hægt er að skemmta sér konunglega á löngum bílferðum, á tjaldstæðum, í skógarlundum og sumarbústöðum. Taktu Ferðabók Fíusólar með í ferðalagið og spurningar eins og þessar hér að ofan gætu heyrt sögunni til ... og þó!

Edda  
edda.is

Á  
**NASA**  
Í KVÖLD

NASA



Plata vikunnar

BARDI JÓHANNESSON: Haxan

„Haxan er magnþrungin símfónuverk sem er óhemjugott af kvikmyndatónlist að vera. Dulmagnaður kraftur einkennir verkið, sem er íburðarmikið og fallegt en jafnframt dulrænt og ógnvekjandi.“

SHA

## Artside fær fjórar stjórnur

Íslensk/danska hljómsveitin Artside fékk nýverið fjórar stjórnur í danska blaðinu Gaffa fyrir þriggja laga demó-skífu sína.

Demóið var valið það besta í júnímánuði og af því tilefni spilaði sveitin á tónleikum í Kaupmannahöfn síðastliðinn föstudag við góðar undirtektir. Voru þetta aðeins aðrir tónleikarnir í sögu sveitarinnar, en hún hefur verið starfandi í núverandi mynd í þrjá mánuði.

Að sögn gítarleikarans og aðallagahöfundar Artside, Jóhanns, á sveitin nóg af efni fyrir heila plötu. „Við ætlum að komast inn í stúdíó sem fyrst að taka upp plötu og spila síðan sem mest,“ segir hann. „Við erum með tíu laga tónleikaprógram en æfum oftast nýtt lag á hverri æfingu.“ Bætur hann því við



að tónlistin sé undir sterkum áhrifum frá bresku rokki og róli.

Tveir af stofnmeðlimum Artside, þeir Jóhann og söngvarinn Kristján, voru áður í hljómsveitinni Oblivius heima á Íslandi, sem starfaði í tæp tvö ár. Fyrir tveimur árum fóru þeir í Lýðháskólann í Danmörku og hafa flengst þar síðan. Auk þeirra eru í nýju sveitinni trommarinn Raggi og danski bassaleikarinn Andy.

Jóhann býst við frekara tónleikahaldi á næstunni. „Hún er búin að vekja mikla athygli þessi grein í Gaffa og það er búið að bóka tónleika út um alla Danmörku,“ segir hann og sér fram á bjarta tíma með Artside. Nánari upplýsingar um sveitina má finna á artside.dk.



ZERO 7

JÓHANNESSON

### Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRN- INNI

**Eberg:** Voff Voff, **Guðmundur Jónsson:** Jam!, **Frummenn:** Tapað fundið, **Krauka:** Bylur, **Ymsir:** Íslensk ástarlög, **Fujiya and Miyagi:** Transparent Things og **Zero 7:** The Garden.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Vildi skemmta sjálfum sér

Tónlistarmaðurinn Einar Tönsberg hefur gefið út sína aðra sólóplötu, Voff Voff, undir listamannsnafninu Eberg. Freyr Bjarnason spjallaði við Einar, sem er kominn með annan fótinn til Íslands.

Fyrsta sólóplata Einars, Plastic Lions, kom út fyrir tæpum þremur árum hér heima og fékk prýðilegar viðtökur. „Hún gekk mjög vel ytra og var grundvöllur fyrir mig til að halda áfram og gera næstu plötu sem er Voff Voff,“ segir Einar, sem var í hálfu ári að „dúttla“ í henni. „Ég vildi gera skemmtilega plötu, vildi skemmta sjálfum mér. Mig langaði mest til að pirra fólk og ekki gefa því mikinn frið því mér finnst svoléidis tónlist sjálfur skemmtileg,“ segir hann.

### Framsækin fartölvu-trúbadur

Að sögn Einars er nýja platan agressívari en um leið aðgengilegri en Plastic Lions. „Hún er í sjálfu sér eðlilegt framhald af henni. En mér þykir rosaalega vænta um hina plötuna en það tók svolítinn tíma að komast inn í hana. Hún var samt gerð á svipuðum forsendum,“ segir hann.

Platan hefur þegar fengið góða dóma og fékk til að mynda fjórar



EBERG Tónlistarmaðurinn Eberg er að gefa út sína aðra sólóplötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stjórnur af fimm mögulegum í vefútgáfu enska blaðsins The Independent. Þar segir að með Plastic Lions hafi Einar stimplað sig inn sem einn framsæknaasti fartölvu-trúbadur heims með lögum um ljón, seli og reykjandi kvikmyndastjórnur. Nýja platan byggir á svipuðum grunni en þó sé kjötið töluvert meira á beininum en áður.

### Níu ár í London

Einar hefur búið í London undanfarið nú árið en áður en hann fluttist út var hann m.a. meðlimur hljómsveitarinnar Cigarette með söngkonuna Heiðrúnu Önnu Björnsdóttur í fararbroddi. Gaf sveitin út plötuna Double Talk árið 1995. Eftir að því ævintýri lauk fluttist Einar út og hefur allar götur síðan starfað sem upptökustjóri og útsetjari.

Hann gekk til liðs við hljómsveitina Lorien sem gerði útgáfusamning við Sony og gaf út plötu árið 2001. Ekkert varð af frekari sigrum hennar og því ákvað Einar að einbeita sér að sólóferli sínum,

sem hefur nú getið af sér tvær plötur. Voff Voff kemur út í Bretlandi á vegum útgáfufyrirtækisins Instant Karma en hér heima á vegum 12 Tóna.

### Tónleikar á Isle of Wight

Einar segist vinna meira og minna einn í tónlistinni sinni en fá aðstoð frá áströlskum trommara og enskum sellóleikara á tónleikum. „Það besta við það að vera einn er að maður ber alla ábyrgð sjálfur og það er ekki hægt að kenna neinum öðrum um neitt. Maður gerir það sem maður vill gera og verður að taka við hrósi eða skömmum. Ég myndi samt ekki nenna að spila einn á tónleikum, það er meira félagslegt.“

Einar mun spila á Íslandi í ágúst til að fylgja plötunni eftir. Í september kemur hann síðan fram á tónlistarhátíðinni Bestival sem verður haldin á Isle of Wight í Bretlandi. Á meðal annarra sem munu troða þar upp eru Hot Chip, Kid Carpet, Pet Shop Boys, The Stranglers, The Fall, Devendra Banhart og Jim Noir.

### Orðinn mettaður

Drátt fyrir að vera búinn að festa sig vel í sessi í London er Einar orðinn þreyttur á verunni ytra og býst við að flytja aftur heim á næstunni. „Ég er orðinn mettaður, ég verð að viðurkenna það,“ segir hann. „Maður er kominn með annan fótinn heim og er farinn að leita að afsökunum til að vera þar. Ég hugsa að það sé ekki langt í mann. Loksins þegar maður er búinn að koma sér vel fyrir þá hleypur maður í burtu,“ segir hann og hlær. „Þetta er búið að vera ljómandi gott úti, annars væri maður ekki búinn að flengjast þar svona lengi. Það er æðislegt að vera tónlistarmaður þarna. Það er svo mikið að gera og svo getur maður lifað af þessu, það finnst mér það skemmtilegasta af öllu.“

### Þriðja platan í vinnslu

Einar er þegar byrjaður að vinna að sinni þriðju plötu en þess á milli ætlar hann vinna baki brotnu við að byggja sér sumarbústað heima á Íslandi.

### SMS UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

#### Lára: Þögn

„Það vantar neistann á nýjustu plötu Lára. Fyrri hlutinn hefur ýmslegt gott fram að færa en sá síðari ekki. Lagið með Damien Rice er eftirminnilegast.“

FB

#### Morðingjarnir: Í götunni minni

„Fyrsta plata Morðingjanna er rokk og ról í einni af sínum bestu myndum þó svo að hún sé ekkert brautryðjendaverk. Hreinræktað og hressandi pönk með beittum textum og gripandi lögum.“

SHA

#### The Raconteurs: Broken Boy Soldiers

„Frumraun nýjustu sveitar Jack White er engin vonbrigði. Fyrsta flokks blússrokk með gripandi lögum og textum.“

BÖS



HLJÓMSVEITIN MORÐINGJARNIR

#### Aphex Twin: Chosen Lords

„Richard D. James gefur loksins aftur út plötu undir nafninu Aphex Twin. Þiðin var vel þess virði og platan er ein hans besta frá upphafi.“

BÖS

#### Gnarls Barkley: St. Elsewhere

„Frumraun Gnarls Barkley er nánast hin fullkomna popplata. Ætti ekki að sálka nokkurn mann. Svona á að gera poppl!“

BÖS

#### Pearl Jam: Pearl Jam

„Nýjasta afurð Pearl Jam á eftir að halda aðdáendum sáttum. Allir hinir eiga þó líklegast bara eftir að halda það áfram að sveitin hafi hætt fyrir áratug.“

BÖS

#### Jet Black Joe: Full Circle

„Ekkert kemur á óvart á fyrstu hljóðversplötu Jet Black Joe í tólf ár. Nokkur lög á plötunni gætu þó komist í hóp með þeim bestu í sögu sveitarinnar.“

FB



JAKOBÍNARÍNA Hafnfirski hljómsveitin er komin á topp X-listans með lagið His Lyrics Are Disastrous.

### X-LISTINN

TOPP TÍU LISTI X-INS 977

1. JAKOBÍNARÍNA  
HIS LYRICS ARE DISASTROUS
2. THE STROKES  
YOU ONLY LIVE ONCE
3. BLUE OCTOBER  
HATE ME
4. DR. MISTER & MR. HANDSOME  
IS IT LOVE
5. HAWTHORNE HEIGHTS  
SAYING SORRY
6. MUSE  
SUPERMASSIVE BLACK HOLE
7. COHEED AND CAMBRIA  
WELCOME HOME
8. BENNY CRISPOS GANG  
SHINE
9. DIRTY PRETTY THINGS  
BANG GANG, YOU'RE DEAD
10. MEW  
THE ZOOKEEPERS BOY



## LANGAR ÞIG Í EINTAK?

Sendu SMS skeytið **BTC KEF** á númerið **1900**  
Þú gætir unnið!

Vinnningar eru:  
• Keane - Under The Iron Sea  
• Keane - Live Recordings 2004 EP  
• Keane - Strangers DVD  
• Pepsi Kippur • DVD myndir  
• Fullt af öðrum geislakiskum og margt fleira



10. hver vinnur!



# MUNIÐ BÍLBELTIN



UMFERÐARSTOFA



## FÓLK Í FRÉTTUM

Þabbi **Nicole Richie**, tónlistarmaðurinn **Lionel Richie** tjáði sig á dögnum um rífrildi milli Nicole og **Paris Hilton**, en æskuvinkonurnar hafa ekki talast við frá því í janúar 2005. Stóllurnar hafa þekkt frá því að þær voru smábörn, en Richie heldur enn sambandi við foreldra

Parisar, hótelmógúlanu **Kathy** og **Nick Hilton**. „Þær hafa verið að rífast frá því að þær voru þriggja ára,“ sagði Richie í viðtali við útvarpsstöð en hann trúir því að þær nái saman einhvern tímann. Aðspurður hvað hafi valdið vinslitunum gaf Richie lítið upp. „Við vitum það kannski aldrei, og veistu hvað? Suma hluti viljum við bara ekki vita.“



# McCartney fagnar 64 ára afmælinu

Bítillinn fyrrverandi Sir Paul McCartney, heldur upp á 64 ára afmælið sitt á sunnudaginn. Svo skemmtilega vill til að McCartney er höfundur Bítalagsins vinsæla *When I'm Sixty-Four* sem kom út 1. júní 1967 á plötunni Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band.

Af fjórum meðlimum Bítlanna eru aðeins þeir Paul McCartney og Ringo Starr, sem verður 66 ára hinn 7. júlí, á lífi. John Lennon, sem var skotinn til bana 1980, var jafnaldri Starr og George Harrison, sem lést fyrir fimm árum, hefði orðið 63 ára í febrúar síðastliðnum.

### Í sumarfríi á Wight-eyju

Textinn við *When I'm 64* gerist í framtíðinni þegar McCartney fer í

### WHEN I'M SIXTY FOUR

When I get older losing my hair,  
Many years from now.  
Will you still be sending me a  
valentine  
Birthday greetings bottle of wine.

If I'd been out till quarter to three  
Would you lock the door,  
Will you still need me, will you still  
feed me,  
When I'm sixty-four.

You'll be older too,  
And if you say the word,  
I could stay with you.

I could be handy, mending a fuse  
When your lights have gone.  
You can knit a sweater by the  
fireside  
Sunday mornings go for a ride,

Doing the garden, digging the  
weeds,

Who could ask for more.  
Will you still need me, will you still  
feed me,  
When I'm sixty-four.

Every summer we can rent a  
cottage,  
In the Isle of Wight, if it's not too  
dear  
We shall scrimp and save  
Grandchildren on your knee  
Vera, Chuck & Dave.

Send me a postcard, drop me a line,  
Stating point of view  
Indicate precisely what you mean  
to say  
Yours sincerely, wasting away.

Give me your answer, fill in a form  
Mine for evermore  
Will you still need me, will you still  
feed me,  
When I'm sixty-four.



PAUL MCCARTNEY Bítillinn fyrrverandi heldur upp á 64 ára afmælið sitt á sunnudaginn. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

sumarfrí á Wight-eyju með konu sinni og barnabörnunum Vera, Chuck og Dave. Á þessum tíma átti hann í ástarsambandi við bresku leikkonuna Jane Asher. Nú er hann aftur á móti orðinn einn á báti eftir skilnað sinn við fyrrsætuna fyrrverandi Heather Mills.

### Erfiður skilnaður


Mikið hefur verið ritað um skilnaðinn og hefur Mills verið borin þungum sökum í breskum fjölmiðlum. Hefur hún verið sökuð um að hafa stundað vændi á sínum yngri árum en sjálf hefur hún neitað því staðfestlega. Einnig telja margir að hún hafi einungis gíft McCartney til fjár vegna þess að enginn hjúskaparsáttmáli

hafi verið undirritaður áður en þau gengu upp að altarinu. Gæti svo farið að Mills fái marga milljarða króna í vasann þegar skilnaðurinn gengur í gegn, enda McCartney einn af ríkustu mönnum Bretlandseyja.

### Sungjó í afmælisveislunni?

McCartney er ekki á tónleikaferð um þessar mundir en á síðasta ári fór hann í umfangsmikla ferð um Bandaríkin sem heppnaðist afar vel. Þá lét hann hafa það eftir sér að hann gæti vel hugsað sér að syngja lagið í fyrsta sinn á tónleikum á 64 ára afmælinu. Því miður mun hann ekki fá tækifæri til þess, nema það verði í afmælisveislunni sjálfri.

## Lárus & Lárus



## Taktu þátt í Launagleði SPRON!

Ef þú leggur sumarlaunin þín inn hjá SPRON og skráir þig í Launagleði færðu:

- biókort\* með 4 miðum í Smárabíó
- afslátt af völdum geisladiskum og DVD-diskum í BT-búðunum ...
- ... og gætir unnið þér inn 50.000 kr.



Þú færð biókort með 4 miðum í Smárabíó\*

það gæti orðið þú!

\*Gildir meðan birgðir endast.

spron

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á snilld.is og spron.is

## Nix með tónleika

Stórsveit Nix Noltes heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Mun hún spila þjóðlagatónlist frá Búlgaríu og Balkanskaga.

Sérstakur gestur sveitarinnar verður Böðvar Brútal. Einnig koma fram Kria Brekkan og Avey Tare. Munu þau spila frumsamin lög á gítar og píanó.

Húsið opnar klukkan 22.00 og fer Stórsveit Nix Noltes á svið á miðnætti. Aðgangseyrir er 700 krónur.



STÓRSVEIT NIX NOLTES Stórsveitin spilar þjóðlagatónlist frá Búlgaríu og Balkanskaga.

## Tattú fyrir Kelduna

Útvarpsstöðin X-ið 977 hefur staðið fyrir leik síðustu vikur þar sem hlustendur hafa getað unnið sér inn miða á Hróarskelduhátíðina í lok mánaðarins. Í dag gefst hlustendum stöðvarinnar tækifæri til að vinna sér inn sannkallaðan bónusvinning. Fyrsti hlustandinn sem mætir á Íslensku húóflúrstofuna á Hverfisgötu á milli 15-17 í dag og lætur flúra á sig lógó útvarpsstöðvarinnar fær að launum VIP-miða á Hróarskeldu fyrir tvo.

„Ég held að það sé fullt af hressum rokkurum sem væru til í þetta. Miðað við þá hlustendur okkar sem mæta á uppákomur okkar og hringja inn á stöðina hef ég engar áhyggjur. Það eru margir



nógu léttgeggjaðir,“ segir Frosti Logason, dagskrárstjóri X-ins. Hann segir að krafist verði ákveðinnar lágmarksstærðar á X-tattúinu en ekki séu hins vegar gerðar kröfur um staðsetningu. „Þetta þarf ekkert að vera á enninu en við værum örugglega til í að bæta björkassa við verðlaunin ef einhver gerir það,“ segir Frosti hlæjandi. Útvarpað verður beint frá þessum viðburði í þætti Dóra DNA í dag.

FROSTI LOGASON Byður þeim sem fær sér X-tattú fritt á Hróarskeldu fyrir tvo.

# GRÍMAN

ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

## ÁHORFENDAVEÐLAUN SÍMAKOSNING HAFIN - GLÆSILEG VERÐLAUN!

HRINGDU Í EFTIRFARANDI SÍMANÚMER OG VELDU ÞÍNA  
UPPÁHALDS LEIKSÝNINGU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ ÁRSKORT FYRIR TVÖ  
Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ, BORGARLEIKHÚSIÐ OG Á SÝNINGAR LEIKFÉLAGS AKUREYRAR

ANNIE



900-1101

FULLKOMIÐ  
BRÚÐKAUP



900-1102

HAFIÐ BLÁA



900-1103

LITLA  
HRYLLINGS  
BÚÐIN



900-1104

WOYZECK



900-1105

Grímuhátíðin verður haldin í kvöld í Borgarleikhúsinu. Hátíðin verður sýnd í beinni útsendingu í Sjónvarpinu og hefst útsending kl. 20.05. Veitt verða verðlaun í alls sextán flokkum leiklistar auk áhorfendaverðlauna og heiðursverðlauna Leiklistarsambands Íslands. Niðurstaða símakosningarinnar verður kynnt um kl. 21.00 í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Símtalið kostar 99 krónur.

Leiklistarsamband Íslands stendur fyrir Grímunni, glæsilegri uppskeruhátíð í lok leikársins. Á hátíðinni eru sviðsverk og útvarpsverk verðlaunuð og listamönnum veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í sviðslistum á liðnu leikári.

Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, verndari Grímunnar, afhendir einnig heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands þeim einstaklingi er þykir hafa skilað framúrskarandi ævistarfi í þágu leiklistar.

Meðal markmiða Íslensku leiklistarverðlaunanna eru að auka fagmennsku og sérhæfingu innan sviðslista og stuðla að metnaðarfullum vinnubrögðum þeirra er starfa við sviðslistir með það að leiðarljósi að auka gildi, sýnileika og hróður sviðslista á Íslandi.

**Nýtt í bíó**

ROBIN WILLIAMS

**R.V.**

Komdu í myndasta ferðalag sumarsins.  
Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum!

1 FJÖLSKYLDA. 8 HJÓL. ENGAR BREMSUR

ENGINN TRÚDI Á PAU, EN HANN HJÁLPAÐI PEIM AÐ FINNA TAKTINN

ANTONIO BANDERAS  
**TAKE THE LEAD**

Frábær mynd með Antonio Banderas í sjóðheitri danssveiflu

HEIMSFRUMSÝND

THE OMEN

Á 6 DEGI 6. MÁNADAR ÁRÍÐ 2006 MUN DAGUR HANS KOMA, ÞORR PÚTÍÓ MÖGNUÐ ENDURGERÐ AF HINNI KLASSISKU THE OMEN!

LOKAUPPGJÖRID: X-MEN MED HVERJUM HELDUR ÞÚ?

45.000 MANNIS

THE DA VINCI CODE

LEITID SANNLEIKANS HVERJU TRUIR ÞÚ? UPPLIFDU VINSÆLUstu BOKI HEIMI!

400 kr. í bíó!

Dolby Digital JDD THX BÍÓIS – allt á einum stað

| SMÁRA BÍÓ   | REGNBÖGINN                           | BORGARBÍÓ                   |
|---|--------------------------------------|-----------------------------|
| SÍMI 564 0000                                       | SÍMI 551 9000                        | SÍMI 462 3500               |
| R.V. kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10                     | R.V. kl. 5.50, 8 og 10.10            | R.V. kl. 6, 8 og 10         |
| THE OMEN kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA           | TAKE THE LEAD kl. 5.40, 8 og 10.20   | THE OMEN kl. 10 B.L. 16 ÁRA |
| X-MEN3 kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 12 ÁRA             | THE OMEN kl. 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA  | 16 BLOCKS kl. 8 B.L. 14 ÁRA |
| DA VINCI CODE kl. 5, 8, og 11 B.L. 14 ÁRA           | DA VINCI CODE kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA | X-MEN3 kl. 6 B.L. 12 ÁRA    |
| DA VINCI SÝND Í LÚXUS RAUHETTA M/ ISL TALI kl. 3.40 | RAUHETTA M/ ISL TALI kl. 6           |                             |
| ISÓLD M/ ISL TALI kl. 3.40                          |                                      |                             |

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

FRUMSÝND

FRÁBÆR MYND MED ANTONIO BANDERAS Í SJÓÐHEITRI DANSSVEIFLU

**TAKE THE LEAD**

ENGINN TRÚDI Á PAU, EN HANN HJÁLPAÐI PEIM AÐ FINNA TAKTINN.

Sýnd kl. 3:40, 5:45, 8 og 10:20

THE OMEN

Á 6. MÁNADAR ÁRÍÐ 2006 MUN DAGUR HANS KOMA. ÞORR PÚTÍÓ

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:10 B.L. 14 ÁRA

THE OMEN

Á 6. MÁNADAR ÁRÍÐ 2006 MUN DAGUR HANS KOMA. ÞORR PÚTÍÓ

Sýnd kl. 8 og 10:10 B.L. 16 ÁRA

www.laugarasbio.is

Sýnd kl. 6 B.L. 12 ÁRA

Sýnd kl. 4 ISL TALI ATH 400 kr.

**Nýtt í bíó**

FRÁBÆR MYND MED ANTONIO BANDERAS Í SJÓÐHEITRI DANSSVEIFLU

ANTONIO BANDERAS  
**TAKE THE LEAD**

NEVER FOLLOW.

ENGINN TRÚDI Á PAU, EN HANN HJÁLPAÐI PEIM AÐ FINNA TAKTINN

LAUGARAS BÍÓ REGNBÖGINN

## Kraut-rokkið lifi!

### [UMFJÖLLUN]

#### TÓNLIST

Peir sem geta öta það sér í tilraunaeldhúsi sveita á borð við Can, Neu og Stereolab ættu að kynna sér dularfulla útgáfu Fujiya og Miyagi er kallast Transparent Things. Ég hefði líklegast aldrei heyrt af þessari útgáfu ef ég hefði ekki ratað inn í verslun Rough Trade í London, því hún er svo naumhyggjuleg að það er nánast eins og að listamennirnir kæri sig lítið um að fólk kynni sér afurð þeirra. Framhlið geisladisksins er t.d. bara einfaldur pappír með gati í miðjunni. Eini staðurinn sem hefur einhverjar upplýsingar um tónlistina er á hlið disksins, þar sem nöfn laganna og flytjanda standa með svo litlum stöfum að sjóndapír eiga eftir að þurfa stækkunargler til þess að eiga möguleika á því að lesa þar sem þar stendur. Til allrar lukku þekkir gagnagrunnur iTunes plötuna og upplýsingarnar birtast því sjálfkrafa á nettengdum tölvum eftir að eigendur þeirra renna disknum inn í elskur sínar.

Strax á fyrstu sekúndum disksins er ljóst að hér sé eitthvað mjög athyglisvert á ferðinni. Þetta hljómar nánast eins og liðsmenn

!!! og Neu! hefðu slegið saman og ákveðið að gera tímalausa og dansvæna plötu. Naumhyggjan ræður hér ríkjum og megin áherslan lögð á hrynjandina. Fyrir vikið myndast ótrúlega mikið pláss í tónlistinni sem gefur einföldum söng og svölum gítar- eða hljómborðsmelódíum rými til þess að njóta sín til fullnustu. Ég held að svona plötur geti einfaldlega ekki hljómað betur en þessi. Þetta er algjörlega óaðfinnanleg hljóðvinna og greinilegt að hér eru menn sem vita upp á hár hvað þeir eru að gera.

Svona miðað við nafn listamannana fær maður á tilfinninguna að hér séu Japanar á ferð, en einhvern veginn eftir að hafa hlustað á framburð þeirra, þá sérstaklega hvernig þeir rúlla r-um sínum þá kæmi mér ekki á óvart að það væri verið að henda ryki vítsvitandi í augu manns. Það er a.m.k. ekki svo auðvelt að finna upplýsingar um uppruna þeirra á netinu.

En það skiptir svo sem engu máli hverjir eða hvaðan þessir menn eru. Það sem skiptir mestu máli er að hér er eðalplata á ferð sem blandar saman „kraut“-rokki áttunda áratugarins og raftónlist síðasta áratugar. Hér og þar má



FUJIYA AND MIYAGI: TRANSPARENT THINGS

NIÐURSTAÐA:

Hverjir eru Fujiya og Miyagi? Hef ekki hugmynd, en frumraun þeirra er afbrigðis blanda „kraut“-rokks og fyrsta flokks raftónlist. Með betri plötum sem hafa komið út á þessu ári.

glögglega heyra áhrif frá listamönnum á borð við Autechre og gripandi moog-hljómborðslínur sem myndu láta Jean Michel-Jarre og piltana í Air líða eins og þeir væru í stofunni heima hjá sér.

Án efa með betri plötum sem ég hef heyrt á þessu ári og ég hef það á tilfinningunni að þessi eigi eftir að eldast alveg svakalega vel.

Birgir Örn Steinarsson

Sérstök kveðja til þeirra sem voru með Rachel-klippingu

|  |                       |                       |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
|--|-----------------------|-----------------------|---------|-------------|-----------------------|--|-------------|-----------------------|---------|---------------|-----------------------|---------|----------|------------------|---------|-----------------|----------|--|----------------|----------|--|----------------------|-------------|---------|---------------|----------|---------|---|-------------|------------|---------|-----------|-----------|---------|----------|-------|---------|-------------------|--------|---------|---------|----------|---------|---------|----------|---------|---------------|-------|--|----------|--------|---------|---|---------|-----------------------|---------|---------------|-----------------|--|----------|------------------|---------|----------------------|-----------|---------|------------|-------|--|--|-------------|------------------|---------|----------|---------------------|---------|-------------------|-------|---------|----------------------|------------------|---------|----------------|-------|--|
| <p><b>FRUMSÝNING</b></p> <p>WHAT'S GOTTEN INTO YOU?</p> <p><b>SLITHER</b></p> <p>Sleppifogsaði grínhröflur ársins og kominn. Grínhröflur heima á sóð.</p> <p><b>ÁLFABAKKA</b></p> <table border="0"> <tr><td>SLITHER</td><td>KL. 3:40-5:50-8-10:10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>SLITHER VIP</td><td>KL. 3:40-5:50-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>KEEPING MUM</td><td>KL. 3:30-5:45-8-10:20</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>SHE'S THE MAN</td><td>KL. 3:30-5:45-8-10:20</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 5:50-8-10:10</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>AMERICAN DREAMZ</td><td>KL. 5:50</td><td></td></tr> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 3:40</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 8-10:30</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>SCARY MOVIE 4</td><td>KL. 3:40</td><td>B.I. 10</td></tr> </table> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p> | SLITHER               | KL. 3:40-5:50-8-10:10 | B.I. 16 | SLITHER VIP | KL. 3:40-5:50-8-10:10 |  | KEEPING MUM | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 | SHE'S THE MAN | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 14 | POSEIDON | KL. 5:50-8-10:10 | B.I. 14 | AMERICAN DREAMZ | KL. 5:50 |  | THE SHAGGY DOG | KL. 3:40 |  | MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:30 | B.I. 14 | SCARY MOVIE 4 | KL. 3:40 | B.I. 10 | <p>Rowan Atkinson Kristin Scott Thomas Maggie Smith and Patrick Swayze</p> <p><b>KEEPING MUM</b></p> <p>Sam fjölskylda-lyndurinn er best þýddur... -græla.</p> <p><b>KEFLAVÍK</b></p> <table border="0"> <tr><td>KEEPING MUM</td><td>KL. 5:45-8</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>16 BLOCKS</td><td>KL. 10:10</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>THE DA VINCI CODE</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>X-MEN 3</td><td>KL. 5:45</td><td>B.I. 14</td></tr> </table> <p><b>AKUREYRI</b></p> <table border="0"> <tr><td>SLITHER</td><td>KL. 8-10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>SHE'S THE MAN</td><td>KL. 8</td><td></td></tr> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 14</td></tr> </table> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p> | KEEPING MUM | KL. 5:45-8 | B.I. 12 | 16 BLOCKS | KL. 10:10 | B.I. 14 | POSEIDON | KL. 8 | B.I. 14 | THE DA VINCI CODE | KL. 10 | B.I. 12 | X-MEN 3 | KL. 5:45 | B.I. 14 | SLITHER | KL. 8-10 | B.I. 16 | SHE'S THE MAN | KL. 8 |  | POSEIDON | KL. 10 | B.I. 14 | <p><b>SLITHER</b></p> <p>WHAT'S GOTTEN INTO YOU?</p> <p>AMANDA BYNES</p> <p>Nú er heimil að henni all staða.</p> <p><b>she's the MAN</b></p> <p><b>KRINGLUNNI</b></p> <table border="0"> <tr><td>SLITHER</td><td>KL. 3:50-6-8:15-10:30</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>SHE'S THE MAN</td><td>KL. 3:30-6-8:15</td><td></td></tr> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 6-8:15-10:30</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 10:30</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>SHAGGY DOG</td><td>KL. 4</td><td></td></tr> </table> <p>SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ</p> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p> | SLITHER | KL. 3:50-6-8:15-10:30 | B.I. 14 | SHE'S THE MAN | KL. 3:30-6-8:15 |  | POSEIDON | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 14 | MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10:30 | B.I. 14 | SHAGGY DOG | KL. 4 |  | <p>Rowan Atkinson Kristin Scott Thomas Maggie Smith and Patrick Swayze</p> <p><b>KEEPING MUM</b></p> <p>Sam fjölskylda-lyndurinn er best þýddur... -græla.</p> <p><b>S.O.S.</b></p> <p>V.J.V. ToppSas</p> <p><b>POSEIDON</b></p> <p>HALVNTIÐI JÓN ANÐARSON<br/>DÖNNU KYNNA FRABYRZUM TIL SÓÐA</p> <p><b>HÁSKÓLABÍÓ</b></p> <table border="0"> <tr><td>KEEPING MUM</td><td>KL. 6-8-20-10:30</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 6:10-8-20-10:30</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>THE DA VINCI CODE</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 5:30-8-10:30</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p> | KEEPING MUM | KL. 6-8-20-10:30 | B.I. 12 | POSEIDON | KL. 6:10-8-20-10:30 | B.I. 14 | THE DA VINCI CODE | KL. 8 | B.I. 14 | MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 14 | THE SHAGGY DOG | KL. 6 |  |
| SLITHER  | KL. 3:40-5:50-8-10:10 | B.I. 16               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| SLITHER VIP  | KL. 3:40-5:50-8-10:10 |                       |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| KEEPING MUM  | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| SHE'S THE MAN  | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| POSEIDON   | KL. 5:50-8-10:10      | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| AMERICAN DREAMZ  | KL. 5:50              |                       |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| THE SHAGGY DOG   | KL. 3:40              |                       |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| MISSION IMPOSSIBLE 3   | KL. 8-10:30           | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| SCARY MOVIE 4  | KL. 3:40              | B.I. 10               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| KEEPING MUM  | KL. 5:45-8            | B.I. 12               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| 16 BLOCKS  | KL. 10:10             | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| POSEIDON   | KL. 8                 | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| THE DA VINCI CODE  | KL. 10                | B.I. 12               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| X-MEN 3  | KL. 5:45              | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| SLITHER  | KL. 8-10              | B.I. 16               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| SHE'S THE MAN  | KL. 8                 |                       |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| POSEIDON   | KL. 10                | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| SLITHER  | KL. 3:50-6-8:15-10:30 | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| SHE'S THE MAN  | KL. 3:30-6-8:15       |                       |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| POSEIDON   | KL. 6-8:15-10:30      | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| MISSION IMPOSSIBLE 3   | KL. 10:30             | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| SHAGGY DOG   | KL. 4                 |                       |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| KEEPING MUM  | KL. 6-8-20-10:30      | B.I. 12               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| POSEIDON   | KL. 6:10-8-20-10:30   | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| THE DA VINCI CODE  | KL. 8                 | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| MISSION IMPOSSIBLE 3   | KL. 5:30-8-10:30      | B.I. 14               |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |
| THE SHAGGY DOG   | KL. 6                 |                       |         |             |                       |  |             |                       |         |               |                       |         |          |                  |         |                 |          |  |                |          |  |                      |             |         |               |          |         |   |             |            |         |           |           |         |          |       |         |                   |        |         |         |          |         |         |          |         |               |       |  |          |        |         |   |         |                       |         |               |                 |  |          |                  |         |                      |           |         |            |       |  |  |             |                  |         |          |                     |         |                   |       |         |                      |                  |         |                |       |  |



PITT OG JOLIE Hjartaknúsarinn Pitt tryggði sér kvikmyndaréttinn að bókinni World War Z.

## Brad Pitt vann kapphlaupið

Hjartaknúsarinn Brad Pitt varð á undan kollega sínum Leonardo DiCaprio í kapphlaupi um að tryggja sér kvikmyndaréttinn að bókinni World War Z. Bókin, sem er eftir Max Brooks, gerist tíu árum eftir að uppvakningar leggja undir sig heiminn. Bókin er framhald Zombie Survival Guide sem kom út árið 2003. Framleiðslufyrirtæki Pitts, Plan B, og kvikmyndaverið Paramount

Pictures áttu í harðri baráttu um réttinn við fyrirtæki DiCaprios, Applan Way, sem hafði einnig boðið í hann með hjálp Warner Bros. Næsta mynd Leonardos DiCaprio nefnist The Departed og er einmitt framleidd af Plan B. Um glæpamynd er að ræða sem er leikstýrt af Martin Scorsese. Pitt fer næst með hlutverk Jesse James í væntanlegri mynd um útlagann fræga.

## Lisa Kudrow aftur til liðs við NBC

Vinurinn fyrrverandi, Lisa Kudrow, hefur gert samning um að vinna að hugmyndum fyrir bandarísku sjónvarpsstöðina NBC, sem framleiddi gamanþáttinn Friends á árunum 1994 til 2004. Kudrow, sem fór eftirminnilega með hlutverk Phoebe í Friends, mun leggast í hugmyndavinnuna með framleiðandanum Dan Bucatinsky. Svo getur farið að hún í framhaldinu muni taka að sér hlutverk í nýjum þáttum fyrir NBC.

Kudrow, sem er 42 ára, lék síðast í þættinum The Comback fyrir framleiðandann HBO en hann var tekinn af dagskrá eftir aðeins eina þáttaröð. Bucatinsky var einmitt einn af framleiðendum þáttarinnar. „Þau mynda gott teymi og vinna afar saman. Hún er bæði frábær leikari og framleiðandi og hann er mjög góður handritshöfundur,“ sagði Shelley McCrory, sem er varaforseti gamanþáttadeildar NBC.



LISA KUDROW Vinurinn fyrrverandi er kominn aftur til NBC. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



SIGURJÓN KIARTANSSON Sigurjón og félagar í Ham spila á Nasa 29. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

## Miðasala hafin

Miðasala er hafin á tónleika rokk-sveitarinnar Ham í Nasa þann 29. júní. Ham lagðist í dvala eftir tónleika í Tunglinu árið 1994. Eftir það kom sveitin aftur saman þegar hún hitaði upp fyrir Rammstein í Laugardalshöllinni fyrir fimm árum auk þess sem hún spilaði á Hætta-tónleikumum í Höllinni þann 7. janúar síðastliðinn. Á tónleikumum á Nasa mun sveitin spila ný lög í bland við gömul. Miðasalan fer fram í verslunum Skífunnar og í völdum BT-verslunum. Hljómsveitin 9/11's mun hita upp fyrir Ham á tónleikumum. Miðaverð er 2000 krónur.



Gerir lífið léttara



### Brján til Framara

Framarar gengu í gær frá samningi við Brján Bjarnason, sem hefur leikið með Víkingi. Brján er stór og stæðilegur línumaður sem er ætlað að fylla skarð Sverris Björnssonar í vörn Fram.

**sport**  
sport@frettabladid.is

### KNATTSPYRNULEIÐ LEIKNIS: STYRKJA LEIKMANN LIÐS ERKIFJENDANNA

## Það ríkir virðing á milli félaganna

Það var hart tekist á þegar nágrannaliðin Leiknir og ÍR mættust á ÍR-vellinum í Breiðholti í gær. Þessir fornu fjendur hafa eldað grátt silfur í gegnum tíðina og það þótti því tíðindum sæta þegar leikmenn Leiknis sýndu myrkri hliðarnar fyrir leikinn í gær.

Þá afhentu þeir Ernest Essombe, leikmanni ÍR, 30 þúsund krónur sem fara upp í ferðasjóð leikmannsins sem er á leið utan til að verða við jarðarför systur sinnar sem féll frá í bílslysi á dögnum. Helmingur fjárisins var frá leikmönnum en hinn helmingurinn frá Leikni. „Peningurinn frá okkur kemur úr skemmtisjóði og þegar meistaraflokksráð heyrði af þessum áætlunum okkar var ákveðið að jafna upphæðina,“ sagði Valur Gunnarsson, markvörður Leiknis, við Fréttablaðið í gær. „Við vissum að ÍR væri að aðstoða hann við að komast í jarðar-



MYND/GUÐMUNDUR KARL

förina og vildum leggja okkar af mörkum. Þetta er nágrannalið og það hefur alltaf verið rígr á milli félaganna en það er líka virðing.“

Leiknismenn komu Essombe í opna skjöldu með gjöfni en hann vissi ekki af þessu fyrr en honum voru afhentir peningarnir rétt fyrir leikinn. „Ég vona að hann hafi ekki litið á þetta sem mútur því við erum að gefa peningana af góðum hug. Það er samt alltaf tekist vel á þegar þessi lið mætast og þessi peninggjöf breytir því ekki. Þetta er vinalgur rígr á milli liðanna enda eru vinir okkar í þeirra liði og öflugt. Ég geri samt ekki ráð fyrir því að við verðum vinalfélög eftir þessa gjöf okkar,“ sagði Valur.

### > Hvað með Petja?

Nú þegar Sverrir Björnsson er laus frá Fram spyrja menn sig að því hvað verði um Egjídijus Petkevicius. Framarar brugðu sér í líki Ragnars Reykás á dögnum er þeir kvóddu hann með virktum á heimasíðu sinni og snéru sér síðan í heilan hring og sögðust búast við honum í leikmannahópi sínum á næsta ári. Ástæðan var einföld: HK var ekki til í að greiða þá hálfu milljón sem Fram vildi fá fyrir hann, að því er Petkevicius segir. HK lagði á dögnum inn félagaskipta-beiðni fyrir Petkevicius en Framarar hafa ekki svarað beiðinni. Þeir hafa 30 daga til að svara beiðinni.



## Sinisa Kekic á förum frá Grindavík

Sinisa Valdimar Kekic mun að öllum líkindum yfirgefa herbúðir Grindavíkur á næstunni. Kekic er mjög ósáttur við Sigurð Jónsson, þjálfara liðsins, og segir að þeir virði ekki hvor annan. Grindvíkingar eru tilbúnir að selja leikmanninn og þegar hafa nokkur lið sýnt áhuga.

**FÓTBOLTI** Sinisa Kekic kom til Grindavíkur fyrir tíu árum frá Júgoslavíu, fékk íslenskan ríkisborgararétt fyrir nokkrum árum og tók þá upp millinafnið Valdimar. Hann hefur alla tíð verið lykilmáður í liðinu og hefur sýnt sig og sannað sem einn allra besti erlendi leikmaðurinn sem spilað hefur á Íslandi.

Sigurður Jónsson tók við Grindavíkurliðinu í byrjun sumars og leist Kekic vel á það í fyrstu. „Ég var spenntur fyrir þessu þegar ég heyrði af því að hann væri að koma, það breyttist þó þegar æfingarnar byrjuðu. Þær hafa ekki verið góðar og það er alls ekki gott fyrir mig sem knattspyrnumann. Taktíkin sem við spilum hentar mér alls ekki. Hann er ekki að nota mig á réttan hátt eins og allir hinir hafa gert, hann er ekki að fá það besta út úr mér,“ sagði Kekic við Fréttablaðið í gær.

„Þetta hefur verið mjög erfitt fyrir mig og ég hef verið að spila mjög illa. Ég er fótboltamaður og það eina sem ég kann er að spila fótbolta. Þetta er ekki að ganga hjá mér núna og hann er að trufla mig allt of mikið sem fótboltamaður. Auk þess var ég fyrirliði Grindavíkurliðsins í tvö ár en hann sagði að ég væri ekki nógu góður karakter til að vera fyrirliði og breytti því,“ sagði Kekic en Óli Stefán Flóventsson er nú fyrirliði Grindavíkur.

„Ég talaði við Jónas (Þórhallsson, formann knattspyrnueldar Grindavíkur) og sagði honum að ég vildi ekki spila áfram fyrir Grindavík á meðan Sigurður Jónsson væri þjálfari liðsins. Ég veit ekki hvað gerist næst en það er fundur fljótlega hjá stjórninni,“ sagði Kekic, sem hefur aldrei verið sáttur við Sigurð.

„Hann er bara svona og svona er ég. Ég hef verið með sex þjálfara hjá Grindavík á þeim tíu árum sem ég hef verið hér og ég hef ekki lent í neinum vandræðum með neinn þeirra fyrr en núna. Hann virðir mig ekki og ég virði hann ekki,“ sagði þessi fjölhæfi leikmaður.

„Við höfumst rifist oft og mikið. Hann viðurkendi að hafa gert ákveðin mistök en ég trúir honum ekki. Ég er ekki tilbúinn að spila undir hans stjórn. Ef einhver virðir þig ekki, af hverju ættirðu þá að



**HORFIR Á ÚR STÚKUNNI** Sinisa Kekic hefur ekki spilað með Grindvíkingum í síðustu tveimur leikjum þrátt fyrir að vera fullkomlega heill heilsu. Hann hefur heldur ekki æft með liðinu undanfarið en æfir einn síns liðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

vilja spila fyrir hann?“ sagði Kekic, sem er samningsbundinn Grindavík út næsta tímabil.

„Ég er með samning og ég veit ekki hvað gerist núna. Ég vona að Grindavík biðji ekki um mikinn pening fyrir mig. Ég er orðinn 36 ára gamall og reyki 40 sigarettur á dag, það á ekki að biðja um mikinn pening fyrir þannig mann. Ég hef verið hér í tíu ár og gefið Grindavík allt sem ég hef og samstarf okkar hefur verið mjög gott en ég vonast til að losna frá félaginu. Ég er búinn að tilkynna Jónasi þetta. Grindavík hefur gert mjög mikið fyrir mig, það er ekki spurning um það, en þetta hefur verið mjög erfitt fyrir mig, það vita allir að ég á í erfiðleikum,“ sagði Kekic.

„Ég hef ekki æft með liðinu frá því daginn eftir leikinn við ÍBV en ég hef verið duglegur að æfa einn og er með eigin æfingaáætlun,“ sagði leikmaðurinn, sem vonast til að komast frá Grindavík sem fyrst en vill leysa málið farsælega.

„Það er ljóst að ég fer frá Grindavík en ég vil alls ekki hætta að spila fótbolta. Ég er tilbúinn að tala við öll lið en fyrst verðum við að leysa þetta hjá Grindavík. Ég hef aldrei hugsað um að fara í neitt annað lið síðan ég kom til Íslands en nú er komið nóg,“ sagði Kekic, sem hugsar þó mjög hlýtt til Grindavíkur.

„Ég vil ekki trufla það góða starf sem er í gangi hjá Grindavík.

Liðið hefur staðið sig ágætlega í upphafi móts og leikmannahópurinn er stór og góður. Ég óska Grindavík alls hins besta og vona að það fari bara alla leið og verði Íslandsmeistari en það er best fyrir leikmanni að fara þegar svona vandamál er komið upp,“ sagði Kekic.

Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnueldar Grindavíkur, viðurkenni að baráttan um Kekic sé líklega töpuð. „Eins og staðan er þá er hann harður á ákvörðun sinni. Ef þetta leysist ekki setjumst við niður og ákveðum bara saman í hvaða lið hann fer. Þetta fer eftir því hvað lið eru tilbúin til að borga fyrir hann. Þegar Grindavík hefur verið að leita að leikmönnum, til að mynda hér á Íslandi í vor, þá var það langt frá því að vera auðvelt og ódýrt,“ sagði Jónas.

„Ég hef séð það svartara og stærra en þetta og ég held að einkamál hans séu að trufla hann mikið. Hann hefur fengið það sem hann hefur óskað eftir og beðið okkur um og gefið okkur mikið til baka líka. Við erum búnir að gera allt sem við höfum getað gert,“ sagði Jónas en nokkur lið hafa þegar haft samband við Grindavík með það fyrir augum að fá Kekic til sín.

„Við vitum af áhuga flestallra liða á honum og fjögur félög hafa þegar haft samband við okkur. Það er allveg klárt mál að við þurfum að fá greiðslu fyrir hann, við reukum enga góðgerðastarfsemi hérna. Ég efast þó ekki um það að lið muni svo sannarlega hafa efni á honum. Maður heyrir af háum upphæðum sem lið borga fyrir útlendinga,“ sagði Jónas og gaf dæmi.

„Við vorum að skoða leikmann sem heitir Jakúp á Borg hjá HV í Færeyjum. Þeir settu á hann 5,5 milljónir. Ég er ekki að segja að við viljum svipað fyrir Kela en þetta er dæmi um þær ótrúlegu upphæðir sem lið vilja fá fyrir góða leikmenn. Fyrir svona mann eins og Kela er þetta leikmaður sem getur spilað í þrjú ár til viðbótar. Hann er langbesti leikmaðurinn á Íslandi í dag og svona menn finnast ekki á hverju strái. Við viljum halda í hann,“ sagði Jónas en mjög litlar líkur eru á því að það takist.

hjalti@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI** Var í fjóra tíma í læknisskoðun hjá Barcelona.

NORDICPHOTOS/AFP

Læknir Barcelona:

### Eiður er vel á sig kominn

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í fjóra tíma í læknisskoðun hjá Barcelona í fyrradag, fyrst á sjúkrahúsi í borginni og svo hjá læknum Barcelona í höfuðstöðvum þeirra á Nou Camp-leikvanginum. Gil Rodal, aðallæknir Barcelona, var ánægður með líkamlegt ástand Eiðs.

„Heilsa Eiðs er eðlileg. Ég fann gömul sár sem hafa gróið eðlilega eins og hefur sýnt sig á síðustu tímabilum hjá Chelsea,“ sagði Rodal en Eiður ökklaðrotaði illa árið 1996 og var frá í tvö ár vegna meiðslanna. Þau eru þó fyrir löngu hætt að hrjá hann. „Hann er hraustur og sterkur leikmaður sem sýndi engin varanleg meiðsli,“ sagði Rodal og bætti við að Eiður þyrfti ekki að fara í gegnum neinar séræfingar í sumar þar sem hann væri í frábæru formi. - hph

Eiður Smári Guðjohnsen:

### Gæti reynt að lokka Lampard

**FÓTBOLTI** Barcelona hefur verið sterklega orðað við enska landsliðsmanninn Frank Lampard undanfarnin misseri. Hann var sagður á leið til félagsins um síðasta sumar en ekkert varð úr því þá frekar en núna þegar hann var aftur orðaður við Evrópumeistarana.

Eiður Smári Guðjohnsen, nýjasti liðsmaður Barcelona, var spurður út í það hvort hann hygðist reyna að lokka Lampard yfir til Barcelona. „Ég held að við verðum að leyfa Frank, sem er frábær leikmaður, að ráða því,“ sagði Eiður Smári í gær en þeir eru mjög góðir vinir.

„Ef ég reyni að sannfæra hann um að koma verður það svo sannarlega löng og ströng umræða,“ bætti Eiður Smári við. - hph



– allt til framkvæmda

Kaupverð Eiðs Smára Guðjohnsen:

### Gæti farið í 1.470 milljónir króna

**FÓTBOLTI** Kaupverðið á Eiði Smára Guðjohnsen er líklegt til að hækka með árunum. Barcelona mun borga Chelsea tólf milljónir evra á næstu fjórum árum fyrir landsliðsfyrirliðann en kaupverðið var það sem helst stóð í vegi fyrir því að Eiður semdi við félagið.

Eftir langar samningaviðræður fékk Chelsea upphaflegt verð sem var fimmtán milljónir evra, 1.470

milljón íslenskar krónur. Félagin sættust á það að Barcelona myndi borga aukalega þrjár milljónir evra, ofan á tólf milljónirnar eftir þeim titlum og árangri sem Eiður nær hjá Evrópumeisturinum.

Barcelona setti svo klásúlu í samning Eiðs sem segir að félagið megi ekki neita tilboði frá öðru liði, ef það býður litlar sextíu milljónir punda í Eið Smára. - hph



**EIÐUR SMÁRI** Ekki óþépis. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Athyglisverðir leikir verða á dagskránni á heimsmeistaramótinu í dag:

## Maradona það um hjálp Guðs

**FÓTBOLTI** Diego Maradona er staddur í Þýskalandi og fylgist spennur með heimsmeistaramótinu. Hann lætur það ekki nægja heldur kemur hann einnig með ráðleggingar til Jose Pekerman, þjálfara Argentínu. „Mínir menn stóðu sig vel í fyrsta leiknum en geta enn betur. Ég vil sjá þá pressa meira á mótherjana þegar þeir hafa boltann. En ég bið til Guðs á hverjum degi um að hann gefi argentínska liðinu aukinn kraft. Filabeinsströndin er með öflugt lið og það var sterkt að ná sigri í þeim leik,“ sagði Maradona.

Argentína spilaði vel í fyrsta leiknum en liðið á sinn annan leik í

dag gegn Serbíu/Svartfjallalandi. Serbarnir urðu fyrir áfalli þegar ljóst varð að varnarmaðurinn Nemanja Vidic gæti ekki leikið með á mótinu. „Það tók sinn tíma að byggja vörnina í kringum Vidic og við náum ekki að endurbyggja hana á einni nóttu,“ sagði Goran Stevanovic, aðstoðarþjálfari Serbíu/Svartfjallalands.

Leikurinn er í C-riðli. Í sama riðli mætast Holland og Filabeinsströndin í athyglisverðum leik síðar í dag. „Við sýndum góðan leik gegn Serbum um síðustu helgi og náum vonandi að byggja ofan á það. Edwin van der Sar og Rafael van der Vaart eru báðir klárir í

slaginn og við erum því með fullskipað lið,“ sagði Marco van Basten, þjálfari Hollands. Henri Michel, þjálfari Filabeinsstrandarinnar, segir að það sé nú eða aldrei fyrir hans lið. „Við lærðum mikið af leiknum gegn Argentínu og vitum það að við verðum að sigra til að halda áfram í keppinni. Við komum ekki til Þýskalands til að fara heim strax,“ sagði Michel.

Í kvöld leika síðan Mexíkó og Angóla í D-riðli. Mexíkó vann öruggan sigur á Íran í fyrstu umferð riðilsins á meðan Angólamenn biðu lægri hlut fyrir Portúgal 0-1. Jared Borgetti, sóknar-



MARADONA Var líflægur á áhorfendapöllum gegn Filabeinsströndinni. NORDICPHOTOS/AFP

maður Mexíkó, getur ekki tekið þátt í tveimur síðustu leikjum liðs-

ins í riðlakeppninni en þessi 32 ára leikmaður meiddist gegn Íran.



FISICHELLA Er ánægður með það traust sem honum er sýnt hjá Renault. NORDICPHOTOS/AFP

Giancarlo Fisichella:

## Framlengir við Renault

**FÓTBOLTI** Ítalski ökuþórin Giancarlo Fisichella hefur framlengt samning sinn við Formúlu 1 liði Renault til eins árs. Samningur Ítalans hefði runnið út eftir tímabilið en mikil ánægja er með störf Fisichella, sem er í fjórða sæti í stigakeppni ökuþóra á tímabilinu.

„Það var mjög mikilvægt fyrir mig að ganga frá samningi mínum fyrir lok tímabilsins. Ég vil þakka Renault það traust sem mér er sýnt,“ sagði Fisichella en hann gæti orðið aðalökumaður liðsins á næsta tímabili, þar sem heimsmeistarinn Fernando Alonso mun yfirgefa herbúðir liðsins fyrir McLaren.

Kimi Raikkönen, Juan Pablo Montoya og Mark Webber hafa allir verið orðaðir við stöðu Alonso hjá Renault.

- hph



SPECTOR Spilar á Upton Park næsta tímabili. NORDICPHOTOS/AFP

Enska úrvalsdeildin:

## West Ham kaupir Spector

**FÓTBOLTI** West Ham hefur keypt Jonathan Spector frá Manchester United fyrir hálf milljón punda. Þessi tvítugi bandarískur leikmaður spilaði aðeins átta leiki fyrir United en hann var allt síðasta tímabil á lánsamningi hjá Charlton. „Þessi leikmaður er framtíðarleikmaður og við höfum verið á eftir honum síðustu átján mánuði,“ sagði Alan Pardew, knattspyrnustjóri West Ham.

„Við bindum miklar vonir við þennan leikmann og hann mun auka breiddina hjá okkur í vörninni mikið. Hann lærði í unglingsbúðum Manchester United og menn fá ekki betri skóla en það,“ sagði Pardew.

- egm

## Þetta er mikill léttir

Handknattleiksmaðurinn Sverrir Björnsson mun skrifa undir tveggja ára samning við Gummersbach á næstu dögum en Fram og þýska félagið hafa loksins komist að samkomulagi um kaupverð.

**HANDBOLTI** Mál Sverris Björnssonar og Fram fékk farsælan endi í gær þegar Fram komst að samkomulagi við Gummersbach um kaupverð á Sverri. Fram hafnaði upprunalega tíu þúsund evra, eða 950 þúsund íslenskra króna, tilboði í Sverri og fannst tilboðið svo lágt að það gerði ekki gagntilboð. Sú ákvörðun Fram fór illa í Sverri, sem taldi félagið ekki eiga heimtingu á hárrí fjárhæð fyrir sig og hann sagði við Fréttablaðið frekar ætla að hætta í handbolta en spila aftur með Fram.

Lítið gerðist í málinu næstu daga en þreifingar hafa verið í málinu síðustu tvær vikur og Gummersbach hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hækkað tilboð sitt nokkuð frá því í byrjun. Heimildir Fréttablaðsins herma enn fremur að Fram sé langt frá því að fá þær tæpu fimm milljónir króna sem það vildi upprunalega fá fyrir Sverri. Lokatalan er rúmlega ein og hálf milljón króna samkvæmt heimildum blaðsins.

„Þetta er svo sannarlega mikill léttir en því er ekki að neita að ég var orðinn nokkuð svartsýnn,“ sagði Sverrir mjög kátur við Fréttablaðið í gær. Hann var þá að klóra sig í gegnum samningstilboð Gummersbach en sagðist þurfa nokkra hjálp við að skilja tilboði, enda á þýsku sem Sverrir talar ekki reiprennandi. Samningstilboðið er til tveggja ára og ætti hann að skrifa undir samninginn í dag.

„Það er mjög góð tilfinning að þetta sé loksins gengið í gegn en samt svolítið skrítið. Það er ljúft að það sé búið að ganga frá þessu og ég mæti því ánægður til leiks á laugardag þegar við sláum Svíana út,“ sagði Sverrir brattur en hann bjóst ekki við að fagna þessum áfanga strax enda færi öll hans orka í að hugsa um Svíaleikinn og undirbúa sig sem best fyrir þann



ÞAD VAR LAGID Sverrir Björnsson fagnaði innlega í gær þegar hann komst að því að hann kæmist til Gummersbach eftir allt saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

mikilvæga leik. „Ég hef ekkert verið að fylgjast með eða skipt mér af þessu máli og látið þá sem málið varðar um sína vinnu og vonað það besta. Ég er mjög feginn að þetta gekk allt upp að lokum því það hefði verið ömurlegt ef

málið hefði ekki endað eins og það gerði,“ sagði Sverrir Björnsson, tilvonandi leikmaður Gummersbach en með því leika félagar hans í landsliðinu, Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson.

henry@frettabladid.is

Txiki Begiristain, framkvæmdastjóri Barcelona, segir liðið fullmannað:

## Við kaupum ekki fleiri leikmenn

**FÓTBOLTI** Txiki Begiristain, framkvæmdastjóri Barcelona, greindi frá því á heimasíðu félagsins í gær að félagið ætlaði sér ekki að kaupa fleiri leikmenn í sumar, nema eitthvert mjög sérstakt tækifæri byðist. Eiður Smári Guðjohnsen gekk eins og flestir vita í raðir Katalóníufélagsins á miðvikudag þegar hann skrifaði undir fjögurra ára samning við Spánar- og Evrópu-meistarana.

„Liðið okkar er núna fullmannað. Með komu Eiðs getum við tekið á við allar þrjár stórkeppnirnar sem við tökum þátt í á næsta tímabili, auk annarra minni bikarkeppna,“ sagði Begiristain í gær en Eiður Smári verður þar með eini leikmaður-



BLAÐAMANNAFUNDURINN Myndin er frá blaðamannafundinum þegar Eiður var kynntur fyrir fjölmiðlum í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN ÖRN

inn til að ganga í raðir Börsunga í sumar. Félagið lánaði í gær sóknarmanninn Maxi Lopez til Real Mallorca, sem ætti að rýma fyrir Eiði.

Drátt fyrir allt segir Begiristain að ekki sé loku fyrir það skotið að fleiri leikmenn komi, en það sé þó mjög ólíklegt. „Við

munum halda augunum opnum á leikmannamarkaðnum fyrir þeim tækifærum sem gefast. Við munum halda áfram að gera stuðningsmenn Barcelona glaða,“ sagði framkvæmdastjórinn, en annar sóknarmaður, Javier Saviola, er ekki á leiðinni aftur til félagsins.

„Það er ekki á áætlun hjá okkur að hann spili með liðinu á næsta tímabili, en við viljum gera hvað við getum til að finna bestu lausnina fyrir hann. Við erum að skoða málið og eftir HM erum við sannfærðir um að við getum leyst málið á farsælan hátt,“ sagði Txiki Begiristain, framkvæmdastjóri Barcelona, en Saviola var í láni hjá Sevilla allt síðasta tímabil.

- hph



SPRÆKUR Messi var á fleygiferð á æfingu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Argentínska landsliðið á HM:

## Messi til taks á bekknum

**FÓTBOLTI** Lionel Messi æfði með argentínska landsliðinu í gær en hann hefur átt við meiðsli að stríða. Þau eru þó ekki það alvarleg að hann muni missa af leiknum gegn Serbíu-Svartfjallalandi í dag en hann mun þó byrja á varamannabekknun. Þessi átján ára leikmaður varð fyrir meiðslunum á æfingu á miðvikudaginn en fyrir heimsmeistaramótið var hann einnig að kljást við meiðsli.

„Það lítur allt út fyrir að hann geti spilað þennan leik en hann mun þó byrja á bekknum. Annars er óvissa með sóknarmanninn Carlos Tevez sem var veikur og gat ekki tekið þátt í fimmtudagsæfingunni,“ sagði Jose Pekerman, þjálfari Argentínu, en liðið vann lið Filabeinsstrandarinnar í upphafi móts.

- egm



VIERI Átti ekki góða daga hjá Monaco. NORDICPHOTOS/AFP

Vieri aftur í ítalska boltann:

## Vieri á leið til Sampdoria

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Christian Vieri er á leið til ítalska liðsins Sampdoria en hann hefur staðist læknisskoðun hjá félaginu. Undanfarnar vikur hefur hann verið sterklega orðaður við Sampdoria en hann rifti samningi sínum við franska liðið Monaco fyrr í vikunni. Samningur hans við Sampdoria verður til eins árs.

Vieri er 33 ára en síðasta tímabil hans var matröð líkast. „Það er stórt skref að tryggja okkur þjónustu þessa leikmanns. Hann er fæddur sigurvegari og mun einnig bæta ímynd félagsins enn frekar,“ sagði Vieri.

- egm



FAGNAÐ Ekvadorar fagna öðru marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

A-riðillinn á HM í gær:

## Ekvador rúllaði yfir Kosta Ríka

**FÓTBOLTI** Ekvadorar eru á góðri siglingu á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi en þeir unnu 3-0 sigur á Kosta Ríka í gær. Með sigrinum skellti Ekvador sér á topp A-riðilsins með betri markatölu en Þýskaland, sem hefur einnig unnið báða leiki sína til þessa. Liðin mætast síðan í lokaumferð riðilsins hinn 20. júní og þá ræðst hvort þeirra endar á toppi hans.

Carlos Tenorio skoraði fyrsta mark Ekvador í gær eftir aðeins átta mínútna leik en fleiri voru mörkin ekki í fyrri hálfleik. Agustín Delgado, helsta stjarna liðsins, skoraði annað markið þegar um tíu mínútur voru liðnar af seinni hálfleik en það var síðan Ivan Kaviedes sem innsiglaði sigurinn í uppbótartíma og er þar með ljóst að Ekvador er komið í aðra umferð keppinnar.

„Ég er svo sannarlega stoltur af mínum leikmönnum en það er enn nóg eftir af mótinu. Við erum að spila glimrandi fram á við og höfum enn ekki fengið á okkur mark, sem lofar góðu. Þýskaland hefur gott lið en við ætlum að sýna að við erum ekki síðri,“ sagði Luis Suarez, þjálfari Ekvador, eftir leikinn í gær.

- egm



PETIT Gæti verið á leiðinni til Englands ef marka má hann sjálfan. NORDICPHOTOS/AFP

Petit, leikmaður Benfica:

## United vill fá mig til sín

**FÓTBOLTI** Portúgalski miðjumaðurinn Petit kveðst hafa tilbúið í höndunum frá enska úrvalsdeildarliðinu Manchester United. Þessi snjalli miðjumaður leikur með Benfica og á fjögur ár eftir af samningi sínum við liðið.

„Það er rétt, ég hef fengið samningstilboð frá Manchester United. Það vilja allir spila fyrir United. Ef tilboðið hentar mér og Benfica kemur til greina að ég fari,“ sagði Petit við fjölmiðla í Portúgal í gær.

- hþ

Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, og stjórninn Jose Mourinho þakka Eiði:

## Eiður var alltaf frábær fyrir Chelsea

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen lék í sex ár með Chelsea og spilaði 263 leiki, þar af 86 sem varamaður. Hann skoraði 78 mörk en Gianfranco Zola er eini erlendi leikmaðurinn sem spilað hefur fleiri leiki fyrir Chelsea. Hann spilaði sinn fyrsta leik í Góðgerðarskildinum á Wembley, vann tvo Englandsmeistararitla, Deildabikarinn og Góðgerðarskjöldinn.

Chelsea hafði áður keypt Albert Ferrer, Winston Bogarde, Emmanuel Petit og Boudewijn Zenden frá Barcelona en Eiður er fyrsti leikmaðurinn sem Evrópumeistararnir kaupa af þeim bláklæddu. Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, og Jose Mourinho, stjórnari liðsins, hrósuðu báðir Eiði Smára fyrir frammistöðu hans með liðinu.



EIÐUR OG MOURINHO Spilaði aðeins 25 leiki fyrir Chelsea á síðasta tímabili og skoraði þrjú mörk. NORDICPHOTOS/AFP

„Eiður hefur staðið sig frábælega með Chelsea og á stóran þátt í velgengni okkar á síðustu tveimur tímabilum. Allir hjá Chelsea vilja þakka honum fyrir framlag hans til félagsins og óska honum alls hins besta hjá Barcelona,“ sagði Kenyon á opinberri heimasíðu Chelsea. Mourinho bætti svo

við orð Kenyons.

„Eiður er að fara frá stórlíði til stórlíðs. Við skildum alveg að hann vildi spila fleiri leiki og það var ekki alltaf hægt hjá Chelsea. Það var mikilvægt að vera sanngjarn gagnvart honum og gagnvart Chelsea og það var besta lausnin fyrir alla að hann færi frá liðinu á þessum tímabili,“ sagði Portúgalinn.

„Hann átti frábæran tíma hjá Chelsea og var mikilvægur leikmaður fyrir okkur. Hann hjálpaði okkur að komast á spjöld sögunnar og að vinna tvo Englandsmeistararitla. Hann á þakkir skildar fyrir allt frá mér, frá félaginu og stuðningsmönnum. Við óskum honum góðs gengis á nýjum vettfangi á ferlinum,“ sagði Jose Mourinho.

- hþ



MARKI FAGNAÐ Steven Gerrard skoraði glæsilegt mark fyrir England og leyfði sér að fagna því vel og innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Slakt en sigur hjá Englandi

Enska landsliðið var slakt gegn Trínidad og Tóbagó en marði 2-0 sigur undir lokin. Liðið er þar með komið með farseðil í sextán liða úrslit keppinnar.

**FÓTBOLTI** Hann var ekki fagur fótboltinn sem enska landsliðið bauð upp á gegn Trínidad en Liverpool-strákarnir Peter Crouch og Steven Gerrard sáu til þess að liðið hélt andlitinu og komst í sextán liða úrslit keppinnar. Crouch skoraði fyrst með skalla eftir snilldar-sendingu Davids Beckham og Gerrard bætti við marki undir blálokinn með hnitmiðuðu skoti utan teigs.

Annars var enska liðið slakt eins og áður segir og var ekki líklegt til að skora þegar Crouch kom því yfir en sóknir liðsins voru vonleysislegar og einungis sendingar

Beckhams sköpuðu hættu. Það var því við hæfi að ein slík sending skyldi skapa fyrra markið.

„Við gefumst aldrei upp. Það eru skilaboðin sem við sendum frá okkur í dag og það eru skilaboðin sem við gefum frá okkur í öllum leikjum,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Beckham eftir leikinn. „Við erum ekki enn búnir að sýna okkar besta, við vitum að við getum mikið betur og við munum spila betur.“

Beckham sagði að mótspyrnan hefði ekki komið sér á óvart og hann hefði átt von á erfiðum leik.

„Fólk bjóst við auðveldum leik

en við vorum meðvitaðir um að þetta gæti orðið erfitt. Við höldum okkur við þá taktík sem lagt var upp með og það skilaði okkur sigri að lokum.“

Það var mjög sterkt að enda leikinn svona vel,“ sagði Beckham en helstu tíðindi leiksins voru þau að Wayne Rooney spilaði síðasta hálf tímamann og leit ágætlega út.

„Hann er tilbúinn,“ sagði Beckham. „Hann þarf aðeins að fá að hreyfa sig og það var frábært að Eriksson skyldi nota hann í dag. Wayne á eftir að nýttast okkur vel í þessu móti.“

henry@frettabladid.is

Leikmenn Brasilú koma hinum marggagnrýnda Ronaldo til varnar:

## Við stöndum allir með Ronaldo

**FÓTBOLTI** Gilberto Silva, miðjumaður Arsenal og brasilíska landsliðsins, hefur komið félaga sínum Ronaldo til varnar en sóknarmaðurinn hefur verið harðlega gagnrýndur að undanförunu. Meira að segja forseti Brasilú lét þau orð falla að Ronaldo væri feitur, en það sýndi síðan afsökunar á ummælunum og dró þau til baka.

Hvað sem því líður er Ronaldo alls ekki í góðu formi og hafa fjölmiðlar í Brasilú, og meira að segja mótherjar hans, gagnrýnt hann mikið fyrir leikinn gegn Króatíu. Ronaldo var reyndar fluttur á sjúkrahús í gær þegar hann kvartaði undan svima og höfuðverk. Í lagi reyndist þó með sóknarmanninn, sem æfði eðlilega í gær.

„Þetta gerðist líka á síðasta HM þegar fólk sagði að hann gæti ekki spilað. Hann endaði keppnina sem markahæsti leikmaðurinn og við



RONALDO Átti mjög slakan leik gegn Króatíu og sést hér á leið út af vellinum. NORDICPHOTOS/AFP

urðum heimsmeistararar. Hann vill sýna hvað í honum býr á nýjan leik. Við erum hérna til að hjálpa

honum að bæta sig þar sem þetta er ekki bara hann heldur liðið. Við eru ellefu leikmenn auk varamannanna og ef einn okkar þarf hjálp þá erum við allir til staðar,“ sagði Gilberto en auk hans hefur Kaká einnig komið Ronaldo til varnar.

Brasilía leikur næst við Ástralíu og hefur Carlos Alberto Parreira lofað Ronaldo sæti í byrjunarliðinu. Lucas Neill, varnarmaður Ástralíu, segir þó að ekkert sé að marka fyrsta leikinn þegar Ronaldo er annars vegar. „Hann er alltaf hettulegur, allir leikmenn brasilíska liðsins geta unnið leiki upp á eigin spýtur og hann er þar engin undantekning. Við munum sýna honum þá virðingu sem hann á skilið, en ekki of mikla. Hann hefur verið gagnrýndur mikið og á eflaust eftir að koma harðakveðinn í leikinn gegn okkur,“ sagði Neill um Ronaldo.

- hþ



GAMAN HJÁ ÞJÓÐVERJUM Arne Friedrich og Philipp Lahm leiddist svo sannarlega ekki í borðtennis í Þýskalandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Englandsmeistarar Chelsea:

## Vilja kaupa Philipp Lahm

**FÓTBOLTI** Dagblaðið Bild í Þýskalandi greindi frá því í gær að Englandsmeistarar Chelsea hefðu hug á því að kaupa Philipp Lahm, landsliðsmann Þjóðverja. Lahm átti frábæran leik gegn Kosta Ríka í opunarleik HM og skoraði þar glæsilegt mark en hann leikur með Bayern München.

„Heimsmeistaramótið í heimalandi mínu er það eina sem ég hef áhuga á núna. Ég er ekkert að hugsa um hvað gerist eftir keppnina,“ sagði Lahm spurður um áhuga sinn á því að fara til Chelsea en Bild greinir frá því að enska félagið sé tilbúið að greiða 10,25 milljónir punda fyrir þjónustu hans.

Chelsea hefur einnig verið orðað við Roberto Carlos en Karl Hopfner, stjórnarformaður Bayern, sagðist ekki vilja selja Lahm. „Við viljum alls ekki selja hann. Við þurfum á honum að halda,“ sagði Hopfner.

- hþ

Hitzlsperger um þýska liðið:

## Höfum mjög öflugan liðsheild

**FÓTBOLTI** Thomas Hitzlsperger, leikmaður þýska landsliðsins, segir að liðið sé meira en bara Michael Ballack. „Hann er frábær leikmaður og ekki að ástæðulausu sem Chelsea fékk hann til sín. En ekki vanmeta liðið, þessi íþrótt snýst ekki bara um einn leikmann,“ sagði Hitzlsperger.

- egm



A-riðill:

| EKVADOR-KOSTA RÍKA  | 3-0 |
|---|-----|
| 1-0 Carlos Tenorio (8), 2-0 Augustin Delgado (54), 3-0 Kaviedes (90). |     |

STAÐAN:

| EKVADOR    | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-0 | 6 |
|------------|---|---|---|---|-----|---|
| ÞÝSKALAND  | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-2 | 6 |
| PÓLLAND    | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-3 | 0 |
| KOSTA RÍKA | 2 | 0 | 0 | 2 | 2-7 | 0 |

B-riðill:

| ENGLAND-TRÍNIDAD OG TÓBAGÓ                 | 2-0 |
|--|-----|
| 1-0 Peter Crouch (82), 2-0 Gerrard (90+1). |     |
| SVÍÐJÓÐ-PARAGVÆ                            | 1-0 |
| 1-0 Fredrik Ljungberg (89).                |     |

STAÐAN:

| ENGLAND  | 2 | 2 | 0 | 0 | 3-0 | 6 |
|----------|---|---|---|---|-----|---|
| SVÍÐJÓÐ  | 2 | 1 | 1 | 0 | 1-0 | 4 |
| TRÍNIDAD | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-2 | 1 |
| PARAGVÆ  | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-1 | 1 |

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

13 14 15 16 17 18 19

Föstudagur

■ SJÓNVARP

- 12.30 HM stúdíó á Sýn.
- 12.50 HM á Sýn. Bein útsending frá leik Argentínu og Serbíu í C-riðli.
- 15.00 HM stúdíó á Sýn.
- 15.50 HM á Sýn. Bein útsending frá leik Hollands og Fílabæisstrandarinnar í C-riðli.
- 18.00 HM stúdíó á Sýn.
- 18.50 HM á Sýn. Bein útsending frá leik Mexíkó og Angóla í B-riðli.
- 21.00 4-4-2 á Sýn.
- 22.00 PGA meistaramótið á Sýn. Útsending frá mótinu.

Margar gerðir af

# Ijósum!

**RAF SÓL**

Skipholti 33 • 105 Reykjavík  
Sími 553 5600 • www.rafsol.is  
rafsol@rafsol.is



# VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

*Éimárit*



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ  
Í ÁSKRIFT MED  
**30% AFSLÆTTI**  
Á AÐEINS **489 KR.**  
EINTAKIÐ OG FÁÐU  
VEGLEGA GJÖF  
Í KAUPBÆTI



## GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partíjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaíbúð í 101 Reykjavík

Það stóð tæpt þegar KR vann verðskuldaðan sigur á Víkingum í gærkvöldi:

## Sorglegur endir fyrir Ingvar

**FÓTBOLTI** Ingvar Kale, markmaður Víkinga, átti frábæran leik fyrir Víkinga í Landsbankadeild karla í gærkvöldi gegn KR, en afdrifarík mistök hans á 93. mínútu kostuðu Víkinga stig í leiknum. Ingvar varði frábælega hvað eftir annað en sló stungusendingu í fætturna á Sigmundi Kristjánssyni, sem þakkaði pent fyrir sig og tryggði KR öll stigin í viðbótartíma við mikinn fögnuð heimamanna.

„Þetta var grátlegur endir. Ég veit varla hvað ég á að segja, ég gerði mistök undir lokin en svona er fótboltinn, því miður. Við vorum einum fleiri í hálf tíma og áttum að nýta færin. Við áttum meira skilið en þetta, þeir björguðu tvisvar á

línu en við eigum meira inni en þetta,“ sagði Ingvar, sem sparkaði niður auglýsingaskilti í bræði sinni eftir leikinn.

KR átti sigurinn þó skilinn í leiknum en ljóst er að markabúrrö liðsins er til vandræða. Sóknarleikur liðsins var þó með ágætum en það hefur verið í erfiðleikum með að klára færin. „Þetta hefur verið saga okkar í sumar, að eiga fullt af góðum færum en ná ekki að koma boltanum í netið. Það er algjör synd því við hefðum alveg getað skorað fimm mörk í þessum leik,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, eftir leikinn en hann fagnaði sem óður maður á hliðarlínunni eftir að Jóhannes Val-

geirsson flautaði til leiksloka.

„Það var jafnræði með liðunum til að byrja með en síðan áttum við leikinn. Markmaður þeirra átti frábæran leik og bjargaði þeim hvað eftir annað en mér fannst sigur okkar sanngjarn í meira lagi,“ bætti Teitur við og hafði rétt fyrir sér, en Víkingar sóttu lítið sem ekkert í síðari hálfleik. Besta færi þeirra þá kom úr aukaspyrnu eftir að Gunnlaugur Jónsson braut á Jóni Guðbrandssyni sem sloppinn var einn inn fyrir. Gunnlaugur fékk réttilega rautt spjald fyrir vikið en ef KR-ingar ætla sér að vera í toppbaráttunni verða þeir að finna mann til að klára dauða-færin sín.

- hph



KOMUST LÍTT ÁLEÐIS Víktor Bjarki, langbesti maður Víkinga í sumar, komst hvorki lönd né strönd í gær gegn sterki vörn KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Þolinmóðir FH-ingar sýndu mátt sinn gegn Eyjapeyjum

Prátt fyrir að FH hafi lent undir eftir rúmlega þrjátíu sekúndna leik átti ÍBV aldrei möguleika gegn þolinmóðum FH-ingum. Gott sjálfstraust leikmanna FH skipti sköpum eftir því sem leið á leikinn.

**FÓTBOLTI** FH vann ÍBV verðskuldað með þremur mörkum gegn einu í gærkvöld á heimavelli sínum. Hrafn Davíðsson, markvörður ÍBV, átti góðan leik þar sem hvert skotið á færur öðru dundi á marki ÍBV.

Eftir þrjátíu sekúndna leik vann Atli Jóhannsson, leikmaður ÍBV, boltann fyrir framan vítateig FH og sendi á Pétur Runólfsson, sem kláraði færið vel með því að skjóta yfir Daða Lárusson markvörð FH, sem virtist óviðbúinn þessar skjótu sókn svo snemma leiks. ÍBV var því komið yfir, eftir rúmar 35 sekúndur.

FH-ingar komust ekki almennilega inn í leikinn fyrr en eftir tíu mínútur í fyrri hálfleik en smám saman fóru sóknir þeirra að þyngjast. Leikmenn ÍBV bökkuðu full mikið eftir að hafa skorað, sem olli því að FH náði góðum tókum á leiknum.

Atli Viðar Björnsson, sem átti skínandi góðan leik, lét tvisvar til sín taka á fyrstu tuttugu mínútunum en Hrafn Davíðsson sá við honum í bæði skiptin.

Eftir 32 mínútna leik tókst honum að jafna metin með skoti úr teignum. Slakur varnarleikur leikmanna ÍBV gaf Atla Viðari tíma til þess að skjóta tvisvar á markið að stuttu færi, og inn fór boltinn í seinna skotinu.

Í seinni hálfleik komu Íslandsmeistarar FH grimmir til leiks. Á 59. mínútu skoraði Atli Viðar sitt annað mark eftir góða sendingu frá Frey Bjarnasyni. Aftur gerðu varnarmenn ÍBV sig seka um að skilja Atla Viðar eftir aleinan í teignum og ekki var að sökum að spyrja, FH komið með yfirhöndina.

Eftir þetta var sem allur vindur væri úr Eyjamönnum. FH-ingar



SIÐHEITUR Dalvíkingurinn Atli Viðar Björnsson fór á kostum í Krikanum í gær og skoraði tvö mörk.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

voru öruggir í sínum aðgerðum og áttu ekki í erfiðleikum með að byggja upp góðar sóknir sem flestar hverjar enduðu með góðum sendingum fyrir markið.

Varamaðurinn Hermann Albertsson var ekki búinn að vera í nema tvær mínútur inni á vellinum þegar hann bætti við þriðja marki FH í leiknum, eftir einu mistök Hrafns Davíðssonar í leiknum. Illa tímasett úthlaup

hans færði Hermann boltann á silfurfat fyrir framan mark ÍBV.

Ljóst er að FH-ingar ætla sér ekki að gefa neitt eftir í toppbaráttunni. Þeir voru öruggir og sýndu þolgæði eftir að hafa lent undir eftir 35 sekúndna leik.

En varnarleikur ÍBV, og reyndar sóknarleikurinn líka, verður að batna ef liðið ætlar sér að gera góða hluti það sem eftir lifir af Íslandsmótinu.

- mh

Atli Sveinn Þórarinnsson, fyrirlíði Valsmanna, eftir 1-1 jafntefli gegn Grindavík í Landsbankadeild karla í gær:

## Mistök mín kostuðu okkur tvö stig

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar gerðu í gær þriðja jafnteflið sitt í röð Landsbankadeild karla, nú 1-1 við Valsmenn á heimavelli í leik þar sem gestirnir frá Hlíðarenda fóru illa með fjölda góðra færa til þess að tryggja sér öll stigin þrjú.

„Þeir fá ókeypis mark í byrjun eftir klúður frá mér. Ég tek það alveg á mig. Það er bara svona dýrt að gera slík mistök og það kostaði okkur tvö stig í dag. Ef ég hefði ekki gert þessi mistök hefðum við tekið þennan leik,“ sagði Atli Sveinn Þórarinnsson, fyrirlíði Valsmanna, eftir leik. Atli Sveinn spilaði vel í Valsvörninni þrátt fyrir mistökina og sýndi mikinn

karakter með því að taka alla ábyrgð á þeim. Markið umrædda skoraði Jóhann Þórhallsson í upphafi leiks og var það dæmigert mark hjá Grindavík í sumar. Valsmenn voru búnir að vera í stórsókn en litu aðeins af Jóhanni, sem fékk frábæra langa sendingu frá Ray Anthony Jónssyni og skoraði langþráð mark en var ekki búinn að skora í 320 mínútur eftir að hafa sett fjögur mörk í fyrstu þremur leikjum sumarsins. Valsmönnum tókst að jafna með marki frá Matthíasi Guðmundssyni en sigurmarkið leit aldrei dagsins ljós.

„Við getum verið ánægðir með

að hafa ekki tapað þessum leik og það er mjög jákvætt að vera búinn að spila fimm leiki í röð án þess að tapa,“ sagði besti maður vallarins, Colin Stewart, markvörður Grindavíkur, rétt áður en Sigurður Jónsson, þjálfari liðsins, skipaði honum að hætta viðtalnu og fara inn í klefa. Sigurður var augljóslega ekki ánægður með sína menn en gat þó þakkað þessum snjalla Skota að liðið fékk þó stig út úr leiknum.

- ooj

GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON Náði ekki að skora í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Kaplakríkavöllur. Áhorf: 1172 Magnús Þórisson (5)

0-1 Pétur Runólfsson (1.)  
1-1 Atli Viðar Björnsson (32.)  
2-1 Atli Viðar Björnsson (59.)  
3-1 Hermann Albertsson (61.)

### TÖLFRÆÐIN

|                     |                  |
|---------------------|------------------|
| Skot (á mark)       | 13-9 (12-4)      |
| Varin skot          | Daði 3 - Hrafn 9 |
| Horn                | 10-3             |
| Aukaspyrnur fengnar | 12-14            |
| Rangstöður          | 4-2              |

| FH 4-3-3            | ÍBV 4-5-1        |
|---------------------|------------------|
| Daði                | Hrafn            |
| Freyr               | Páll Hjarðar     |
| Ármann Smári        | (85. Lundbye)    |
| Ásgeir Gunnar       | Vorenkamp        |
| Heimir Snær         | Jonah Long       |
| Sigurvin            | Matt Garner      |
| (59. Hermann Alb.)  | Andri Ólaf.      |
| Baldur Bett         | Andrew Mwesigwa  |
| David Þór           | Pétur Runólf.    |
| Tryggvi Guðm.       | (82. Ingi Rafn)  |
| (72. Matthías Vil.) | Bjarni Geir      |
| Ólafur Páll         | (72. Sævar Eyj.) |
| (82. Atli Guðnas.)  | Atli Jóhann.     |
| *Atli Viðar         | Ulrik Dröst      |

\*Maður leiksins



Grindavíkurvöl. Áhorf: 624 Ólafur Ragnarsson (6)

1-0 Jóhann Þórhallsson (13.)  
1-1 Matthías Guðmundsson (68.)

### TÖLFRÆÐIN

|                     |                     |
|---------------------|---------------------|
| Skot (á mark)       | 13-17 (5-8)         |
| Varin skot          | Colin 7 - Kjartan 4 |
| Horn                | 6-3                 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18-20               |
| Rangstöður          | 1-3                 |

| GRINDAVÍK 4-4-2      | VALUR 4-4-2       |
|----------------------|-------------------|
| *Colin Stewart       | Kjartan Sturlu.   |
| Ray Antony           | Steinþór Gíslason |
| Óðinn                | (60. Ari Freyr)   |
| David Hannah         | Barry Smith       |
| (16. Kristján Vald.) | Atli Sveinn       |
| Andri Steinn         | Birkir Már        |
| (81. Orri Freyr)     | Matthías Guðm.    |
| Eysteinn Húni        | Kristinn Hafliða. |
| Paul McShane         | Pálmí Rafn        |
| Jóhann Helgason      | Baldur Ingimar    |
| Óskar Örn Hauks.     | (72. Spangsborg)  |
| (75. Ahandour)       | Guðmundur Ben.    |
| Óli Stefán           | Garðar Gunnlaugs. |
| Jóhann Þórhalls.     |                   |

\*Maður leiksins



LANDSBANKAÐEILDIN



MARK Ljungberg fagnar hér marki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/HJALT

Tæpt hjá Svíum:

## Ljungberg til bjargar

**FÓTBOLTI** Það tók Svía tæplega 180 mínútur að koma boltanum inn fyrir línuna á HM. Það gerði Fredrik Ljungberg, leikmaður Arsenal, á 89. mínútu gegn Paragvæ í gær með skalla en flestir Svíar voru eflaust búnir að setta sig við jafntefli þegar markið langþráða loksins kom.

Fyrir vikið eru Svíar í fínri stöðu fyrir lokaumferðina í B-riðli en þeir hefðu annars orðið að sigra England til að komast áfram í sextán liða úrslit. Tap gegn Englendingum gæti samt komið liðinu áfram ef Trínidad skyldi ekki takast að leggja Paragvæ en jafntefli gulltryggir sæti Svianna meðal þeirra sextán síðustu. - hbg



Akranesv.. Áhorf: 1173 Kristinn Jakobsson (6)

0-1 Nenad Zivanovic (63.)  
1-1 Bjarni Guðjónsson (65.)  
2-1 Ellert Jón Björnsson (75.)

**TÖLFRÆÐIN**

|                     |                      |
|---------------------|----------------------|
| Skot (á mark)       | 9-12 (5-4)           |
| Varin skot          | Bjarki 3 – Hjörvar 3 |
| Horn                | 1-1                  |
| Aukaspjrnur fengnar | 16-15                |
| Rangstöður          | 6-1                  |

| ÍA 4-3-3                                    | BREIÐAB. 4-5-1         |
|---|------------------------|
| Bjarki Freyr 7                              | Hjörvar 6              |
| Guðm. Böðvar 6                              | Árni Kristinn 6        |
| Heimir Finars 7                             | Zivanovic 7            |
| Árni Thor 8 (85. Arnór Sveinn -)            |                        |
| Guðjón Heiðar 6                             | Haaland 5              |
| (73. Arnar Már -)                           | Magnús Páll 6          |
| Jón Vilhelm 4                               | Oliver Risser 6        |
| (60. Andri Júl. 6)                          | Olgeir 6               |
| Pálmi Haralds 6                             | Kristján Óli 6         |
| <b>*Bjarni Guðjóns. 8</b> (85. Podzemsky -) |                        |
| Igor Pesic 6                                | Steinþór Freyr 6       |
| Ellert Jón 7                                | Gasic 6                |
| Arnar Gunnlaugs 5                           | Marel Baldvins 7       |
| (60. Bjarki Gunnl. 6)                       | <i>*Maður leiksins</i> |



KR-völlur. Áhorf: 1028 Jóhannes Valgeirsson (3)

1-0 Sigmundur Kristjánsson (90.+3)

**TÖLFRÆÐIN**

|                     |                        |
|---------------------|------------------------|
| Skot (á mark)       | 18-9 (12-5)            |
| Varin skot          | Kristján 5 – Ingvar 10 |
| Horn                | 5-2                    |
| Aukaspjrnur fengnar | 15-19                  |
| Rangstöður          | 2-5                    |

| KR 4-4-2                                       | VÍKINGUR 4-4-2         |
|--|------------------------|
| Kristján Finnboga 7                            | Ingvar Kale 8          |
| Vígfús Arnar 7                                 | Höskuldur Eir. 7       |
| Tryggvi Sveinn 7                               | Milos Glogovac 5       |
| Gunnlaugur Jóns. 7                             | Grétar Sigfinnur 7     |
| Gunnar Finars 4                                | Valur Úlfars 4         |
| Guðm. Reynir 4                                 | Arnar Jón 6            |
| (74. Björgólfur -)                             | Jón Guðbrands. 5       |
| Bjarnólfur Lár. 6                              | Jökull Elisabetar. 6   |
| Dalibor Pauletic 6                             | Hörður Bjarna. 4       |
| <b>*Sigmundur Krist. 8</b> (74. Stefán Kári -) |                        |
| Rógví Jacobsen 3                               | Víktor Bjarki 7        |
| Grétar Ólafur 8                                | Davíð Þór 5            |
| (84. Gunni Kristj. -)                          | <i>*Maður leiksins</i> |

**STADAN Í LANDSBANKAEILDINNI:**

|               |   |   |   |   |       |    |
|---------------|---|---|---|---|-------|----|
| 1. FH         | 7 | 6 | 1 | 0 | 15:5  | 19 |
| 2. KR         | 7 | 4 | 0 | 3 | 7:11  | 12 |
| 3. VÍKINGUR   | 7 | 3 | 1 | 3 | 9:7   | 10 |
| 4. VALUR      | 7 | 3 | 1 | 3 | 11:10 | 10 |
| 5. GRINDAVÍK  | 7 | 2 | 4 | 1 | 9:8   | 10 |
| 6. FYLKIR     | 6 | 3 | 0 | 3 | 7:7   | 9  |
| 7. KEFLAVÍK   | 6 | 2 | 1 | 3 | 8:7   | 7  |
| 8. BREIÐABLIK | 7 | 2 | 1 | 4 | 13:15 | 7  |
| 9. ÍBV        | 7 | 2 | 1 | 4 | 6:12  | 7  |
| 10. ÍA        | 7 | 2 | 0 | 5 | 8:11  | 6  |

Skagamenn hirtu öll stigin gegn Blikum í Landsbankadeild karla í knattspyrnu á Akranesi í gærkvöldi:

# Enn gloprar Breiðablik niður forystu

**FÓTBOLTI** „Það er mikill léttir að fá þrjú stig í dag. Mér fannst við vera skárri liðið áður en þeir skorðu en við náðum sem betur fer að jafna fljótt. Svo skoraði Bjarni þetta stórglæsilega mark, langt síðan maður hefur séð svona tilbrif hérna. Í rauninni vorum við



SÁTTUR Ólafur Þórðarson var líflægur á hliðarlínunni í gærkvöldi eins og venjulega, en getur ekki verið annað en sáttur með stigin. FRÉTTABLAÐIÐ/HJALT

klaufar að ná ekki að bæta við fleiri mörkum,“ sagði Ólafur Þórðarson, kampakátur eftir að ÍA vann 2-1 sigur á heimavelli gegn Breiðablik. Þetta var annar sigur Skagamanna í röð og þeirra fyrstu stig á heimavelli í sumar.

Fyrri hálfleikur var frekar rólegur og lítið sem gladdi augað. Bæði lið fengu þó sín færi, Jón Vilhelm Ákason það besta fyrir heimamenn en skot hans fór framhjá og Nenad Zivanovic átti bestu tilraun Breiðablíks en Bjarki varði skot hans. Skagamenn voru hættulegir á lokakaflanum fyrir hlé en ekki tókst þeim að skora.

Seinni hálfleikur var þó mjög fjórlegur og skemmtilegur, alla vega eftir að Zivanovic kom Blikum yfir með marki sem var kannski ekki fallett en taldi þó. Hann skoraði úr þröngu færi, Bjarki var í boltanum en kom engum vörnum við. Eftir þetta vöknudu Skagamenn og voru ekki lengi að ná að jafna metin. Það var Bjarni Guðjónsson sem skoraði hreint út sagt stórglæsilegt mark en augnabliki áður misnotaði Bjarki Gunnlaugsson dauðafæri.

Blikum hefur gengið erfiðlega að halda forystu og það sama var



BARÁTTA UM BOLTANN Leikurinn á Akranesi í gær var ekki mikið fyrir augað, eins og gerist svo oft þegar baráttan er í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/HJALT

uppi á teningnum í þetta skipti, Ellert Jón Björnsson heldur uppteknum hætti og skoraði hann sigurmarkið eftir fyrirgjöf varmannsins Arnars Más Guðjónssonar. Bæði lið fengu góð færi eftir þetta, Hjörvar Hafliðason varði vel eftir að Andri Júlíusson hafði sloppið einn í gegn og þá vildu gestirnir fá dæmda hendi

innan teigs og þar með víta-spyrnu.

„Þetta er alveg hræðilegt, við gloprum niður forystu enn og aftur. Það virðist vera það versta sem getur komið fyrir okkur að ná að skora mark! Við spiludum vel og börðumst vel en klúðruðum þessu síðan sjálfir,“ sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Blika. - egm

LITUR VEL ÚT

## SANTA FE

Official Partner

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíl í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fagaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.

### NJÓTTU ATHYGLINNAR!

# NÝR SANTA FE

Með bílinn handa þér

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I may be a bastard, but I'm not a fuckin' bastard.“

Svar: Seth úr kvikmyndinni From Dusk Till Dawn árið 1996.

# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON KYNNTIST ROBINSON-FJÖLSKYLDUNNI

### Illa farið með góða uppskrift

Fair komast með tærnar þar sem Bretar hafa hafa hælana þegar kemur að góðu gríni og eru þeir jafnan í essinu sínu þegar húmorinn er þeim mun dekkri. Þar með er ekki sagt að allt sem þaðan kemur hljóti að vera gott.

Á dagskrá Stöðvar tvö eru gamanþættirnir um Robinson-fjölskylduna, sem eins og í öllum almennilegum gamanþáttum er léttgæggjuð (lumar einhver á góðri þýðingu á enska orðinu „dysfunctional“ í þessu samhengi?). Við fyrstu sýn lofuðu þættirnir góðu; húmorinn er svartur, persónugallerið lítríkt og leikararnir ágætir. Í stuttu máli fjalla þættirnir um tryggingasalann Ed Robinson, sem er sjálf sagt sá eini „eðlilegi“, en hefur fengið sig fullsaddan af hundleiðinlegri tilveru sinni og starfi. Hann reynir að vanda kvæði sínu í kross en það er hægara sagt en gert. Bróðir hans er skipulagssérfræðingur með þráhyggju gagnvart stundaskrárum en systir þeirra er misheppnaður listamaður. Breyskleika þeirra má skrifa á að foreldrar þeirra eru undarlegir og þar af leiðandi uppeldið.

Uppskriftin hljómar vel en hefði sennilega þurft að fá að malla aðeins lengur, því þátturinn er ekki jafn vel heppnaður og hann hefði getað orðið. Martin Freeman, sem leikur Ed, endurtekur rulluna sem

gerði hann frægan í The Office, og bætir engu við. Restin af fjölskyldunni er svo einfaldlega ekki nógu skemmtileg til að bera þáttinn uppi. En ágæt tilraun.

Stöð tvö fær hins vegar hrós og skómm í hattinn í sömu andrá fyrir annað. Hrósið fær hún fyrir að sýna bandarísku gamanþættina Arrested Development fyrr í vetur; þættirnir fara langleiðina með það að slá út The Office (þó ekki alveg alla leið). Skammirnar fær hún fyrir að vera ekki löngu byrjuð að sýna aðra seríu. Vilji þið bæta úr því sem allra fyrst, takk.



20.05  
Verðlaun

GRÍMAN 2006

SJÓNVARPIÐ



22.05  
Spenna

LADDER 49

NFS

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 Alf 10.45 My Wife and Kids 11.05 Það var lagið



20.30  
Gaman

STACKED

SIRKUS TV



21.30  
Veruleiki

THE BACHELORETTE

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)



21.10  
Skýringar

48 HOURS

NFS

7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 11.40 Brot úr dagskrá

16.50 Fótþakvöld 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Ævintýri H.C. Andersen (15:26)

18.30 Ungar ofurhetjur (9:26) (Teen Titans II) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

► 20.05 Gríman 2006 Bein útsending frá afhendingu íslensku leiklistarverðlaunanna í Borgarleikhúsinu. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.

22.10 Skotheldur munkur (Bulletproof Monk) Bandarísk spennumynd frá 2003 byggð á teiknimyndasögu um tibetskan munk sem tekur að sér götuþrák og kennir honum um eitt og annað. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

23.55 Glatað minni 2.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Kóngur um stund 13.55 Blue Collar TV 14.20 Punk'd 14.45 Entourage 15.10 Arrested Development 15.35 George Lopez 16.00 Nýja vonda nomin 16.20 Skrímslasplið 16.40 Scooby Doo 17.00 Bold and the Beautiful 17.22 Neighbours 17.47 Simpsons

18.12 Íþróttfréttir 18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.40 Mr. Bean (Herra Bean) 20.05 Simpsons (20:21) 20.30 Two and a Half Men (11:24) (Tveir og hálfur maður) 20.55 Stelpurnar (21:24) 21.20 Beauty and the Geek 2 (3:9) (Fríða og nördinn 2) Hvað gerist þegar ljóskurnar og nördarnir sameina krafta sína? ► 22.05 Ladder 49 (Barist við elda) Dramatísk og spennandi stórmynd með John Travolta og Golden Globe-verðlaunahafanum Joaquin Phoenix í hlutverki slökkviliðsmanna sem helgað hafa líf sitt bæráttunni gegn eldinum. Bönnuð börnum.

23.55 Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring (Bönnuð börnum) 2.50 Western 4.50 Simpsons (20:21) 5.15 Fréttir og Ísland í dag 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Fashion Television (e) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tiskuheiminum í dag. 20.00 Þrándur bloggar (1:5) ► 20.30 Stacked (1:13) (e) (Nobody Says I Love You) Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partium og lélegu vali á karlmönnum. Hún er staðráðin í því að breyta lífsstíl sínum. 21.00 Sailesh á Íslandi (e) Í þessum þáttum er sýnt það besta frá heimsóknum Sailesh til Íslands. Bönnuð börnum. 22.20 Supernatural (18:22) (e) (Something Wicked) Yfirmáttúrulegir þættir af bestu gerð. B. börnum.

23.10 X-Files (e) 0.00 Ravenous (e) (Stranglelega bönnuð börnum) 1.40 Sirkus RVK (e)

15.40 Völfi Snær (e) 16.10 Point Pleasant (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

19.00 Beverly Hills Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks. 19.45 Melrose Place Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place. 20.30 One Tree Hill Ungstirnir Chad Michael Murray fer með aðalhlutverk í þessum dramatísku unglinga- og fjölskylduþáttum. ► 21.30 The Bachelorette III Þriðja syrpa þessa vinsæla raunveruleikaþátta. Áhorfendur muna eflaust vel eftir Jennifer Scheff sem heillaði milljónaerfingjann Andrew Firestone upp úr skónum í þriðju þáttaröð The Bachelor á SkjáEinum. 22.30 Law & Order: Criminal Intent Bandarísk sakamála-seríu um sérsveit lögregluinnar í New York.

23.25 C.S.I.: Miami (e) 0.20 Boston Legal (e) 1.10 Close to Home (e) 2.00 Beverly Hills (e) 2.45 Melrose Place (e) 3.30 Tvöfaldur Jay Leno (e) 5.00 Östðvandi tónlist

12.00 Hádegisfréttir 12.12 Markaðurinn. 12.15 Íþróttfréttir. 12.20 Veðurfréttir. 12.28 Leiðarar dagblaða. 12.40 Hádegið – fréttaviðtal. 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin eftir hádegi 17.00 5fréttir 18.00 Kvöldfréttir / íþróttir / veður

19.00 Ísland í dag 19.40 Hrafnaþing e 20.00 Fréttayfirlit 20.20 Brot úr fréttavakt 20.30 Örlagadagurinn Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekktu og óþekktu, um stóra örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gjörbreytti lífi þeirra. Þátturinn er sýndur í opinri dagskrá, og einnig á NFS. 21.00 Fréttir ► 21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur. 22.00 Fréttir Fréttir og veður 22.30 Hrafnaþing (e)

23.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir 0.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.00 Fréttavaktin eftir hádegi 6.00 Hrafnaþing (e)

## BIÓ STÖÐ 2 BIÓ

6.00 The John F. Kennedy Jr Story 8.00 Rat Race 10.00 Tortilla Soup 12.00 Star Wars Episode II: The Attack of the Clones 14.20 The John F. Kennedy Jr Story 16.00 Rat Race 18.00 Tortilla Soup 20.00 Star Wars Episode II: The Attack of the Clones Stjórnuþráttir heldur áfram í þessari stórmynd sem sópaði til sín verðlaunum. Áratugur er liðinn frá því að Obi-Wan Kenobi og bardagahetjan heitin Qui-Gon Jinn ætluðu að bjarga heiminum. 22.20 A Guy Thing Rómantísk gamanmynd. Enginn

er hamingusamari en Paul Coleman. Hann er líka að fara að gifta sig eftir nokkra daga og lánið leikur við hann...eða alveg þangað til steggja-partíð hans fer úr böndunum. Aðalhlutverk: Jason Lee, Julia Stiles, Selma Blair. Bönnuð börnum. 0.00 League of Extraordinary Gentl (Bönnuð börnum) 2.00 Small Time Obsession (Bönnuð börnum) 4.00 A Guy Thing (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

11.30 Behind the Scenes 12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds 15.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 16.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 17.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Colin Farrell 20.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Wild On Tara 22.30 Wild On Tara 23.00 Sexiest 0.00 THS Colin Farrell 1.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 2.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns

## AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

www.minnsirkus.is/pipola



SIRKUS TV

# PIPÓLA

LEITIN AÐ NÆSTU SJÓNVARPSSTJÖRNUM ÍSLANDS STENDUR TIL 28. JÚNÍ.

Sirkus leitar að ungu hæfileikafólki til að stjórna spennandi sjónvarpsþætti í sumar. Stjórnendur Pípóla koma til með að upplifa hvernig ólíkir hópar fólks lífa lífinu í einn dag.

Ef þú ert ævintýragjörnn manneskja á aldrinum 16-33 ára og ert að leita að vel launaðri vinnu í 2 mánuði í sumar, þá skráir þú þig á minnsirkus.is, tekur þátt í Pípóla-samfélaginu og sækir þar um. Gríptu tækifærið og vertu með í mest spennandi viðburði sumarsins!

**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

**Ravenous** **Sirkus kl. 00.00**

**Af morðum og mannáti**

Höfuðsmaðurinn John Boyd er hækkaður í tign fyrir hetjudáð. Síðar uppgötvast að hann reyndist algjör bleyða á örlagastundu og er því sendur í herbúðir fyrir helstu úrhrök hersins. Skoskur flækingur kemur til herbúða Boyds og segir óhugnanlega sögu af leiðangri sem endaði með morðum og mannáti en óhugnaðinum er ekki lokið enn. Aðalhlutverk leika Jeffrey Jones, Guy Pearce og Robert Carlyle. Antonia Bird leikstýrir.



**HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í SPILIN**



*Heimir Guðjónsson*

- **C-riðill**  
**Argentína - Serbía & Svartfjallaland kl. 13**  
2-1  
Léttleiki Argentinumanna ber sigurorð af skipulagi Serba og Svartfellinga, Crespo skorar potmark og Riquelme setur hann beint úr aukaspyrnu.
- **C-riðill**  
**Holland - Fílabeinsströndin kl. 16**  
3-3  
Einn af leikjum keppinnar, sóknarleikur í fyrirrúmi og ég spái þessum 3-3 jafntefli.
- **D-riðill**  
**Mexíkó - Angóla kl. 19**  
2-1  
Angóla þarf að koma fram á völinn og Mexíkanar nýta sér það til hins ítrasta og vinna 2-1. Borgetti skorar með skalla og Marquez skorar með þrumuskoti úr aukaspyrnu.



▶ **12.50**  
**HM 2006**  
ARGENTÍNA – SERBÍA



7.45 NBA – úrslit 9.45 HM 2006 11.30 4 4 2

12.30 HM stúdíó  
▶ 12.50 HM 2006 15.00 HM stúdíó 15.50  
HM 2006 18.00 HM stúdíó

- 18.50 **HM 2006** (Mexíkó – Angóla) Bein útsending frá leik Mexíkó og Angóla í D-riðli á HM í Þýskalandi.
- 21.00 **4 4 2** (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar.
- 22.00 **US Open golfmótið 2006** (US Open 2006) Útsending frá opna bandaríska meistaramótinu í golfi sem er annað risamótið af fjórum á þessu ári. Á opna bandaríska eru brautirnar þröngar, karginn þykkur, flatirnar glerhálar og taugarnar þandar. Einu sinni á ári reyna bestu kylfingar heims að verja parið í stað þess að safna fuglum og það er sérstaða mótsins.

1.00 HM 2006 2.45 HM 2006

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.45 Veðurfregnir 6.50 Bæni 7.05 Morgunvaktin 9.05 Óskastundin 9.45 Morgunleikirnir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Úr minningabókum 11.03 Samfélagið í næmýnd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 13.00 Vilt og breitt 14.03 Útlarpssagan 14.30 Möðegistónar 15.03 Flakk 16.10 Veðurfregnir 16.13 Bassajöfur Norðursins: Heimsbassaleikarinn 17.03 Vöðja 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar 19.00 Litla flugan 19.40 Samfélagið í næmýnd 20.40 Kvöldtónar 21.00 Bryggjuball 21.55 Orð kvöldsins 22.10 Veðurfregnir 22.15 Músik og mas 23.00 Kvöldgestir

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarpíð 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.10 Næturvaktin

**BYLGJAN** FM 98,9

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ivar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ivar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

**AÐRAR STÖÐVAR**

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTLARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

gefðu þér góðan tíma – bruggaður úr íslensku byggi

Egils Premium er þróaður af einstökum metnaði, aðalsmerki Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar í heila öld. Framleiðsluferlið er lengra, bjórinn tvímeskjaður og gerjunin hægari, auk þess sem íslenskt bygg er notað í Egils Premium. Allt þetta skilar sér í sterkum karakter, aukinni mýkt og meiri fyllingu.

léttbjór



**HRÓSIÐ**

... fær Ari Matthíasson fyrir frábæra frammistöðu í fótboltauglýsingu Icelandair.

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

**LÁRÉTT 2** viðureign 6 óður 8 kæla 9 efni 11 klukkan 12 örðu 14 skemmtun 16 skammstöfuv 17 örn 18 trjátegund 20 hreyfing 21 er utar.

**LÓÐRÉTT 1** festa fætur 3 golf áhald 4 æpari 5 frosts kemmd 7 gunga 10 líða vel 13 angra 15 nudda 16 hláku 19 íþróttafélag.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2 átök, 6 ær, 8 ísa, 9 tau, 11 kl, 12 agnar, 14 gaman, 16 þe, 17 ar, 18 elk, 20 íð, 21 yti.  
 LÓÐRÉTT: 1 ræta, 3 tí, 4 óskrári, 5 kal, 7 raggeit, 10 una, 13 ama, 15 niða, 16 þey, 19 kr.

**VEISTU SVARID?**

Svör við spurningum á bls. 8

- 50 hrefnur.
- Camp Nou.
- Tom Hanks.

**allt**  
 ... sem þig vantar til að hefja nýtt líf  
**ÍSIR** NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKÁR Á VISIR.IS/ALLT

**REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST OF MIKIÐ AF HINU „GÓÐA“ AÐ BORGA PENNAN BRÚSA!**

**Helgarútgjöldin**

Fyrir ekki margt löngu var ég á árhátíð laganema og lenti á ansi skemmtilegu spjalli við skólasystur minar. Við fórum að tala um hversu eðlilegt það þykir núorðið að fara heim með einhverjum af djammunni og eiga hressilega nótt saman. Svo virðist sem í aldanna rás hafi það orðið eðlilegra með hverri helginni að eiga einnar nætur gaman. Það er einhvern veginn eins og fólk sé farið að tala um og höndla þetta mál sem sjálfsgöða og hversdagslega iðju. Mér finnst reyndar gott og blessað að allir eigi eina og eina slíka nótt til að lífa af erfiða tíma í ástarlífinu en mér finnst ekki alveg jafn sjálfsgött að stunda skynþykni af einbeitingu, ákafa og metnaði.

Ein skólasystir sagði mér frá því að hún hafi „slyst“ með einum heim eitt laugardagskvöldið. Það var sosomeg ekki neitt sérstaklega merkilegt, fannst henni, nema hvað að morguninn eftir var heldur athyglisverður. Þegar hún vaknaði og hafði áttað sig á staðháttum og að hún var ekki heima hjá sér stóð hún upp úr tómu rúminu og fann manninn á sólbekk úti á verönd. Þar lá hann og sólaði sig með fartölvuna í kjöltunni. Í tilraun til að kynnst örlítið manningnum á bakvið töffarann sem hún hafði kynnst kvöldið áður og átt heita nótt með settið hún við hlið hans. Þegar hún gerði sig líklega til að hefja kynnin greip hann fram í fyrir henni og spurði hvert reikningsnúmerið hennar væri. Hún sagði honum að henni þætti nú kannski fullgætt að hella sér í sameiginlegan fjárhag strax; væri ekki betra að fara á eins og eitt eða tvö

stefnumót fyrst. Þá sagði hann að hann ætlaði bara að leggja inn á hana 900 kall fyrir „eftiráþyllunni“.

Skiljanlega missti konan hökuna niður á kjöltu og gat ekki stunið upp einu orði af undrun yfir ósmekkleigheitum mannsins. Þá sagði hann henni að hann vildi bara gera sitt og fullvísa sig um að það yrðu ekki eftirmálar af nóttinni. Þvílíkur herramaður! Þegar hún áttaði sig á því hvað var að gerast sagði hún pent nei takk við millifærslunni. Þegar hún var komin í skóna og vinkonan beið fyrir utan að sækja hana rétti hann henni níu hundraðkalla og sagði: „Jæja, þá erum við alveg góð er það ekki?“ Hún tók klínkið og gekk út án þess að segja eitt orð. Hún ákvað þó að láta þetta ekki slá sig út af laginu eða missa allt álit á karlmönnum,

heldur skellti sér á Vegamót í þynnuhamborgara í boði herramannsins.

Við skólasysturnar misstum málið tímabundið en náðum þó að spyrja hana hvar hún hefði eiginlega grafið upp þetta mikla mannsfni!

Þótt það sé sjálfsgött að eiga eina og eina svona nótt verður að viðurkennast að þetta frjálslega viðmót er orðið allsvaklegt og aðeins of mikið af hinu „góða“!



**STUÐMENN: BIRGITTA HAUKDAL OG STEFÁN KARL MED Í FÖR**

**Valgeir Guðjónsson snýr aftur eftir langt hlé**

Hinn 17. júní hefja Stuðmenn sína árlegu landsyfirreið en fyrsti viðkomustaður verður höfuðstaður Norðurlands, Akureyri. Þetta hefur verið árviss viðburður hjá hljómsveitinni, sem nú birtist landsmönnum með heldur breyttu sniði. Eins og flestum ætti að vera kunnugt er Ragnhildur Gísladóttir endanlega hætt í hljómsveitinni og Hildur Vala Idol-stjarna getur ekki ferðast með þeim félögum líkt og hún gerði með góðum árangri fyrir ári síðan. Í hlutverki þessara stórsöngkvenna er þó engin aukvæði því Birgitta Haukdal mun kyrja öll helstu lögin ásamt Agli Ólafssyni.

Stóru tíðindin eru hins vegar þau að Valgeir Guðjónsson mun ferðast með þessari gömlu hljómsveit sinni sem hann sagði skilið við fyrir mörgum árum. „Þessi kjölfesta hljómsveitarinnar hefur ekki komið saman síðan 1984 þegar Ragnhildur Gísladóttir gekk til liðs við okkur“, segir Jakob Frímann Magnússon, hljómborðsleikari Stuðmanna. Auk Birgittu og Valgeirs ætla stórleikarinn Stefán Karl Stefánsson einnig að ferðast með sveitinni en hann er staddur á landinu við upptökur á Latabæ en er annars búsettur í Los Angeles. „Stefán hljóp í skarðið fyrir Egil þegar við fórum til Danmerkur og



BIRGITTA HAUKDAL Fyllir það skarð sem Ragnhildur Gísladóttir og Hildur Vala skildu eftir sig.

stóð sig með stakri þrói,“ útskýrir Jakob þegar hann er inntur eftir veru leikarans. „Stefán er mikill tónlistarmaður og getur bæði spilað á trommur og píanó,“ bætir Jakob við. „Svo getur hann umbreytt sér í jafn fjölbreyttar persónur og Gylfa Ægis til Jónasar Jónassonar þannig í raun má

STEFÁN KARL Verður á ferð og flugi með Stuðmönnum auk þess sem hann tekur upp nýja þætti fyrir Latabæ.

segja að í honum höfum við fjórtán gestasöngvara,“ segir Jakob.

Stuðmenn eru því orðnir ansi stór hópur, í raun hálfgerður stuðflokkur, þótt Jakob vilji sem minnst tengja þessa sögufrægu hljómsveit við pólitíkina. „Við getum í það minnsta sagt að þetta sé fléttulisti í þremur efstu sætum,“ segir Jakob og hlær. „Annars hafa þessar breytingar orðið til þess að ferskir vindar blása um okkur og ný lög flæða fram,“ bætir hann við og segir að þeir muni jafnframt taka lög sem aldrei hafa verið flutt áður og setja þau í nýjan búning.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Mikla athygli vakti þegar Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að alheimsfegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmssdóttir** væri stódd á HM í knattspyrnu. Reuters-fréttastofan tók viðtal við Unni þar sem hún tjáði sig meðal annars um knattspyrnukappann **David Beckham**, hversu myndarlegur hann væri og glæsilegur. Unnur sagði þó í viðtalinu að hún hefði ekki áhuga á því að fara á stefnumót með Beckham, þar sem hún hefði engan áhuga á frægum mönnum. Í viðtalinu vakti sömuleiðis talsverða athygli að Unnur var sögð laus og líðug. Það passaði hreint ekki við nýlegar fréttir íslenskra fjölmiðla þar sem Unnur sagðist ástfangin og hamingjusöm í sambandi.

Það kom enda á daginn þegar Fréttablaðið náði tali af Unni sjálfri að fréttin var alröng, hún er ekki hætt með kærastanum sínum. Unnur sagði í samtali við Fréttablaðið að blaðamaður Reuters hefði spurtt hana hvort hún ætti kærasta. Hún hafi svarað því til að það væri hennar einkamálið sem hún vildi ekki ræða frekar. Unnur segist hafa svarað því játandi að erfitt væri að sinna sjálfri sér og einkalífinu þegar hún væri eins mikið á faraldsfæti og raun ber vitni. „Og hann hefur þá bara tekið sér það bessaleyfi að skrifa þessa grein og bæta því við að ég ætti ekki kærasta, sem er bara alrangt. Við **Sigurður Straumfjörð** erum ennþá saman og gengur bara voða vel,“ segir Unnur Birna.

Partí ársins í leiklistarheiminum verður í kvöld þegar Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, verður afhent. Stærstu nöfninum í leiklistarheiminum er gert að mæta í fordrykk í forsalhöll hússins klukkan 19 og sein útsending Sjónvarpsins úr partíinu hefst klukkan 19.30. Sjálf verðlaunaafhendingin hefst klukkan 20. Að henni lokinni verður opinn bar í forsalnum þar sem bjór verður seldur á „leikaraverði“ eins og það er kallað. Klukkan 22.30 hefst dansleikur á sama stað þar sem hljómsveitin Svíðsmenn leikur fyrir dansi, en hana skipa **Pálmí Sigurhjártarson** ásamt valinkunnum hljóðfæraleikurum og söngvurunum **Björgvíni Halldórssyni**, **Berglinni Björk** og **Ragga Bjarna**. Allir eru velkomnir á dansleikinn.



**Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, LAX, SKÖTUSELUR, KEILA OG FISKISPJÓT.**



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686  
 opið alla laugardaga 11-14

**Býst við heimsmeti í dag**

Keppnin Sterkasti maður Íslands hefst í dag og stendur yfir fram á sunnudag. Keppnin hefst í J-Hinriksson skemmtunni í dag þegar keppt verður í hnébeygju. Á morgun, 17. júní, verður trukka- dráttur í Vonarstræti og síðan verður drumbalyfta síðar um daginn í Mosfellsbæ. Keppninni lýkur í Húsdýragarðinum á sunnudaginn þegar keppt verður í fjórum greinum, þar á meðal Húsafellshelluburði og Herkúl-esarhaldi.

Tveir erlendir gestir munu taka þátt í keppninni. Annars vegar Don Pope frá Bandaríkjunum og hins vegar Ísraelinn Vladislav Alhazov sem er sterkasti hnébeygjaður heims. Á hann best 530 kg í djúpum hnébeygjum. Á meðal íslenskra keppenda verður Boris, öðru nafni Kristinn Ó. Haraldsson, sem á Íslandsmetið í hnébeygju, 563 kíló. Verður gaman að sjá ein-

vígi þessara kappa í dag. Þess má geta að Boris mun reyna við 180 kg í drumbalyftunni og fær væntanlega góðan stuðning áhorfenda til að ná því.

„Það verður pottþétt sett heimsmet í hnébeygjunni,“ segir Hjalti „Úrsus“ Árnason, skipuleggjandi keppinnar. Á hann von á skemmtilegu Íslandsmóti en eins og kunnugt er hefur hann átt í deilum við forsvarsmenn krafta- samtakanna IFSA að undanfórni.

Hjalti gefur lítið fyrir IFSA- Íslandsmótið sem var haldið á dögunum og segir að mótið sitt sé eina raunverulega keppnin um sterkasta mann Íslands, enda veiti sigur í mótinu þátttökurétt í keppninni Sterkasti maður heims.

BORIS Kristinn Ó. Haraldsson, sem keppir undir nafninu Boris, ætla að láta til sín taka í keppninni Sterkasti maður Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

BLENSKA AUGLYSINGASTOFNANNA.IS ICE 33121 06/2006



SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ OG JÚLÍ

## GLASGOW

Aðeins **18.900** kr.\*

SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ

## MANCHESTER

Aðeins **19.900** kr.\*

SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ OG JÚLÍ

## LONDON

Aðeins **20.900** kr.\*

+ Bókaðu á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is) – Munið 20% barnaafsláttinn.

NJÓTTU SUMARSINS Á NÝJUM STAÐ

## NETKLÚBBSTILBOÐ

Nánari upplýsingar á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Vildarpunktur

VISA

MasterCard Ferðaávisun gildir



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)

\*Gildir fyrir flug til og með 31. júlí 2006. Söluþímabil til og með 23. júní. Flug til Glasgow, London og Manchester gefur 3.000–7.600 Vildarpunkta. Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar. Tilboð gilda einungis þegar bókað er á Netinu. Takmarkað sætaframboð.



### BAKÞANKAR

STEINUNNAR  
STEFÁNSDÓTTUR

## Bleikir dagar alla daga

Kynjahlutföll nýja borgarstjórnarmeirihlutans í nefndir eru vægast sagt sérkennileg. Grípa þarf til þess að telja varmenn ásamt aðalmönnum til að meirihlutinn nái 40% hlut kvenna í nýskipuðum nefndum en þegar litið er á aðalmenn eingöngu eru konur rétt líðlega þriðjungur, já þriðjungur og árið er 2006.

**Í HINUM** fullkomna heimi skiptir kyn fólks kannski ekki máli þegar valið er til trúnaðarstarfa. Þá velst fólk af verðleikum og sjálfkrafa er það þannig að hlutfall kynja verður nokkurn veginn jafnt. En við lifum greinilega ekki í þessum fullkomna heimi. Öðru nær. Og stundum virðist nánast eins og það gleymist að jörðina byggja bæði karlar og konur. Dæmi um þetta hrópa á okkur dag hvern. Stjórnir fyrirtækja, æðstu embættismenn, andlitin sem birtast í fréttum blaða og ljósvakamiðla, hvort heldur sem er fréttafni eða álitsgjafar, alls staðar sjáum við karlmenn í miklum meirihluta eða jafnvel eingöngu.

**LENGI** vel hélt ég í einfaldni minni að sátt ríkti í samfélaginu um að breyta þessu. Á síðustu misserum hefur mér lærst að sú sátt nær ekki um allt samfélagið. Vissulega eru flestar konur sammála um að ástandið er ótækt, en ekki allar. Mjög margir karlmenn gera sér einnig grein fyrir þessu fíranlega ójafnvægi. Það er þó alveg furðulegt hversu margir karlar upplifa að að þeim sé vegið með jafnréttisbaráttunni og bregðast við henni með offorsi, jafnvel á opinberum vettvangi. Þó er krafan svo nauðaeinföld, að jafnræði gæti milli kynja.

**19. JÚNÍ** er á mánudaginn. Þá hvetja feministar til þess að við notum bleika litinn til að sýna þann hug að við viljum breyta samfélaginu í átt til jafnréttis. Það er ljóst að ekki veitir okkur konum af að sýna samstöðu. Við hljótum að vilja breyta. Og það er ótrúlega langt í land þótt ýmislegt hafi áunnist. En við hættum ekki fyrr en jafnrétti er náð. Þangað til verðum við að sýna hug okkar í verki, ekki bara með því að klæðast bleiku 19. júní, 24. október, 8. mars og aðra daga sem merktir hafa verið baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna, heldur með breytni okkar á allan hátt sem okkur er mögulega unnt hvern einasta einasta dag.

# ÞAU ERU KOMIN!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallegt **handklæði** í kaupbæti.

### Farðu í friið með fjármálin á þurru:

- **Kreditkort**
  - þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum.
- **Netbankinn**
  - yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum.
- **Reglulegur sparnaður**
  - leggðu drög að næsta fríi.
- **Greiðsluþjónusta**
  - láttu okkur sjá um að borga reikningana.

Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í útibúum Glitnis, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is)

GLITNIR

allt

... sem þig vantar í  
nýja húsnæðið

visir

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTU-  
SKRÁ Á VISIR.IS/ALLT